

2019-
2020

Ársskýrsla Grunnskólans á Ísafirði



Grunnskólinn á Ísafirði
Ársskýrsla
2019-2020

Contents

1. INNGANGUR.....	3
2. ÝMSAR UPPLÝSINGAR.....	6
STJÓRNENDUR GRUNNSKÓLANS Á ÍSAFIRÐI 2019-2020	6
NEFNDIR RÁÐ OG TEYMI 2019-2020	6
STJÓRNENDUR OG STARFSFÓLK GRUNNSKÓLANS Á ÍSAFIRÐI 2019-2020	8
NEMENDAFJÖLDI SKÓLAÁRÍÐ 2019-2020	10
FJÖLDI KENNSLUSTUNDA	10
SAMSTARF HEIMILIS OG SKÓLA	11
3. SKÝRSLUR UMSJÓNARKENNARA 1.-7. BEKKJA.....	12
1.BEKKUR.....	12
2. BEKKUR	15
3.BEKKUR.....	17
4.BEKKUR.....	20
5.BEKKUR.....	22
6.BEKKUR.....	25
7.BEKKUR.....	28
3. SKÝRSLUR UNGLINGASTIGS	32
SKÝRSLA DEILDARSTJÓRA UNGLINGASTIGS.....	32
8. BEKKUR	33
9.BEKKUR.....	37
10. BEKKUR	41
4. STÖÐPJÓNUSTA	45
NÁMSVER.....	47
ÍSLENSKA SEM ANNAD MÁL.....	47
PÓLSKA	48
COVID 19	48
PÓLSKA	48
SÉRKENNSLA OG ÍSAT.....	48
ÞROSKAÐJÁLFAFAR	53
NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF	54
5. SÉRGREINAR.....	54
HEIMILISFRÆÐI	54
DANS.....	57
ÍÞRÓTTIR	58
TEXTÍLMENNT.....	60
TÆKNIMENNT.....	61
ÝMSAR VALGREINAR	63
<i>Fablab.....</i>	<i>63</i>
<i>Slökun og hugleiðsla.....</i>	<i>64</i>
<i>Næringarfræði</i>	<i>64</i>
<i>Tæknilegó</i>	<i>65</i>
<i>Tækniráð.....</i>	<i>65</i>
<i>D&D (Drekar og dýflissur)</i>	<i>65</i>
<i>Ítalska</i>	<i>66</i>
<i>Næringarfræði</i>	<i>66</i>
6. FAGTEYMI.....	67
ÍSLENSKUTEYMI	67
TUNGUMÁLATEYMI.....	68
VINALÐATEYMI.....	69
UPPLÝSINGATÆKNI	69
NÁTTÚRU- OG STÆRÐFRÆÐITEYMI	70
UPPBYGGINGARTEYMI	70

7. ÝMSAR SKÝRSLUR.....	71
BÓKASAFN GRUNNSKÓLANS Á ÍSAFIRÐI.....	71
SKÓLARÁÐ.....	72
FJÁRHAGSÁÆTLUN SKÓLANS.....	72
STARFSMARKMIÐ 2019-2020.....	73
SAMRÆMD PRÓF.....	74
FORFÖLL NEMENDA.....	75
FORFÖLL STARFSFÓLKS.....	76
SAMSTARF GRUNNSKÓLANS OG LEIKSKÓLANNA.....	76
STARFSMANNASAMTÖL.....	76
AÐKEYPT ÞJÓNUSTA.....	76
SKRIFSTOFA GRUNNSKÓLANS Á ÍSAFIRÐI.....	77
8. SAMVINNA OG TENGLI VIÐ AÐILA UTAN SKÓLANS.....	78

1. Inngangur

Ársskýrsla Grunnskólans á Ísafirði (GÍ) kemur nú út í sautjándi skipti. Sumarið 2004 var fyrstu skýrslu um skólahald GÍ skilað til Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar og fræðslunefndar. Tilgangurinn með ritun hennar er að halda til haga helstu upplýsingum um starfsemi nýliðins skólaárs. Henni er dreift til stjórnar foreldrafélagsins, nemendaráðs, Skóla- og tómstundasviðs Ísafjarðarbæjar, fræðslunefndar, bókasafns skólans og stjórnenda skólans. Skýrslan liggur frammi á kaffistofu starfsfólks GÍ og er vistuð á heimasíðu skólans <http://grisa.isafjordur.is>

Skýrslan er sett saman með það í huga að gefa upplýsingar um allt það góða og fjölbreytta starf sem unnið hefur verið á þessu skólaári í Grunnskólanum á Ísafirði. Skólaárið var viðburðarríkt og einkenndist sem fyrr af gróskumiklu starfi. Í aðalnámskrá grunnskóla er birt viðmiðunarstundaskrá sem sýnir áætlaða tímaskiptingu og fjölda kennslustunda í tilteknum námsgreinum/árgöngum. Í GÍ leggja stjórnendur allt kapp á að uppfylla lög og reglur varðandi lágmarkstímafjölda í bekkjum. Yfirlit yfir flest það sem unnið er í bekkjum má sjá í skýrslum umsjónarkennara og sérgreinakennara og hér verður aðeins tæpt á nokkrum atriðum til viðbótar.

Nokkur stærri verkefni hafa fengið sérstaka athygli hjá okkur í vetur, þessi verkefni eiga það sameiginlegt að þau taka til vinnu í mörgum árgöngum og styðja við lýðræði í skólastarfi, bæði meðal nemenda og starfsmanna. Þar má meðal annars nefna hræring, nemendaping, teymiskennslu og vinnuandateymi.

Grunnskólarnir á Ísafirði og Suðureyri fengu styrk frá Evrópusambandinu til að vinna samstarfsverkefni með fjórum öðrum Evrópulöndum, Grikklandi, Svíþjóð, Búlgaríu og Hollandi. Í verkefninu vinna nemendur með mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og skoða hvernig ólík lífsskilyrði og viðhorf hafa áhrif á möguleika fólks til að fá notið þeirra réttinda að fullu. Markmið með verkefninu er að auka skilning og umburðarlyndi gagnvart ólíkum aðstæðum fólks. Nemendur 10. bekkjar voru þátttakendur af okkar hálfu og fjölmargir starfsmenn skólanna tóku einnig þátt í verkefninu með einum eða öðrum hætti. Í verkefninu felst einnig að nemendur fara í heimsóknir á milli landanna og kynnast þar af eigin raun ólíkum aðstæðum. Þetta var seinna árið í verkefninu og fóru 5 nemendur ásamt tveimur kennurum til Hollands. Í mars átti hópur að fara til Búlgaríu og við að fá gesti í apríl. Vegna Covid-19 varð að fresta þessum heimsóknum. Stefnt er að því að klára verkefnið í haust en ekki er útséð með að það takist.

Skólinn nýtir sér meðal annars sjálfsmatsaðferðina How good is our school, sem á íslensku er nefnt Gæðagreini, til innra mats á starfi skólans. Þetta skoska matskerfi var þýtt og staðfært af starfsfólki hjá Skólaskrifstofu Skagfirðinga. Gæðaramminn er hjálpartæki, þar sem m.a. eru sett fram dæmi um gæðaviðmið og gagnlegar spurningar um skólastarf. Kjarni sjálfsmatsaðferðarinnar er að sem flestir í skólastarfinu taki þátt í samræðum um skólastarfið út frá skilgreindum viðmiðum og styðjist við samræmda einkunnagjöf. Þessi aðferð er notuð í öllum skólum Ísafjarðarbæjar og eru þeir nú með samræmda matsáætlun til fimm ára.

Í upphafi skólaársins vorum við enn að fást við eftirköst myglunnar og það var ekki fyrr en liðið var að mánaðarmótum september október að búið var að koma öllum bekkjardeildum fyrir í gráa húsinu þar sem framkvæmdirnar og lagfæringarnar vegna myglunnar urðu meiri en gert hafði verið ráð fyrir.

Á degi gegn einelti 8. nóvember var nemendabínging hjá 6.-10.bekk þar sem umræðuefnið var samskipti. Fyrirkomulagið á þinginu var svokallað þjóðfundasnið þar sem hópstjórar fengu þjálfun og stýrðu umræðum. Niðurstöðurnar voru mjög áhugaverðar, nemendur segja sjálfir að til að bæta samskipti verði þeir að bera virðingu fyrir öllum, verið kurteisir, hjálpað ef einhverjum líður illa, minnkað símanotkun, komið fram við aðra eins og þeir vija að komið sé fram við þá og stöðvað einelti. Niðurstöðurnar voru kynntar öllum árgöngum og unnið með þær.

Í lok nóvember fór fram mjög góður umræðurfundur starfsfólks skóla, Frístundar, Dægradvalar og foreldra nemenda í 1.-3. bekk varðandi bætt samskipti í nemendahópnum.

Óveður og ófærð setti strik í reikninginn í vetur. Það voru ófá skiptin sem starfsfólk og nemendur áttu í erfiðleikum með að mæta á réttum tíma vegna ófærðar þar sem strætó komst ekki leiðar sinnar og felldi niður ferðir. Skólahaldi var aldrei aflýst en einu sinni var mælst til að foreldrar héldu börnum sínum heima vegna veðurs. Þann dag mættu aðeins milli 20 og 30 börn.

Þegar við vorum rétt að jafna okkur á ófærð og óveðri bankaði mjög svo óvelkominn gestur á dyrnar – Covidíð. Veiruskötmin varð þess valdandi að allt skólahald á landinu öllu komst í uppnám. Á einum degi var skipulaginu breytt, hópar minnkaðir, skólatími stytur og sumir hópar mættu annan hvern dag. Þið kærur nemendur og foreldrar eigið hrós skilið fyrir því hvernig þið tókuð þessu og starfsfólk sýndi það enn og aftur hvers það er megnugt í óvæntum upptökum. Það gerði það sem þurfti að gera af æðruleysi og dugnaði og þakka ég þeim kærlega fyrir. Svo kom að því að það þurfti að loka skólanum alveg í þrjár vikur og þá þurfti að breyta kennsluháttum og taka upp fjarkennslu. Kennarar nýttu ýmis fundar- og samskiptaforrit og við búum að þessari reynslu um langan tíma.

Skólinn opnaði svo í byrjun maí með sömu takmörkunum og voru í upphafi og það var ekki fyrr en 11. maí hófst venjulegt skólastarf aftur.

En veiran varð þess valdandi að við þurftum að aflýsa árshátíð skólans og það er ótrúlega svekkjandi, sérstaklega þar sem árshátíðin í fyrra var með öðru sniði en venjulega vegna myglunnar. Á unglingastigi féll árshátíðin alveg niður og svo aftur núna þannig að ég fer að verða hrædd um hvað gerist á næsta ári.

Skólahald var með eins eðlilegum hætti og hægt var eftir 11. maí, flestar vorferðir og uppbrotsdagur héldu sér en skólaferðalagi 10. bekkjar var breytt, í stað þess að fara á Bakkaflöt í Skagafirði var farið í Heydal í Ísafjarðardjúpi, í tvær nætur og lukkaðist það mjög vel.

Sveinfríður Olga Veturliðadóttir, skólastjóri

2. Ýmsar upplýsingar

Stjórnendur Grunnskólans á Ísafirði 2019-2020

Skólastjóri	Sveinfríður Olga Veturliðadóttir
Aðstoðarskólastjóri	Helga S. Snorradóttir
Deildarstjóri sérkennslu	Helga Björt Möller
Deildarstjóri unglingastigs	Guðbjörg Halla Magnadóttir
Námsráðgjafi	Inga Bára Þórðardóttir
Húsvörður	Hermann Hákonarson

Nefndir ráð og teymi 2019-2020

Heimasíða	Helga S. Snorradóttir
Fulltrúar í skólaráði	Guðný Stefánía Stefánsdóttir Fríða Rúnarsdóttir Violetta Maria Duda
Nemendaverndarráð	Sveinfríður Olga Veturliðadóttir, skólastjóri Helga S. Snorradóttir, aðstoðarskólastjóri Guðbjörg Halla Magnadóttir, deildarstjóri Helga Björt Möller, deildarstjóri Inga Bára Þórðardóttir, námsráðgjafi Helena Hrunn Jónsdóttir, skólahjúkrunarfræðingur Rakel Rán Sigurbjörnsdóttir, deildarstjóri barnaverndar Guðrún Birgisdóttir, skóla- og fjölskyldusviði
Skólahjúkrunarfræðingur	Helena Hrunn Jónsdóttir
Eineltisvarnarteymi	Inga Bára Þórðardóttir, námsráðgjafi, umsj.m. teymis Sveinfríður Olga Veturliðadóttir, skólastjóri Helga S. Snorradóttir aðst.skólastjóri Guðbjörg Halla Magnadóttir, deildarstjóri ungl.st. Helga Björt Möller, deildarstjóri sérk. Guðrún Birgisdóttir, skóla- og tómst.sviði
Áfallaráð	Sveinfríður Olga Veturliðadóttir, skólastjóri Helga S. Snorradóttir, aðst. skólastjóri Hafðís Jónsdóttir, ritari Inga Bára Þórðardóttir, námsráðgjafi Helena H. Jónsdóttir, skólahjúkr.fræðingur Magnús Erlingsson, sóknarprestur
Trúnarðarmenn kennara	Erna Sigrún Jónsdóttir Fríða Rúnarsdóttir
Trúnaðarmaður VerkVest	Violetta Maria Duda

Trúnaðarmaður FosVest	Álfheiður Elín Bjarnadóttir
Öryggistrúnaðarmenn	Eiríkur Gísli Johansson Elva Björk Jóhannsdóttir Guðný Stefánía Stefánsdóttir
Stjórn starfsmannafélags	Katrín Kristín Friðjónsdóttir, formaður Sóley Veturliðadóttir, ritari Guðbjörg Halla Magnadóttir, gjaldkeri Arna Sæmundsdóttir, meðstjórnandi Regína Sif Rúnarsdóttir, meðstjórnandi Bryndís Bjarnason og Jón Heimir Hreinsson skoðunarmenn reikninga
Jafnréttisnefnd	Guðlaugur Valdimarsson Helga Bört Möller Jón Hálfván Pétursson
Stærðfræði og náttúrufræði	Bryndís Bjarnason Guðný Harpa Henrysdóttir Helga Aðalsteinsdóttir Jóhanna Ása Einarsdóttir Katrín Sif Kristbjörnsdóttir
Íslenska	Auður Yngvadóttir Árný Herbertsdóttir Jón Heimir Hreinsson Marzena Glodkowska Vala Friðriksdóttir
Samfélagsfræði	Guðlaugur Valdimarsson Hrafnhildur Þórólfsdóttir Katrín Kristín Friðfinnsdóttir
Tungumál	Arna Björk Sæmundsdóttir Bergljót Halldórsdóttir Erna Sigrún Jónsdóttir Katrín Björnsdóttir Kristín Ólafsdóttir Smári Rafn Teitsson
Innra mat	Helga S. Snorradóttir Inga Bára Þórðardóttir
Vinaliðar/Íþróttir	Atli Freyr Rúnarsson Árni Heiðar Ívarsson Pétur Már Sigurðsson
Stoðteymi	Berglind Árnadóttir Birgitta Guðbjartsdóttir

Helga Björt Möller
Iwona Samson
Laufey Eypórsdóttir
Magnúsína L. Harðardóttir
María Lárusdóttir
Sóley Veturliðadóttir

Upplýsingateymi

Guðbjörg Halla Magnadóttir
Jón Hálfán Pétursson

Uppbygging

Ástrún Jakobsdóttir
Bjarnveig Magnúsdóttir
Friða Rúnarsdóttir
Guðlaug Jónsdóttir
Guðný Stefánía Stefánsdóttir
Kristín Oddsdóttir
Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir
Sveinfríður Olga Veturliðadóttir

Stjórnendur og starfsfólk Grunnskólans á Ísafirði 2019-2020

Við skólann störfuðu 71 starfsmenn í misstórum stöðuhlutföllum. Stjórnendur eru í 3,25 stöðugildum og kennarar eru í samtals tæplega 36 stöðugildum, þroskaþjálfar í 2 stöðugildum, stuðningsfulltrúar í 9 stöðugildum, skólaliðar í 6 stöðum og aðrir starfsmenn í 5,6 stöðugildum alls. Alls voru 51,4 stöðugildi við skólann. Skólastjóri þetta skólaár var Sveinfríður Olga Veturliðadóttir og aðstoðarskólastjóri Helga S. Snorradóttir.

Alma Björk Sigurðardóttir	Stuðningsfulltrúi
Anwar A. Okab Al Sadoon	Skólaliði
Arna Björk Sæmundsdóttir	Grunnskólakennari
Atli Freyr Rúnarsson	Grunnskólakennari
Auður Yngvadóttir	Kennari
Álfheiður Elín Bjarnadóttir	Stuðningsfulltrúi
Árni Heiðar Ívarsson	Íþróttakennari
Árný Hallfríður Herbertsdóttir	Kennari
Ástrún Jakobsdóttir	Leiðbeinandi
Berglind Árnadóttir	Sérkennari
Berglind Inga Hákonardóttir	Stuðningsfulltrúi
Bergljót Halldórsdóttir	Grunnskólakennari
Bergþóra Kristín Borgarsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Birgitta Rós Guðbjartsdóttir	Þroskaþjálfari
Bjarnveig S Jakobsdóttir	Kennari í fæðingarorlofi
Bryndís Bjarnason	Grunnskólakennari
Carolin Ursula Kraus	Bókavörður
Chisa Joy Ohiri	Skólaliði

Dorota Maria Krawczyk	Skólaliði
Edda Katrín Einarsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Eiríkur Gísli Johansson	Matráður
Elísabet Una Jónsdóttir	Aðstoðarmatráður
Elva Jóhanna Jóhannsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Erna Sigrún Jónsdóttir	Grunnskólakennari
Fanney Rósa Jónsdóttir	Skólaliði
Fríða Rúnarsdóttir	Grunnskólakennari
Guðbjörg Halla Magnadóttir	Deildarstjóri
Guðbjörg Jónsdóttir	Skólaliði
Guðlaug Jónsdóttir	Grunnskólakennari
Guðlaugur Viðar Valdimarsson	Grunnskólakennari
Guðmundur Grétar Friðriksson	Stuðningsfulltrúi
Guðný Harpa Henrysdóttir	Leiðbeinandi
Guðný Stefanía Stefánsdóttir	Grunnskólakennari
Harpa Sjöfn Friðfinnsdóttir	Leiðbeinandi – í afleysingum frá áram.
Hafdís Jónsdóttir	Skólaritari
Helga Björt Möller	Grunnskólakennari
Helga Elísabet Aðalsteinsdóttir	Grunnskólakennari
Helga Sigfríður Snorradóttir	Aðstoðarskólastjóri
Herdís Magnea Hübner	Grunnskólakennari
Hermann Alfreð Hákonarson	Húsvörður
Hrafnhildur Þórólfsdóttir	Grunnskólakennari
Inga Bára Þórðardóttir	Námsráðgjafi
Iwona Maria Samson	Kennari
Jóhanna Ása Einarsdóttir	Grunnskólakennari
Jón Hálfðán Pétursson	Grunnskólakennari
Jón Heimir Hreinsson	Grunnskólakennari
Jóna Björk Brynjarsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Jóna Sigríður Írisardóttir	Stuðningsfulltrúi
Katrín Björnsdóttir	Grunnskólakennari
Katrín Kristín Friðjónsdóttir	Leiðbeinandi
Katrín Sif Kristbjörnsdóttir	Leiðbeinandi
Kolbrún Guðjónsdóttir	Bókavörður
Kristín Berglind Oddsdóttir	Grunnskólakennari
Kristín Ólafsdóttir	Grunnskólakennari
Laufey Eypórsdóttir	Sérkennari
Magnúsína L Harðardóttir	Grunnskólakennari
María Friðgerður Lárusdóttir	Grunnskólakennari
Marzena Glodkowska	Leiðbeinandi
Nadezda Dudic	Skólaliði
Pétur Már Sigurðsson	Grunnskólakennari
Rannveig Halldórsdóttir	Bókasafnsfræðingur
Regína Sif Rúnarsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir	Danskennari
Smári Rafn Teitsson	Kennari

Snjólaug Ásta Björnsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Sóley Veturliðadóttir	Proskabjálfi
Sveinfríður Olga Veturliðadóttir	Skólastjóri
Teresa Maria Richter	Skólaliði
Vala Friðriksdóttir	Kennari
Violetta Maria Duda	Skólaliði
Þóra Steinunn Gunnarsdóttir	Stuðningsfulltrúi

Nokkur starfsmannavelta litaði skólastarfið á þessu ári. Tveir starfsmenn fóru í fæðingarorlof, fjórir lentu í veikindum sem stóðu lengur en fjórar vikur og flokkast sem langtímaveikindi. Til viðbótar við þetta voru fjórir leiðbeinendur í réttindanámi og átta starfsmenn í viðbótarnámi og sóttu staðlotur til Reykjavíkur.

Nemendafjöldi skólaárið 2019-2020

Nemendur skólans voru 361 og skiptust eftir kynjum eins og hér sést.

Bekkir	Drengir	Stúlkur	Alls	Umsjónarkennari
1.KB	4	6	10	Katrín Björnsdóttir
1.MG	5	7	12	Marzena Glodkowska
2.KO	9	7	16	Kristín B. Oddsdóttir
2.HA	6	10	16	Helga E. Aðalsteinsdóttir
2.VF	5	10	15	Vala Friðriksdóttir
3.ÁH	12	10	22	Árný H. Herbertsdóttir
3.ÁJ	14	9	23	Ástrún Jakobsdóttir
4.AS	9	14	23	Arna Björk Sæmundsdóttir
4. JH	13	8	21	Jón Heimir Hreinsson
5.HÞ	12	5	17	Hrafnhildur Þórólfsdóttir
5.JÁE	8	6	14	Jóhanna Ása Einarsdóttir
6.AY	11	11	22	Auður Yngvadóttir
7.SRT	8	12	20	Smári Rafn Teitsson
7.EG	15	16	31	Erna Sigrún Jónsdóttir/Guðný Stefanía Stefánsdóttir
8.HK	21	17	38	G. Harpa Henrysdóttir /Katrín Kristín Friðjónsdóttir
9.JK	10	22	32	Jón Hálfán Pétursson/Katrín Sif Kristbjörnsdóttir
10.BH	15	14	29	Bergljót Halldórsdóttir/Guðbjörg Halla Magnadóttir
Samtals	177	184	361	

Fjöldi kennslustunda

Árið 2019-2020 var Grunnskólanum á Ísafirði úthlutað 932 kennslustundum á viku. Kennslustundirnar sem nýttar voru til kennslu voru um 911. Kennsla í smáskipanámi sem

Fræðslumiðstöð Vestfjarða sá um var greidd sérstaklega. Sjö nemendur voru í pólskunámi við tungumálaver Laugalækjarskóla að þessu sinni.

Samstarf heimilis og skóla

Grunnskólastefna Ísafjarðarbæjar hefur það að leiðarljósi að skólastarf sé samvinnuverkefni nemenda foreldra og starfsfólks skólanna. Grunnskólinn á Ísafirði leggur áherslu á að stuðla að virku samstarfi við foreldra. Gefin er út skólahandbók á hverju hausti og birt á heimasíðu skólans. Heimasíða skólans er uppfærð reglulega og allar upplýsingar og fréttir er varða skólastarfið birtast þar. Foreldrar hafa aðgang að upplýsingum um börn sín í Mentor.is. Nemendur í 1.-7. bekk fá heimavinnuáætlanir í hverri viku en á unglingastiginu er oft sendur tölvupóstur til foreldra um heimavinnu og upplýsingar um heimavinnu, verkefni og námsmat birtist jafnóðum á mentor.

Í ágúst voru allir nemendur í 1. bekk boðaðir í viðtal, ásamt foreldrum, við umsjónarkennara. Á fyrstu vikum skólaársins boðuðu umsjónarkennarar til kynningafunda fyrir foreldra þar sem farið var yfir helstu markmið skólastarfsins og hvernig foreldrar geta best stutt börn sín í náminu. Jafnframt voru foreldrar boðnir í skólann á fjölmargar skemmtanir, við skil á verkefnum eða á öðrum sérstökum stundum í öllum árgöngum.

Sérstakur kynningarfundur var haldinn í lok maí fyrir nemendur og foreldra í 9. bekk um væntanlegt starf næsta vetrar sem hefst að vanda með tveggja daga gönguferð í Hornstrandafriðlandið. Foreldrar eru ætíð hvattir til að hafa samband við kennara barna sinna um leið og áhyggjur og skólinn gerir slíkt hið sama ef einhver mál þarf að ræða sérstaklega.

Foreldrafélag skólans stóð fyrir hrekkjavökuballi í október. Haldinn var aðalfundur þann 16. janúar og þurfti að hafa framhaldsaðalfund þar sem ekki tókst að skipa stjórn á þeim fyrri. Í stjórn núna er Linda Björk Pálsdóttir, Kristjana Einarsdóttir, Nadjá Widell, Ralf Trylla og Sveinbjörn Magnason. Stjórnin hefur ekki skipt með sér verkum.

3. Skýrslur umsjónarkennara 1.-7. bekkja

1.bekkur

Nemendur árgangsins voru 22. Nemendur skiptust þannig í lok skólaársins: 12 í 1-MG umsjónarkennari Marzena Glodkowska og 10 í 1-KB umsjónarkennari Katrín Björnsdóttir. Sérkennari María Lárusdóttir.

Kennt var í stofum 111 og 115. Aðrir kennarar voru: Atli Rúnarsson og Árni Heiðar Ívarsson sem sáu um sund. Guðný Stefnía Stefánsdóttir og Atli Rúnarsson sáu um íþróttir.

Eva Friðþjófsdóttir kenndi dans og heimilisfræði. Katrín Björnsdóttir kenndi tæknimennt og myndmennt. Marzena Glodkowska kenndi textílmennnt. Stuðningsfulltrúi var Regína Sif Rúnarsdóttir í 1. MG.

Í árganginum var unnið með teymiskennslu. Kennarar skiptu bekkjunum í hópa og var sett upp stöðvavinna sem hluti af teymisvinnu í íslensku og stærðfræði. Einnig fór hluti af teymiskennslu fram í byrjendalæsi.

Eftirfarandi fög voru kennd: Stærðfræði 6 stundir, Byrjendalæsi 14 stundir (íslenska, samfélags- og náttúrufræði, lífsleikni), útivist 1 stund, íþróttir 2 stundir, sund 1 stund, tónmennt 1 stund, heimilisfræði 1 stund, tæknimennt 1 stund, textílmennnt 1 stund, myndmennt 1 stund, upplýsingatækni 1 stund og dans 1 stund.

Í skólanum er kennt samkvæmt kennsluhugmyndum Byrjendalæsis og þar er íslensku-, náttúrufræði-, samfélagsfræði- og lífsleiknikennsla samþætt. Meginmarkmiðið er að börnin nái góðum árangri í lestri sem allra fyrst á skólagöngunni. Aðferðin gerir ráð fyrir því að hægt sé að mæta börnum með ólíka þekkingu og færni þar sem áherslan er á hópvinnu um leið og einstaklingsþörfum er mætt.

Íslenska

Í 1. bekk er aðaláherslan í íslensku á að kenna bókstafi og lestur. Vinnan í lestarkennslunni var mjög fjölbreytt og voru tveir bókstafir lagðir inn í hverri viku. Nemendur fengu að spreyta sig á mörgum og ólíkum verkefnum sem áttu að stuðla að færni og skilningi þegar kom að lestri og ekki hvað síst að því að hafa ánægju af því að lesa. Áhersla á heimalestur var mikil og unnu nemendur einnig hljóðsögu heima í tengslum við stafi vikunnar.

Í skrift var lögð áhersla á að nemendur héldu rétt á skriffæri og drægju rétt til stafs. Nemendur unnu skriftaræfingar, bæði frjálst og eftir forskrift, í tengslum við stafi vikunnar auk fjölda annarra skriftarverkefna.

Stærðfræði

Undirstöðuhugtök stærðfræðinnar voru áhersluatriðin í 1. bekk. Áhersla var lögð á að nemendur ynnu með og þekktu tölur frá 0 og upp í 30, plús, mínus, talnaröð, talnalestur, talnalínu og talnaskilning svo eitthvað sé nefnt. Nemendur fengu einnig þjálfun í að ræða og rökstyðja svör sín og niðurstöður og voru fjölbreytt verkefni unnin í þeim tilgangi. Hlutbundinni vinnu var gert nokkuð hátt undir höfði og notuðu nemendur t.a.m. kubba og talnagrindur þegar unnið var að úrlausnum.

Samfélags- og náttúrufræði

Í skólabyrjun var nemendum kynnt nánasta umhverfi skólans. Mikilvægi fjölskyldu, vina og skólafélaga var einnig tekið fyrir og það að tilheyra hópi. Í tengslum við þetta var farið í

gönguferðir um skólann og nánasta umhverfi hans. Farið var í fjallgöngu upp í Stóruð. Undir vorið var svo þemaverkefni um fiska.

Hefð er fyrir því að fara í heimsókn í fiskvinnsluna Íslandssögu og Klofning á Suðureyri en vegna Covid-19 henni frestað og fyrirhugað er að fara næsta haust.

Lífsleikni

Verkefni samkvæmt Uppbyggingarstefnu og Olweusaráætlun voru unnin. Áhersla var lögð á að nemendur temdu sér virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.

Kynnt var fyrir nemendum áhersluatriðin í Uppbyggingarstefnunni, og bekkjarsáttmáli gerður. Einnig var farið vel í hlutverk nemenda og kennara.

Kennd var litahegðun, þar eru litir tengdir við ákveðna hegðun og unnir út frá því. T.d. er rauð hegðun neikvæð en græn eftirsóknarverð. Þarna er persónan tekin út og bara horft á hegðun.

Tónmennt

Nemendur lærðu ýmis sönglög og þjálfuðust í að syngja þau saman.

Myndmennt, handmennt og tæknimennt

Áhersla var lögð á að þjálf hug og hönd nemenda og örva sköpunargleði þeirra. Mörg verkefni voru unnin í hverju fagi fyrir sig.

Útivist

Farið var í útivist 1 sinni í viku og var lögð áhersla á frjálsan leik og holla hreyfingu.

Sund

Hver bekkur fyrir sig fór í sundtíma. Farið var í alla helstu þætti sem koma fyrir í námskrá.

Námsgögn

Íslenska: Ýmis gæðatekni úr barnabókum lagðar til grundvallar í lestrarnámi. Lestrarbókin Við lesum A og vinnubók. Líttlestrarbækur af skólavef og ýmsar lestrarbækur við hæfi nemenda. Ýmis fjölbreytt verkefni búin til af kennurum, í anda Byrjendalæsis.

Ítalíuskript 1A og Lestrarlandið A+ og B+. Einnig fengu nemendur ljósritað hefti Leikur að orðum sem var auka bók. Við lesum A var notuð.

Stærðfærði: Sproti 1a,1b og fyrstu þrír kaflarnir í 2a nemenda- og æfingabækur. Ljósrituð hefti útbúin af kennurum.

Samfélags- og náttúrufræði

Komdu og skoðaðu umhverfið. Efni búið til af kennurum: Fiskaþemavinnubók.

Námsmat

Íslenska: Lesferill- lestrarskimun fyrir 1. bekk grunnskóla sem Menntamálastofnun gefur út í október og niðurstöður hennar notaðar til að skipurleggja stuðningkennslu fyrir þá sem þurftu. Í september, janúar og maí var tekið hraðlestrarpróf frá Menntamálastofnun. Við mat á hraðlestrarprófum var stuðst við viðmið um lesfimi frá MMS. Nemendur tóku lokapróf í lesskilningi sem var lagt fyrir í maí.

Nemendur tóku lokapróf í stærðfræði sem einnig var lagt fyrir í maí ásamt reglulegum lotukönnunum yfir veturinn.

Í öðrum greinum sem umsjónarkennarar kenndu var ekkert formlegt námsmat.

Viðburðir og vettvangsferðir

Í september var farið í fjallgöngu í Stórurð.

Nemendur tóku þátt í norræna skólahlaupinu í september. Hjúkrunarfræðingur kom í bekkina og var með fræðslu fyrir nemendur.

Í september var haldið foreldranámskeið með foreldrum nemenda í 1. bekk. Á námskeiðinu var lögð áhersla á að kynna fyrir foreldrum þær aðferðir sem notaðar eru við lestrarkennslu og þau meginatriði sem unnið er eftir í uppbyggingarstefnunni ásamt litahegðun.

Foreldraviðtöl voru í upphafi skólaársins, 22. ágúst, 2. október, 29. janúar og 9. júní.

1. bekkur hitti vinabekkin sinn á aðventunni og vorverkadeginum í maí.

Á bolludag var maskaball og mættu ýmsar furðuverur í skólann. Mikill metnaður var lagður í búningana.

Árshátíð skólans féll niður vegna Covid -19.

Vegna Covid -19 var fjarnám frá 14. apríl til 4. maí.

Í maí byrjun mættu Kiwanismenn í heimsókn og færðu nemendum reiðhjólahlýma að gjöf.

14. maí var farið í útileiki í stærðfræði sem heppnaðist mjög vel.

29. maí var farið upp á sjúkrahústún í leiki og síðan í Jónsgarð í ratleik og grill.

Íþróttadagur 1.-4. bekkjar var haldinn 2. júní á Torfnesi og tókst mjög vel.

Þann 4. júní tóku nemendur þátt í Vorverkadeginum. Þá unnu 1. bekkingar með 8. bekk og settu niður kartöflur í garði tónlistarskólans og einnig var farið í leiki.

Afhending vitnisburðar og foreldraviðtöl voru svo þann 9. júní.

Skólastarf vetrarins hjá 1. bekk gekk í heildina litið vel og samvinna kennara var mjög góð.

Katrín Björnsdóttir
Marzena Glodkowska



2. bekkur

Nemendur árgangsins voru 48. Nemendur skiptust þannig á skólaárinu: Helga E. Aðalsteinsdóttir hafði umsjón með 16 nemendum, Kristín B. Oddsdóttir hafði umsjón með 16 nemendum og Vala Friðriksdóttir hafði umsjón með 16 nemendum.

Aðrir kennarar voru: Alti Rúnarsson og Pétur Már Sigurðsson sáu um leikfimi og sund. Eva Friðþjófsdóttir var með dans. Guðlaug Jónsdóttir sá um heimilisfræði. Jón Heimir Hreinsson sá um tæknimennt, Helga E. Aðalsteinsdóttir kenndi myndmennt og Vala Friðriksdóttir kenndi textílmennnt. Umsjónarkennarar sáu um upplýsingatækni. Stuðningsfulltrúar voru Bergþóra Borgarsdóttir í 2. HA og Jóna Björk Brynjarsdóttir í 2. VF. María Lárusdóttir, Sóley Veturliðadóttir og Birgitta Björnsdóttir sáu um sérkennslu. Kennt var í stofum 201, 206 og 207.

Eftirfarandi fög voru kennd: Stærðfræði 6 stundir, Byrjendalæsi 14 stundir (íslenska, samfélags- og náttúrufræði, lífsleikni), útivist 1 stund, íþróttir 2 stundir, sund 1 stund, tónmennt 1 stund, heimilisfræði 1 stund, tæknimennt 1 stund, textílmennnt 1 stund, myndmennt 1 stund, upplýsingatækni 1 stund og dans 1 stund.

Í skólanum er kennt samkvæmt kennsluhugmyndum Byrjendalæsis og þar er íslensku-, náttúrufræði-, samfélagsfræði- og lífsleiknikennsla samþætt. Meginmarkmiðið er að börnin nái góðum árangri í lestri sem allra fyrst á skólagöngunni. Aðferðin gerir ráð fyrir því að hægt sé að mæta börnum með ólíka þekkingu og færni þar sem áherslan er á hópvinnu um leið og einstaklingsþörfum er mætt.

Stærðfræði

Námsgögn: Sproti 2A og 2B nemendabók og æfingahefti, ljósrituð vinnuhefti. Námstilhögun: Hverjum bekk kennt fyrir sig. Sproti (Multi á vefnum) og klukka í Ipad, voru kennd í stöðvavinnu.

Heimanám, verkefni sem tengdust námsþáttum sem unnið var með hverju sinni.

Námsmat: Kannanir eftir hvern námsþátt og annapróf.

Íslenska

Námsgögn: Ýmsar lestrarbækur, ýmist valdar af kennurum eða nemendum.

Skriftarbækur; Ítalíuskrift, Góður-betri-bestur og ýmsar vinnubækur.

Vinnubækur. Lestarlandið 1 og 2. Litla Lesrún og Könnun kortin 1.

Námstilhögun: Unnið var samkvæmt byrjendalæsi þar sem íslenska, lífsleikni, samfélagsfræði og náttúrufræði voru samþætt og því mismunandi námsefni. Kennarar unnu auk þess æfingaverkefni með áherslu á skrift, lestur, lesskilning og stafsetningu. Stafirnir rifjaðir upp með ákveðinni vinnu.

Mikil áhersla var á lesturinn og nemendur látnir lesa fyrir kennara og stuðningsfulltrúa eins oft og kostur er. Yndislestur daglega. Nemendur unnu í misstórum hópum, ýmist í hópa- eða einstaklingsvinnu.

Heimanám. Ýmis verkefni sem tengdust námsþáttum sem unnið var með hverju sinni.

Námsmat: Prófað var í lesskilningi í maí ásamt skrift. Símat var yfir skólaárið og vinnubækur metnar. Fjögur hraðlestrarpróf voru lögð fyrir. Markmið að vori voru 40 (lágmark) lesin orð á mínútu. Á vorönn voru gefnar einkunnir fyrir veturinn.

Náttúrufræði

Námsgögn: Komdu og skoðaðu líkamann, Komdu og skoðaðu fjöllin, Könguló og fuglaþema að vori – námsefni útbúið af kennurum.

Námstilhögun: Samþætt byrjendalæsi.

Námsmat: Ekkert formlegt námsmat

Samfélagsfræði

Námsgögn: Ísland áður fyrr- fjölskyldan og – heimilið. Komdu og skoðaðu land og þjóð.

Námstilhögun: Bækurnar unnar með byrjendalæsisstílhögun, kennsluáætlanir gerðar af kennurum og ýmis verkefni unnin samkvæmt þeim.

Námsmat: Ekkert formlegt námsmat.

Upplýsingatækni

Námstilhögun: I-pad í bekkjarstofum. Nemendur notuðu öpp sem þálfa forritun, íslensku og stærðfræði.

Námsmat: Ekkert formlegt námsmat.

Myndmennt

Kennt í myndmenntastofu í 4 stundir á viku í ¼ vetrar og var það hluti af hringekju í verkgreinum.

Nemendur teiknuðu og máluðu ýmis myndverk, lærðu um litahringinn, blöndun lita, heita og kalda liti.

Námsmat: Færni og ástundun nemenda metin.

Tæknimennt

Kennt í smíðastofu 4 stundir á viku í ¼ vetrar og var það hluti af hringekju í verkgreinum.

Nemendur unnu útsögunarverkefni og yfirborðslípun og málun.

Námsmat: Færni og ástundun nemenda metin.

Textílmenn

Kennt í textílmennastofu 4 stundir á viku í ¼ vetrar og var það hluti af hringekju í verkgreinum.

Nemendur lærðu að sauma einföld spor í java og fleira.

Námsmat: Færni og ástundun nemenda metin.

Heimilisfræði

Kennt í heimilisfræðistofu 4 stundir á viku í ¼ vetrar og var það hluti af hringekju í verkgreinum. Nemendur lærðu að baka, elda, ganga frá í eldhúsi, ásamt vinnubók.

Námsmat: Færni og ástundun nemenda metin.

Lífsleikni

Uppbyggingarstefnan var rauður þráður í gegnum lífsleiknina í vetur og skólastarfið í heild.

Farið var yfir hlutverk nemenda og kennara, þarfirnar, skýru mörkin. Bekkjarsáttmáli gerður.

Nokkrir bekkjarfundir voru haldnir þar sem rædd voru líðan og samskipti í skólanum. Unnið var út frá skilgreiningu á litahegðun. Rætt var um einelti. Lífsleikni var oft samþætt byrjendalæsi.

Útivist

Allar kennslustundir fóru fram utandyra og í nánasta umhverfi skólans. Stundum voru farnar lengri gönguferðir. Tímarnir fóru aðallega í gönguferðir lengri sem styttri, fjöruferðir, snjóhúsagerð og leikur í snjó, leikið á ís og svelli, gengið á sjávarvarnargörðum og Skipagöturóló heimsóttur. Einnig var leikið á skólalóð.

Viðburðir og vettvangsferðir

- 3. september Fjallganga – Gengið áleiðis að Skíðheimum á Seljalandsdal.
- 17. september Taka upp kartöflur með 9. bekk.
- 18. september Skólahlaup
- 19. september Haustfundur með foreldrum
- 29. október Villi og Linda Spunakennsla í sögugerð.
- 29. nóvember Opinn dagur
- 13. desember Dansað með 9. bekk
- 12.-13. febrúar Þemadagar (Umhverfið)
- 18. febrúar Iðunn og eplin (Leiksýning í Hömrum)
- 24. febrúar Grímuball (Maskadagurinn)
- 17.mars Breytt skólalokun vegna Covid-19
- 2. apríl – 4. maí Skólalokun vegna Covid-19
- 4.-10. maí Skólinn opnaður með takmörkunum
- 26. maí Hjóladagur og fuglaskoðun, hjólað inn í skóg
- 2. júní Íþróttadagur yngsta stigs á Torfnesi
- 4. júní Vorverkadagur Neðsti-kaupstaður
- 5. júní Heimsókn á Melrakkasetrið og Raggagarð í Súðavík, ásamt 9. bekk

*Helga E. Aðalsteinsdóttir
Kristín B. Oddsdóttir
Vala Friðriksdóttir*



3.bekkur

Nemendur árgangsins voru 48 í vetur. Umsjónarkennarar voru Árný Herbertsdóttir og Ástrún Jakobsdóttir. Sérkennari árgangsins var Herdís Hübner. Hún tók nokkra nemendur í sérkennslu og var með hóp í stærðfræði og íslensku auk lestrarþjálfunar. Stuðningsfulltrúar árgangsins voru Grétar Friðriksson í 3. ÁH, Snjólaug Ásta Björnsdóttir og Þóra Steinunn Gunnarsdóttir 3. ÁJ.

Kennarar árgangsins

Guðlaug Jónsdóttir – heimilisfræði.

Bjarnveig Jakobsdóttir/Harpa Sjöfn Friðfinnsdóttir – tæknimennt/smíði.

Fríða Rúnarsdóttir – textílmenn.

Árný Herbertsdóttir – myndmennt.

Árni Heiðar Ívarsson – sund.

Atli Freyr Rúnarsson, Árni Heiðar Ívarsson og Pétur Sigurðsson – íþróttir.

Sigurrós Eva Friðbjófsdóttir – dans
Aðra kennslu árgangsins sáu Árný og Ástrún um.

Eftirtalin fög voru kennd: Byrjendalæsi (íslenska, náttúrufræði, samfélagsfræði og upplýsingamennt) var samþætt í 18 stundir á viku, stærðfræði 6, íþróttir 2, útivist 1, sund 1 og dans 1 tíma. Textílmennnt, myndmennnt, heimilisfræði og tæknimennnt voru kenndar í lotum í hringekju, 4 tíma á viku.

Kennsluhættir

Umsjónarstofur árgangsins voru nr. 202 og 203. Í marsmánuði var kennt í þremur hópum í tvær vikur vegna covid 19, frá 17. mars til 1. apríl (páskaleyfi) Þriðji hópurinn var í stofu nr. 208. Herdís Hübner kenndi í eina viku og Iwona Samson kenndi í rúmar tvær vikur. Þann 4. maí byrjað full kennsla aftur.

Stærðfræði

Námsgögn: Sproti 3A og 3B nemendabók og æfingahefti ásamt ýmsu ítarefni frá kennurum.

Námstilhögun: Almenn bekkjarkennsla.

Námsmat: Kannanir eftir námsþætti og annar- og vorpróf.

Íslenska

Námsgögn: Ýmsar lestrarbækur ýmist valdar af kennurum eða nemendum.

Skriftarbækur; Ítalíuskript 2B, 3A og 3B.

Ritrún 2 og 3, Lesrún.

Námstilhögun: Unnið var við aðferðina byrjendalæsi þar sem íslenska, samfélagsfræði og náttúrufræði voru samþætt og því mismunandi námsefni. Nemendur unnu í misstórum hópum, ýmist í hópa- eða einstaklingsvinnu. Mikil áhersla lögð á frjálsan lestur, þar sem nemendur völdu sér sjálfir lestrarbækur. Flestir dagar hófust með hljóðlestri og síðan skipulagðri íslenskuvinnu. Áhersla var lögð á að hver og einn læsi upphátt í skólanum u.þ.b. þrisvar í viku. Heimanám var einstaklingsmiðað skv. heimanámsstefnu skólans, ásamt heimalestri allan veturinn.

Námsmat: Prófað var í lesskilngi (Orðarún) og skrift á vorönn. Fjögur hraðlestrarpróf voru lögð fyrir yfir veturinn. Markmið var að vori gætu 10 % nem. gætu lesið a.m.k. 55 orð á mín. 50% læsu 100 orð á mín. og 25% læsu 120 orð á mín. Á vorönn var gefið fyrir lykilhæfni í íslensku, samþætt með náttúru- samfélagsfræði og upplýsingamennt.

Íþróttir

Nemendur voru í útileikfimi í september og maí. Farið var í margskonar leiki og unnið með þol. Eftir að inn var komið var unnið áfram með þol og svo allskonar leiki, boltaleiki og fimleika.

Samfélagsfræði

Námsgögn: Örnefni í Skutulsfirði, Litlu landnemarnir, Komdu og skoðaðu landnámið. Ýmis ævintýri og verkefni kennara. Námsheftið Könnun kortin.

Námstilhögun: Samþætt byrjendalæsi.

Náttúrufræði

Námsgögn: Komdu og skoðaðu himingeiminn (náðum ekki að klára vegna covid 19) Komdu og skoðaðu kort, Hrafninn þemahefti. Einnig voru unnin önnur verkefni frá kennurum.

Námstilhögun: Samþætt byrjendalæsi.

Lífsleikni

Uppbyggingarstefnan var rauður þráður í gegnum lífsleiknina í vetur og skólastarfið í heild. Farið var yfir hlutverk nemenda og kennara, þarfirnar og skýru mörkin. Í framhaldi af því var gerður bekkjarsáttmáli sem allir gátu sætt sig við. Áhersla var lögð á þarfir og sérstöðu hvers og eins einstaklings, styrkleika og veikleika. Áfram var lögð áhersla á Litahegðun, þar sem hver hegðun hefur ákveðin lit en ekki einblýnt á nemandann, ef honum hefur mistekist. Bekkjarfundir voru haldnir öðru hvoru þar sem nemendur tjáðu sig um ýmis málefni tengd samskiptum við aðra.

Viðburðir og vettvangsferðir

26. ágúst- Fjallganga á Hnífa.

19. sept.- Norræna skólahlaupið.

28. nóv.- Djákninn frá Myrká, List fyrir alla, Sverrir Guðjónsson.

3. des.- Heimsókn frá slökkviliðinu.

18. feb.- Iðunn og eplin, Elvar Logi.

27. maí- Sveitaferð að Hólum í Dýrafirði.

2. júní- Íþrótt- og leikjadagur á Torfnesi fyrir 1. – 4. bekk.

3. júní- Hjólaferð í Engidal að skoða hesta.

4. júní- Vorverkadagur skólans, nemendur þriðja bekkjar heimsóttu slökkvilið Ísafjarðarbæjar og voru með leiki.

9. júní- Skólanum slitið.

Árný Herbertsdóttir og Ástrún Jakobsdóttir



4.bekkur

Nemendur árgangsins voru 46 í byrjun skólaárs og fækkaði um þrjá og enduðu skólaárið 43 talsins. Nemendur skiptust þannig í lok skólaársins: 21 í 4-JH og 22 í 4-AS. Jón Heimir Hreinsson var umsjónarkennari í 4. JH og Arna Björk Sæmundsdóttir í 4. AS. Kennt var í stofum 102 og 103.

Aðrir kennarar voru: Atli Freyr Rúnarsson sem sá um sund og íþróttir hjá 4. AS og sund hjá 4. JH. Árni Heiðar Ívarsson sá um íþróttakennslu hjá 4. JH. Pétur Már Sigurðsson sá um útivist hjá báðum bekkjum og S. Eva Friðþjófsdóttir kenndi dans. Guðlaugur Viðar Valdimarsson kenndi samfélagsfræði í 4. JH. Hrafnhildur Þórólfsdóttir kenndi ensku í 4. JH. Friða Rúnarsdóttir kenndi handmennt. Jón Heimir Hreinsson kenndi tæknimennt. Guðlaug Jónsdóttir kenndi heimilisfræði. Halldóra Jónasdóttir kenndi leiklist. Umsjónakennarar kenndu upplýsingatækni. Stuðningsfulltrúar voru Álfheiður Elín Bjarnadóttir í 4. AS og Jóna Sigríður Írisardóttir 4. JH. Sérkennari var Magnúsína L. Harðardóttir og þroskajálfar voru Sóley Veturliðadóttir og Birgitta Rós Guðbjartsdóttir.

Eftirfarandi fög voru kennd: Stærðfræði 6 stundir, íslenska 6 stundir, samfélagsfræði 3 stundir, náttúrufræði 3 stundir, útivist 1 stund, íþróttir 2 stundir, sund 1 stund, tónmennt 1 stund, heimilisfræði, tæknimennt, leiklist og textílmenn 3 stundir á viku (hópaskipt), upplýsingatækni 1 stund, dans 1 stund og enska 1 stund.

Íslenska

Í 4. bekk er aðaláherslan í íslensku á að þjálfra lestrarfærni, lesskilning, ritun og framsögu. Nemendur unnu mörg mjög fjölbreytt verkefni sem reyndu á ólíka færni s.s. ritun, heimildaöflun, ýmis úrvinnsla texta, lesa fyrir hvort annað, álykta út frá texta og sjálfsrýni ásamt fleiru. Flestir nemendur náðu í vetur að lesa sér til skemmtunar. Við ætluðum að taka þá í Litlu upplestrarkeppninni en datt það upp fyrir vegna Covid. Áhersla á heimalestur var mikil (15 mínútur 5 sinnum í viku) ásamt öðrum verkefnum lesskilningsverkefnum.

Í skrift var lögð áhersla á að nemendur héldu rétt á skriffærum og drægju rétt til stafs. Nemendur unnu skriftaræfingar í Ítalíuskript og Skrift 4, auk fjölda annarra ritunarverkefna.

Stærðfræði

Í vetur var lögð áhersla á að styrkja þekkingu nemenda á undirstöðuhugtökum stærðfræðinnar þannig að þeir geti rökrætt af innsæi um stærðfræðiverkefni sem tengjast eigin reynsluheimi, rökstutt niðurstöður sínar, val á lausnaleiðum og fylgt röksemdafærslu annarra. Nemendur unnu með Sprota 4a og 4b, nemendabók og æfingabók, Húrrahefti, lærðu á vasareikni, ásamt öðru efni frá kennurum. Þau fengu þannig fjölbreytta þjálfun við hæfi hvers og eins. Kubbar og talnagrindur voru alltaf til staðar fyrir nemendur.

Samfélags- og náttúrufræði

Í vetur var unnið með mikilvægi þátttöku í samfélaginu, bæði í nútíð og fortíð. Unnið var með hugtök eins og samkennd, samábyrgð, umburðarlyndi, að setja mörk og hvað við sjálf getum lagt af mörkum til að hafa góð áhrif á samfélagið sem við búum í. Ýmis verkefni voru unnin út frá bókum eins og Komdu og skoðaðu hringrásir, Komdu og skoðaðu sögu mannkyns, Hvalir og Könnun kortin ásamt ýmsum verkefnum frá kennurum. Við skoðuðum orkubúskap í víðu samhengi og bera virðingu fyrir umhverfinu.

Lífsleikni

Verkefni samkvæmt Uppbyggingarstefnu og lífsleikni voru unnin. Það var unnið með hugtök eins og samkennd, umburðarlyndi, vinátta, sjálfskoðun, fjölskyldu, skólafélaga og að tilheyra hópi. Áhersla var lögð á að nemendur temdu sér virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum ásamt eigum sínum og annarra. Bekkjarsáttmáli var gerður. Einnig var farið vel í hlutverk nemenda og kennara.

Enska

1 kennslustund á viku

Kennari: Arna Björk Sæmundsdóttir og Hrafnhildur Þórólfsdóttir

Námsefni: Right on, Adventure Island of English Words (myndaspjöld). Aðallega var unnið með orðaforða.

Námsmat: Ekkert formlegt námsmat.

Handmennt, tæknimennt, heimilisfræði og upplýsingatækni

Áhersla var lögð á að þjálfa hug og hönd nemenda og örva sköpunargleði þeirra. Mjög mörg verkefni voru unnin í hverju fagi fyrir sig.

Útivist

Farið var í útivist 1 sinni í viku og var lögð áhersla á frjálsan leik og holla hreyfingu.

Sund

Nemendum var skipt í þrjá hópa í sundinu. Farið var í alla helstu þætti sem koma fyrir í námskrá.

Námsmat

Íslenska: Lesfímipróf frá Menntamálastofnun voru lögð fyrir í september, janúar og maí. Þeir sem þurftu fengu stuðningskennslu í lestri og voru metnir aukalega í október og mars til að sjá framvindu þeirra og meta hvort þyrfti að bregðast meira við en hafði verið gert. Lesskilningsprófið Orðarún var lagt fyrir 2x. Í maí var prófað í skrift, framsögn og málfræði. Við mat á hraðlestrarprófum var stuðst við viðmið um lesfími frá MMS. Einnig var ýmis verkefnavinna nemenda og vinnuframlag nemenda metin.

Nemendur tóku lokapróf úr Sprota 4a þegar þau luku við bókina og lokapróf í maí sem miðaði við staðsetningu hvers og eins í náminu, ásamt reglulegum lotukönnunum yfir veturinn, sem þó rugluðust aðeins vegna Covid yfir veturinn.

Í öðrum greinum sem umsjónarkennarar kenndu var ekkert formlegt námsmat.

Viðburðir og vettvangsferðir

Þann 3. september var farið í fjallgöngu upp í Naustahvilt fyrir ofan flugvöllinn og var það mjög skemmtilegt.

Nemendur tóku þátt í Norræna skólahlaupinu 18. september.

Haldið var bekkjarskemmtun eftir samræmdu prófin í september.

Hjúkrunarfræðingur kom tvisvar í bekkina og var með fræðslu fyrir nemendur.

Foreldraviðtöl voru í upphafi skólaársins, í október og í janúar.

Dótadagur var 1. nóvember og fannst nemendum það mjög skemmtilegt.

28. nóv. var okkur boðið á sýninguna um Djáknann á Myrká í Hömrum, á vegum Listar fyrir alla og var sú sýning mjög skemmtileg.

29. nóv. var opinn dagur í skólanum og aðstandendur nemenda sérstaklega boðnir velkomnir.

Á þessu skólaári tóku nemendur í fyrsta skipti þátt í vinaliðaverkefninu, sex nemendur (þrír úr hverjum bekk) voru vinaliðar fyrri hluta skólaársins og aðrir sex seinni hlutann.

Á bolludag var maskaball og mættu ýmsar furðuverur í skólann. Mikill metnaður var lagður í búningana.

Lestraráttak var 3. febrúar.

18. febrúar sáu við sýninguna Iðunn og eplin á vegum Kómedíuleikshússins í Hömrum.

Enginn árshátíð var haldin þetta árið vegna Covid faraldursins.

29. maí var farin hjólaferð inn í Tunguskóg. Heppnaðist hún mjög vel og var nesti borðað í skjóli trjáa sökum rigningarúða.

Annan júní tóku nemendur þátt í Leikjadegi fyrir yngsta stig. Farið var í alls konar leiki á Torfnesi þar sem áherslan var á að hafa gaman. Nemendum í 3. og 4. bekk var skipt saman í hópa.

Á vorverkadaginn þann 4. júní var ekkert hreinsunarverkefni til fyrir 4. bekkinga þannig að við fórum í umhverfisathugun í bænum og veltum fyrir okkur skipulagningu svæða og því hvernig nemendur sáu fyrir sér þessi svæði og nýtingu þeirra.

Síðasti kennsludagur var 5. júní og hélt árgangurinn sameiginlegt party af því tilefni.

Afhending vitnisburðar var þann 9. júní.

Skólastarf vetrarins hjá 4. bekk gekk vel og samvinna kennara var mjög góð.

Arna Björk Sæmundsdóttir og Jón Heimir Hreinsson



5.bekkur

Nemendur árgangsins voru 34 í byrjun vetrar en þrír yfírgáfu okkur og þeir voru 31 í lok vetrar. Kennt var í tveimur bekkjum og voru Hrafnhildur Þórólfsdóttir og Jóhanna Ása Einarsdóttir umsjónarkennarar. Hrafnhildur fór í veikindaleyfi í maí og þá tók Laufey Eypórsdóttir við hennar bekk. Iwona Maria Samson sá um sérkennslu í stærðfræði og íslensku sem annað tungumál og Laufey Eypórsdóttir sá um sérkennslu í íslensku og félagsfærniþjálfun.

Kennarar árgangsins

Árni Heiðar Ívarsson – íþróttir og sund

Bergljót Halldórsdóttir – enska í 5. HÞ

Bjarnveig S. Jakobsdóttir og Harpa Sjöfn Friðfinnsdóttir –hönnun og smíði

Fríða Rúnarsdóttir – textílmennt

Guðlaug Jónsdóttir – heimilisfræði

Jón Hálfván Pétursson – samfélagsfræði í 5. JÁE

Pétur Már Sigurðsson - íþróttir

Hrafnhildur Þórólfsdóttir / Laufey Eypórsdóttir – umsjón, upplýsinga- og tæknimennt, íslenska, stærðfræði, enska 5. JÁE og myndmennt og samfélagsfræði.

Jóhanna Ása Einarsdóttir – umsjón, náttúrufræði, íslenska, stærðfræði, upplýsinga- og tæknimennt.

Eftirtalin fög voru kennd: Íslenska 7 stundir á viku, stærðfræði 6, samfélagsfræði 4, náttúrufræði 3, enska 2, lífsleikni 2, upplýsingatækni 1, íþróttir 2 og sund 1. Textílmennt, heimilisfræði og tæknimennt voru kenndar í lotum í hringekju, 3 tíma á viku í 13 vikur hvert fag. Hræringur eru 3 tímar á viku og þar eru kennd mismunandi fög sem nemendur hafa valið sér og er hvert fag kennt í átta vikur og þá skipta þau um fag. Að valinu koma ýmsir kennarar.

Kennsluhættir

Umsjónarstofur árgangsins voru stofur 107 og 108. Auk þess var sérkennsla kennd í stofu 106 og námsveri. Bekkirnir fengu spjaldtölvur í október og hafa nemendur verið að vinna í þeim í vetur. Spjaldtölvurnar voru alltaf geymdar í þar til gerðum skáp í skólastofu og sáu nemendur um að hlaða þær og sækja uppfærslur ef þeir gátu. Kennarar stjórnuðu notkun þeirra að öllu leyti og finnst vel hafa tekist til með notkun þeirra.

Stærðfræði

Námsgögn: Stika 1A og 1B nemendabók og æfingahefti, ýmis ljósrit og kennslumyndir á Skólavefnum.

Námstilhögun: Kennt var í tveim hópum og auk þess fór Iwona með nemendur sem þurftu meira næði í sérstofu.

Námsmat: Lotukannanir eftir hvern kafla og lokapróf í lok hvorrar bókar fyrir sig. Einnig var ástundun og vinnusemi metin.

Íslenska

Námsgögn: Orðspor 1 – lesbók og vinnubók, Málrækt 1, Ljóðspor, Skrift 3, 4, 5 og 6, lesskilningsverkefni (m.a. svokölluðu Litabækurnar á Skólavefnum) og hlustunaræfingar auk ýmissa ljósritaðra verkefna.

Námstilhögun: Kennt var í bekkjardeildum í umsjónarstofum. Áhersla var lögð á lestur og lesskilning, m.a. með reglulegum lesskilningsverkefnum og yndislestri. Lærð voru þrjú ljóð utanbókar yfir skólaárið.

Námsmat: Þrjú hraðlestrarpróf voru lögð fyrir yfir veturinn, lesskilningspróf voru tvö yfir veturinn, framsagnarpróf og málfræðipróf í janúar.

Samfélagsfræði

Námsgögn: *Ísland – hér búum við* (landafræði) og *Vikingaöldin* (saga).

Námstilhögun: Landafræðihlutinn var tekinn á haustönn og söguhlutinn á vorönn. Í landafræði unnu nemendur mestmegnis verkefni í vinnubók. Ennfremur notuðu nemendur upplýsingar á netinu.

Námsmat: Vinna og vinnubækur nemenda voru metnar til einkunnar ásamt verkefnum af ýmsu tagi, bæði hópverkefni og einstaklingsverkefni.

Náttúrufræði

Námsgögn: Auðvitað 1, Lífríkið í sjó, Blikur á lofti og ýmis myndbönd.

Námstilhögun: Kennslan var með hefðbundnum hætti. Eðlisfræðin (Auðvitað 1) var tekin á haustönn, Lífríkið í sjó fyrri hluta vorannar og Blikur á lofti í lok skólaárs.

Námsmat: Kannað var tvívegis úr Auðvitað 1, auk þess voru verkefni, vinnusemi og ástundun metin.

Enska

2 kennslustundir á viku.

Kennarar: Bergljót Halldórsdóttir og Hrafnhildur Þórólfsdóttir

Námsefni: Portfolio námsefnið Work Out og Speak Out. Unnin voru hópverkefni í tengslum við námsefnið svo sem Fashion Show og Birthday Train. Við horfðum á Arthur Christmas. Símat.

Upplýsingatækni

Kennt var í tölvuveri skólans.

Nemendur fengu þjálfun í fingrasetningu, á ritvinnsluforrit og vélabúnað tölvunnar auk ýmissa forrita. Reynt var eftir mætti að samþætta upplýsingatæknina við aðrar námsgreinar, þannig að tölvuvinnslan nýttist sem best til verkefnagerða í öðrum námsgreinum.

Námsmat: Upplýsingatækni - tölvufærni og ástundun nemenda metin.

Lífsleikni

Uppbyggingarstefnan var rauður þráður í gegnum lífsleiknina í vetur og skólastarfið í heild. Farið var yfir hlutverk nemenda og kennara, þarfirnar og skýru mörkin. Í framhaldi af því var gerður bekkjarsáttmáli sem allir gátu sætt sig við og skrifað undir. Samskipti skipuðu stóran sess þar sem unnið var markvisst að því að byggja upp sjálfstraust og efla nemendur í félagsfærni og samskiptahæfni. Vinaliðaverkefnið gekk með ágætum.

Sérkennsla í íslensku

Árgangurinn fékk 5 kennslustundir á viku í sérkennslu þar sem unnið var með lestrarþjálfun og framsögn ásamt styttri þjálfunarsprettum í skrift. Sérkennari og umsjónarkennarar endurskoðuðu oft yfir veturinn hverjar áherslurnar þurftu að vera út frá því sem var í gangi þá stundina. Nemendur komu til að æfa lestur á einstaklingsgrundvelli og var unnið með lesfimi, framsögn, lesskilning, samantekt, forspá, orðaforða, spáð í sjónarhorn persónanna og persónugerðina. Hver nemandi vann út frá einstaklingsþörfum sínum. Umsjónarkennarar tóku sína bekk í lesfimiþróf og skráðu niðurstöður á mms.is. Þeir nemendur sem komu út með lægsta lesfimi fengu forgang í lestrarþjálfun. Aðrir fengu færri tíma og gjarnan stutta leiðsögn um atriði sem þurfti að skerpa á.

Aðrir atburðir

september Fjallanga – Gengið upp með fossinum við Buná.

september Haustfundur með foreldrum

nóvember Námskeið með Elísabetu Lorange

janúar Sólarkaffi

júní Heimsókn í Náttúrugripasafnið í Bolungarvík

Skólaárið var að mörgu leyti örðuvísi en venja er. Í byrjun skólaárs var nemendum kennt í þeim stofum sem þeir voru í seinni hluta síðasta skólaárs. Í byrjun október komumst við í bekkjarstofur. Veðurfarslega var veturinn einnig mjög erfiður og voru óeðlilega margir dagar þar sem kennsla var að einhverju leyti skert vegna þess að nemendur komust ekki í skóla vegna lokana á vegum eða veðurs. Rétt fyrir páskafrí var síðan skólanum lokað vegna Covid-19 og var heimakennsla í þrjár vikur sem fór alfarið fram með fjarkennslu og notkun á spjaldtölvum.

Jóhanna Ása Einarsdóttir, Hrafnhildur Þórólfsdóttir og Laufey Eyþórsdóttir

6.bekkur

Nemendur árgangsins voru 43 í upphafi skólaársins, 23 í 6. AY og 20 í 6. SRT. Umsjónarkennarar voru Auður Yngvadóttir og Smári Rafn Teitsson. Sérkennari árgangsins var Berglind Árnadóttir. Alma Sigurðardóttir (fyrir áramót) og Þuríður Pála Andradóttir (eftir áramót) voru stuðningsfulltrúar í 6. AY.

Kennarar árgangsins

Guðlaug Jónsdóttir – heimilisfræði

Fríða Rúnarsdóttir – textílmennt

Bergljót Halldórsdóttir og Smári Rafn Teitsson – enska

Árni Heiðar Ívarsson og Atli Freyr Rúnarsson – íþróttir og sund

Kristín Guðbjört Guðmundsdóttir – danska

Bjarnveig Jakobsdóttir og Harpa Sjöfn Friðfinnsdóttir – tæknimennt

Guðlaugur Viðar Valdimarsson – samfélagsfræði

Halldóra Jónasdóttir – leiklist

Berglind Árnadóttir – sérkennsla

Laufey Eypórsdóttir – félagsfærni

Auður Yngvadóttir og Smári Rafn Teitsson – íslenska, stærðfræði, náttúrufræði, samfélagsfræði, lífsleikni og upplýsingatækni.

Eftirtalin fög voru kennd: Íslenska 6 stundir á viku, stærðfræði 6, samfélagsfræði 3, náttúrufræði 3, enska 2, lífsleikni 1, íþróttir 2, sund 1, danska 1 og upplýsingatækni 1. Textílmennt, tæknimennt, leiklist og heimilisfræði voru kenndar í lotum í hringekju, 3 tíma á viku hver lota. Auk þess var boðið upp á val/hræring í 3 stundir á viku og komu ýmsir kennarar að þeirri kennslu.

Kennsluhættir

Umsjónarstofa 6. AY var stofa nr. 117 og 6.SRT var í stofu 116. iPad var notaður meira en í 5. bekk og nemendur farnir að venjast því að vinna verkefni í honum og skila á Google Classroom.

Stærðfræði

Námsgögn: Stika 2a og 2b nemendabók og æfingahefti, æfingar á Skólavefnum ásamt ýmsu ítarefni frá kennurum. Nemendur voru markvisst hvattir til sjálfstæðra vinnubragða, sýna þrautseigju og að halda áfram á sínum hraða.

Námstilhögun: Unnið var í bekkjardeildum en nokkrir nemendur úr hvorum bekk fóru í sérkennslu til Berglindar.

Námsmat: Kannanir eftir hvern kafla.

Íslenska

Námsgögn: Málrækt 2, Smellur 2, skriftarbækur miðaðar við hæfni hvers nemanda, ýmsar æfingar á Skólavefnum (gagnvirkir efni) eins og Litabækurnar sem voru notaðar til þess að þjálfa lesskilning. Vanda málið – Ekki málið og Rauðkápa voru einnig notaðar. Námstilhögun: Við lögðum áherslu heimalestur að lágmarki 15 mínútur á dag auk þess að byrja hvern morgun á yndislestri. Um haustið voru nemendur með valblað í hverri viku þar sem þeir völdu hvaða íslenskuverkefni þeir unnu en um vorið var kennslan meira kennarastýrð. Yfirleitt var um einstaklingsmiðað nám að ræða en einnig var unnið í pörum og hópum. Íslenskuljóð Þórarins Eldjárns (Á íslensku má alltaf finna svar) var lært utanbókar.

Námsmat: Símat. Vinnubækur metnar og frammistaða í tímum. Próf í fallbeygingu voru lögð fyrir með reglulegu millibili. Þrjú lesfimiþróf voru lögð fyrir yfir veturinn hjá öllum í samræmi við lesfimiáætlun Menntamálastofnunar. Lesskilningþrófið Orðarún var lagt fyrir að hausti og í maí.

Samfélagsfræði

Námsgögn: Norðurlönd (lesbók og vinnubók).

Námstillhögun: Áætlunin var að taka landafræðihlutann á haustönn og söguhlutann á vorönn. Vegna m.a. kórónuveiruna og þeirra áhrifa sem hún hafði á skólastarfið var landafræðin eingöngu tekin. Áhersla var lögð á vönduð og sjálfstæð vinnubrögð. Verkefni af ýmsu tagi voru unnin, bæði einstaklingsverkefni og hópaverkefni.

Námsmat: Vinnubók, verkefnavinna og þátttaka nemenda og kaflapróf.

Náttúrufræði

Námsgögn: Auðvitað, jörð í alheimi

Námstillhögun: Eins og í fleiri fögum hafði kórónaveiran áhrif á hve mikið efni var hægt að komast yfir. Verkefnavinna úr efni bókarinnar var rauði þráðurinn í starfinu. Hópverkefni var unnið um pláneturnar þar sem nemendur unnu með hlutföll, afraksturinn var hengdur upp á vegg.

Námsmat: Kaflapróf, verkefnavinna og frammistaða í tímum.

Enska

2 kennslustundir á viku.

Kennarar: Bergljót Halldórsdóttir og Smári Teitsson.

Námsefni: Basic Oxford Dictionary (BOPD) var tekið fyrir áramót og Ready for Action eftir áramót. Úr þeirri síðarnefndu unnu nemendur verkefni í iPad sem var skilað í Google Classroom.

Námsmat: Frammistaða í tímum, Classroom-verkefni, hópverkefni og skyndipróf í lok skólaárs.

Danska

Dönskukennari í 6. bekk var Kristín Ólafsdóttir.

Í vetur fengu nemendur 6. bekk að kynna dönskunáminu eina kennslustund á viku. Farið var í léttar æfingar og leiki.

Kristín Ólafsdóttir

Námsgögn að mestu ýmis verkefni frá kennurum auk þess sem byrjað var á námsbókunum Start lesbók og vinnubók

Upplýsingatækni

Námstillhögun: Kennt var í skólastofum þar sem nemendur notuðu iPad og í tölvuveri skólans (tölvur).

Áhersla lögð á að kenna nemendum á iPad og nýta hann til verkefnavinnu í gegnum algeng forrit, einkum Keynote og Classroom. Reynt var að samþætta upplýsingatæknina við aðrar námsgreinar, þannig að tölvuvinnslan nýttist sem best til verkefnagerða í öðrum námsgreinum.

Námsmat: Upplýsingatækni - tölvufærni og ástundun nemenda metin.

Lífsleikni

Uppbyggingarstefnan var rauður þráður í gegnum lífsleiknina í vetur og skólastarfið í heild. Farið var yfir hlutverk nemenda og kennara, þarfirnar og skýru mörkin. Áhersla var lögð á þarfir og sérstöðu hvers og eins einstaklings, styrkleika og veikleika. Samskipti skipuðu stóran sess

þar sem unnið var markvisst að því að byggja upp sjálfstraust og efla nemendur í félagsfærni og samskiptahæfni. Laufey Eypórsdóttir sérkennari kom einu sinni í viku í hvorn bekk og kenndi félagsfærni. Bekkjarfundir voru reglulega þar sem hópurinn þjappaði sér saman og ræddi saman um líðan sína í skólanum, hvað gengi vel og hvað hægt væri að bæta.

Félagshæfni

Í þessum tímum var unnið með tilfinningaorðaforða (CAT-kassi), viðhorf (HAM), sjálfsmynd styrkt (Fjársjóðsleitin), hegðun skilgreind (litahegðun úr CAT-kassa) og unnið með samskiptahæfni (Legó mál- og félagshæfniörvun). Þessi vinna var tengd við uppbyggingarstefnuna jafnóðum. Hvor bekkur um sig fékk félagshæfnitíma einu sinni í viku. Sérkennari kom ýmist inn í bekkinn, vann með minni hópum eða einstaklingum eftir þörfum. Kennari vann svo áfram og tengdi efnið við það sem var á döfinni hverju sinni. Nemendurnir tjáðu ánægju sína með tímana og tengdu efni tímana gjarnan við eigin reynslu. Nemendur hafa flestir orðið mun opnari og viljugri að ræða eigin tilfinningar í kjölfar tímana. Laufey Eypórsdóttir, sérkennari

Viðburðir og vettvangsferðir

September 2019	Fjallganga á Sandfell Norræna skólahlaupið
Október 2019	Barnabókaflóðið Hrekkjavaka í skólanum
Nóvember 2019	Nemendaþing
Desember 2019	Opið hús Litlu jólin
Febrúar 2020	Maskadagur/maskaball Þemadagur
Mái 2020	Hjóladagur
Júní 2020	Íþróttadagur Vorverkadagur – gróðursetning í Tunguskógi

Auður Yngvadóttir og Smári Rafn Teitsson



7.bekkur

Nemendur árgangsins voru 32, 16 drengir og 16 stúlkur. Umsjónarkennarar voru Erna Sigrún Jónsdóttir og Guðný Stefanía Stefánsdóttir.

Kennarar árgangsins

Erna Sigrún Jónsdóttir– íslenska, stærðfræði, náttúrufræði, upplýsingatækni, heimilisfræði, danska og lífsleikni.

Guðný Stefanía Stefánsdóttir - íslenska, stærðfræði, náttúrufræði, upplýsingatækni, lífsleikni.

Fríða Rúnarsdóttir – textílmenn

Guðlaugur Viðar Valdimarsson, Katrín Kristín Friðjónsdóttir - samfélagsfræði

Elín Sveinsdóttir, Halldóra Jónasdóttir- leiklist

Bjarnveig S. Jakobsdóttir, Harpa Sjöfn Friðfinnsdóttir– smíðar og hönnun

Katrín Ólafsdóttir – danska

Bergljót Halldórsdóttir, Katrín Kristín Friðjónsdóttir– enska

Atli Freyr Rúnarsson – íþróttir og sund

Pétur Már Sigurðsson - íþróttir

Magnúsína Laufey Harðardóttir – íslenska sem annað mál

Iwona María Samson – sérkennsla

Sóley Veturliðadóttir – þroskaþjálfari

Eftirtalin fög voru kennd: Íslenska 6 stundir á viku, stærðfræði 6 stundir á viku, samfélags-fræði 3 stundir á viku, náttúrufræði 3 stundir á viku, enska 2 stundir á viku, lífsleikni 1 stund á viku, íþróttir 2 stundir á viku, sund 1 stund á viku, upplýsingatækni 1 stund á viku og danska 2 stundir á viku. Textílmenn, leiklist, heimilisfræði og smíðar og hönnun voru kenndar í lotum í hringekju, 3 tíma á viku, 7 vikur hvert fag. Valtímar – Hræringur var í 3 stundir á viku og ýmsir kennarar sinntu þeirri kennslu.

Kennsluhættir

Kennt var að mestu í einum bekk en hópnum var skipt í hópa í íslensku, stærðfræði og samfélagsfræði og þeim kennt í tveimur bekkjarstofum. Notast var við fjölbreytta kennsluhætti þar sem hópvinna og snjalltæki voru mikið nýtt. Í mars og apríl var kennslan að mestu leyti fjarkennsla vegna Covid-19 og komu þá spjaldtölvurnar sem nemendur hafa til afnota að góðum notum. Í fjarkennslunni notuðumst við mest við Seesaw og Google Classroom til að koma verkefnum og upplýsingum til nemenda og Google Meets til að hitta nemendur daglega á fjarfundum.

Stærðfræði

Námsgögn: Stika 3A og 3B nemendabók, æfingahefti 3A og 3B, ásamt ýmsu ítarefni frá kennurum.

Námstillögun: Kennt var að mestu í bekknum. Nemendur fengu vinnuáætlun í upphafi hvers kafla/lotu. Áætlunin var miðuð við getu hvers og eins hver vann miðað við sinn námshraða. Tvisvar í viku var kennt í tveimur hópum sem gafst mjög vel.

Námsmat: Lotupróf að loknum hverjum kafla.

Íslenska

Námsgögn: Málrækt 3, Ljóðspor, Orðspor 3 lesbók og vinnubók, Bókrynisverkefnabók, Töfraskinna, Litabækur-lesskilningsverkefni, Mál er miðill. Ýmsar lestrarbækur og ítarefni. Einnig var unnið með ritun. Ljóðið Lofsöngur, var lært utanbókar, fyrirhugað var að gera kjörbókarritgerð að vori en það náðist ekki vegna Covid. Einnig náðist ekki að ljúka Gunnlaugs sögu Ormstungu.

Námstilhögun: Nemendur unnu ýmist í hópum eða í einstaklingsverkefnum. Tvisvar í viku var þeim kennt í minni hópum.

Nemendur tóku þátt í Stóru upplestrarkeppninni.

Námsmat: Prófað var í íslensku á vorönn. Þrjú hraðlestrarpróf voru lögð fyrir yfir veturinn og tvö lesskilningspróf. Einnig var prófað í stafsetningu. Heimalestur gildi til lokaeinkunnar í íslensku.

Samfélagsfræði

Kennarar: Guðlaugur Viðar Valdimarsson og Katrín Kristín Friðjónsdóttir

Á haustönn var landafræði og valdir kaflar úr bókinni *Evrópa* lesnir og verkefni unnin í vinnubók. Til viðbótar voru ýmis verkefni unnin þegar það átti við, t.d. upplýsingaleit á neti, gerð glærusýninga. Tímaverkefni unnið úr völdu efni.

Á vorönn var saga og valdir kaflar úr bókinni *Frá Róm til Þingvalla* lesin og verkefni unnin í vinnubók. Til viðbótar voru ýmis verkefni unnin. Vegna skerts skólastarfs var engan veginn mögulegt að fylgja þeirri áætlun sem lagt var upp með.

Náttúrufræði

Námsgögn: Auðvitað 3, Maðurinn hugur og heilsa og ýmis myndbönd.

Námstilhögun: Kennslan var með hefðbundnum hætti. Eðlisfræðin (Auðvitað 3) var tekin á haustönn og lífvísindin (Maðurinn hugur og heilsa) voru kennd á vorönn.

Námsmat: Verkefni og heimapróf úr Auðvitað og vinnubók metin úr Manninum.

Danska

Dönskukennarar í 7. bekk voru Erna Sigrún Jónsdóttir og Kristín Ólafsdóttir

Tvær kennslustundir á viku.

Námsgögn Start les-og vinnubók. Spil og lege. Kahoot

Samantekt: Unnið í kennslubókinni Start lesbók og vinnubók auk ýmissa verkefna frá kennurum. Nemendur horfðu á danskt myndefni.

Útiverkefni: Myndvinnsla unnið með nafnorð og liti, myndvinnsla unnið með jólaorð.

Forsetningarganga

Erna Sigrún Jónsdóttir og Kristín Ólafsdóttir

Enska

2 kennslustundir á viku.

Kennarar: Bergljót Halldórsdóttir og Katrín Kristín Friðjónsdóttir.

Námsefni: Ready for Action Unnin voru verkefni í tengslum við námsefnið og ípad notaður í tengslum við verkefni. Einnig var farið í Action lesbók og Action B vinnubók. Við horfðum einnig á myndina Polar express í desember.

Upplýsingatækni

Kennt var til helminga í bekkjarstofu á spjaldtölvur og í tölvuveri skólans á Word. Farið var skipulega í fingrasetningu og ritvinnslu í Word og verkefni þeim tengd unnin í kennslustundum. Í-padar voru mikið notaðir í öllum greinum.

Námsmat: Símat, þar sem vinnusemi, ástundun og verkefni voru metin.

Lífsleikni

Áhersla var lögð á almenn samskipti fólks sérstöðu hvers og eins einstaklings, styrkleika og veikleika, sjálfsmynd nemenda og lífsgildi. Mikil áhersla lögð á samskipti, bæði barnanna á milli og annarra. Haldnir voru bekkjafundir og unnið með bókina Ertu?

Samskipti skipuðu stóran sess þar sem unnið var markvisst að því að byggja upp sjálfstraust og efla nemendur í félagsfærni og samskiptahæfni.

Uppbyggingarstefna

Hlutverkin okkar og bekkjarsáttmálinn voru rifjuð upp og endurbætt.

Einnig var farið vel í hvað eru góðar venjur og slæmar venjur, og í sambandi við það hvað er að vera góður vinur og slæmur vinur.

Viðburðir og vettvangsferðir

22. 8	Skólasetning
26.-30.8	Skólabúðirnar að Reykjum
12.9	Hautfundur með foreldrum
18.9	Ólympíuhlaup ÍSÍ
19.-20.9	Samræmd próf í íslensku og stærðfræði
1. 10	Krakkasvarið á RÚV
2.10	Foreldraviðtöl
16.10	Stóra upplestrarkeppnin sett í Hömrum á degi íslenskrar tungu
17.10	Foreldraviðtöl
18.-21.10	Vetrarfrí
1.-15.11	Jól í skókassa
30.11	Sýning á leikföngum nemenda í Hversdagssafninu
1. 12	Opið hús
17.12	Tarzan leikur í Torfnesi
20. 12	Litlu jólin
29.1	Foreldraviðtöl
3.2	Dagur stærðfræðinnar
14.-17.2	Vetrarfrí
21.1	Vettvangsferð í Orkubú Vestfjarða
20.2	Bekkjakeppni Stóru upplestrarkeppninnar
26.2	Skólakeppni Stóru upplestrarkeppninnar
24.2	Bolludagur-grímuball
4. 3	Lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar
27.5	Leikskólahittingur með Tanga -verðandi 1.bekk og vinabekk
2.6	Hjólaferð og golf í Tungudal
3.6	Íþróttadagur á Torfnesi
4.6	Vorverkadagur, unnið í Gróanda

Erna Sigrún Jónsdóttir og Guðný Stefanía Stefánsdóttir



3. Skýrslur unglingastígs

Skýrsla deildarstjóra unglingastígs

Í unglingadeild voru 100 nemendur. Einhverjar breytingar urðu í öllum árgöngum, nemendur fluttu í burt og aðrir fluttu í bæinn. Í öllum árgöngum er einn bekkur en tveir kennarar með hvern bekk. 8. og 9. bekkur voru alltaf í tveimur hópum en 10. bekkur var oftast í einum hóp en fór stundum í tvo hópa í ákveðnum fögum.

Nemendur á unglingastígi taka ákveðinn fjölda valtima á viku Í 8. bekk eru það 5 tímar á viku en 7 tímar í 9. og 10. bekk. Valgreinar sem allir árgangar gátu sótt í vetur voru: aðstoð í Dægradvöl, dans, drekar og dýflissur, enski boltinn, forritun, fab-lab, fata/bútasaurur, , næringarfræði, leikmynda og búningahönnun, líkamsrækt og þjálfun, málm- og silfursmíði, þrjón/hönnun, seinni heimstyrjöldin í kvikmyndun, skák, slökun og hugleiðsla, skólahreysti, myndmennt, trésmíði, tæknilegó og tækniráð. 9. og 10. bekkur gátu valið frönsku, hárgreiðslu, heimilisfræði, ítölsku, og námsaðstoð til viðbótar. Nemendur í 10. bekk gátu einnig valið fornám ökunáms og smáskipanám sem kennt var í Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Nemendur gátu einnig fengið metið sem val nám í tónlistarskóla og skipulagðar æfingar með íþróttafélögum.

Í byrjun september voru kosnir fulltrúar nemenda í stjórn nemendaráðs. Úr hverjum árgangi eru kosnir tveir drengir og tvær stúlkur. Eftirtaldir nemendur voru kosnir: 8. bekkur: Berglind Sara Friðbjörnsdóttir, Kristján Eðvald Ragnarsson, Sveinfríður Sigrún Stefánsdóttir og Tómas Elí Vilhelmsson. 9. bekkur: Agnes Þóra Snorradóttir, Brynja Dís Höskuldsdóttir, Hörður Christian Newman og Jón Haukur Vignisson. 10. bekkur: Halla María Ólafsdóttir, Lilja Borg Jóhannsdóttir og Stefán Freyr Jónsson.

Stjórn nemendaráðs fundar á mánudögum kl. 20:00. Eva María Einarsdóttir forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar Djúpsins aðstoðar nemendur við að skipuleggja starfið.

Þann 5.-6. október hélt íþróttafélagið Ívar Bocciamót. Leitað var til skólans um samstarf og gátu nemendur í 9. og 10. bekk tekið aðstoð við mótið sem valgrein. Fram að móti voru þau á vikulegum Boccianámskeiðum og æfingum og luku svo verkinu með því að aðstoða á mótinu við ýmis störf. Mikil ánægja var með samstarfið og íþróttafélagið Ívar þakkaði nemendum sérstaklega fyrir sitt framlag.

Íþróttahátíðin í Bolungarvík var haldin þann 10. október. Á Íþróttahátíðinni keppa unglingastígsnemendur af öllum Vestfjörðum í fjölbreyttum íþróttagreinum og fagna svo samverunni með dansleik um kvöldið. Allir sem hafa áhuga á því að taka þátt fá að keppa í blönduðum liðum og hefur það fyrirkomulag vakið mikla ánægju.

Þann 8. nóvember er baráttudagur gegn einelti af því tilefni var haldið nemendapening hér í skólanum. Rætt var um samskipti, hvað væru góð/slæm samskipti og hvað væri hægt að gera til að bæta samskipti. Sjálfboðaliðar í 9. og 10. bekk tóku að sér að vera hópstjórar en þeir stýra umræðum og kynningu á niðurstöðum.

29. nóvember var haldin hátíð á unglingastígi til að fagna fullveldi Íslands. Nemendur í leiklistavali sýndu verkið: Útskriftarferðin eftir Björk Jakobsdóttur í leikstjórn Elínar Sveinsdóttur.

Þann 18. desember var haldinn ratleikur fyrir nemendur á unglingastígi. 8.-10. bekk var skipt í blandaða hópa sem fengust við fjölbreytt verkefni sem var skilað í gegnum Google Classroom. Tveir hópar stóðu sig best í leiknum og fengu meðlimir þeirra gjafabréf upp á ís með dýfu í verðlaun.

13. febrúar var þemadagur á unglingastígi. Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna voru efniviðurinn og nemendur fengu að velja hvaða markmið þeir vildu fjalla um. Fjölbreytt vinna var unnin og afraksturinn er hægt að sjá hér <https://sites.google.com/grisa.isafjordur.is/heimsmarkmidin/home>

Böll eru haldin reglulega yfir veturinn sum eru á vegum fjáröflunarnefndar 10. bekkjar en önnur á vegum félagsmiðstöðvar. Helstu böllin eru Busaball, Deshátíðin, Rósaball, og lokaball. 7. bekkjum er boðið á lokaballið ásamt nemendum úr nágrannaskólum. Vegna sérstakra aðstæðna var hvorki farið á Samfés né í Skólahreysti.

16. mars – 11. maí voru miklar takmarkanir á skólastarfi sem urðu meðal annars til þess að skólinn lokaði alfarið í þrjár vikur. Á þeim tíma var fjarkennsla hjá nemendum og var tæknin nýtt til hins ítrasta. Verkefni voru afhent á Google Classroom og einnig hittu umsjónarkennarar á unglingastigi nemendur sína daglega með aðstoð Google Meet.

Skólanum var slitið í Ísafjarðarkirkju þann 9. júní. Að þessu sinni voru aðeins 10. bekkingar á skólaslitum en 8. og 9. bekkur fékk einkunnir afhentar klukkan 10:00 sama dag.

Á skólaslitum flytur skólastjóri ávarp og einnig fulltrúar útskriftarnema. Veittar eru viðurkenningar fyrir námsárangur og að lokum eru nemendur 10. bekkjar útskrifaðir.

Anna Marý Jónasdóttir og Daði Hrafn Þorvarðarson nemendur í 9. bekk voru kynnar á athöfninni..

Nemendur í smáskipanámi fengu prófskírteini sitt frá Fræðslumiðstöð Vestfjarða það voru: Arnar Ebenezer Agnarsson, Baldur Freyr Gylfason, Hrefna Dís Pálsdóttir, Jóhanna Ýr Barðadóttir, Sigrún Aðalheiður Aradóttir og Viktoría Rós Þórðardóttir.

Viðurkenningu Rotary klúbbsins á Ísafirði fyrir ástundun og framfarir fengu Tómas Elí Vilhelmsson í 8. bekk, Lilja Jóna Júlíusdóttir í 9. bekk og Arndís Magnúsdóttir í 10. bekk.

Kvenfélagið Hlíf gaf viðurkenningar fyrir verk og listgreinar. Danska Menntamálaráðuneytið gaf viðurkenningu fyrir dönsku og Ísfirðingarfélagið í Reykjavík gaf gjöf til minningar um Hannibal Valdimarsson. Þessi viðurkenning er veitt nemanda í 10. bekk fyrir lofsverða ástundun, framfarir í námi og virka þátttöku í félagsstarfi, Crossfit-Ísafjörður gaf viðurkenningar fyrir góða ástundun og námsárangur í íþróttum. Aðrar viðurkenningar eru frá Grunnskólanum á Ísafirði.

Eftirtaldir hlutu viðurkenningar: Sigrún Aðalheiður Aradóttir fyrir textílmennt. Oliwia Godlewska fyrir myndmennt. Gautur Óli Gíslason fyrir heimilisfræði, samfélagsfræði og náttúrufræði. Adrian Nieduzak fyrir smíði. Kári Eydal fyrir íþróttir. Viktoría Rós Þórðardóttir fyrir dönsku, íþróttir og íslensku. Arnar Rafnsson fyrir störf í tækniráði. Lilja Borg Jóhannsdóttir fyrir stærðfræði og viðurkenningu Ísfirðingafélagsins. Sigrún Brynja Gunnarsdóttir og Snæfríður Lillý Árnadóttir fyrir ensku.

Guðbjörg Halla Magnadóttir

8. bekkur

Nemendur árgangsins voru 37 við upphaf skólaárs en 39 við skólalok.

Umsjónarkennarar voru Guðný Harpa Hilty Henrysdóttir og Katrín Kristín Friðjónsdóttir

Kennarar árgangsins eftir námsgreinum

Danska – Kristín Ólafsdóttir

Enska – Guðný Harpa Hilty Henrysdóttir og Katrín Kristín Friðjónsdóttir

Heimilisfræði – Guðlaug Jónsdóttir

Íslenska – Guðný Harpa Hilty Henrysdóttir og Katrín Kristín Friðjónsdóttir

Íslenska sem annað mál – Magnúsína Laufey Harðardóttir, Kristín Berglind Oddsdóttir og Guðný Harpa Hilty Henrysdóttir

Íþróttir – Árni Heiðar Ívarsson og Nemanya

Lífsleikni – Guðný Harpa Hilty Henrysdóttir og Katrín Kristín Friðjónsdóttir

Náttúrufræði – Jón Hálfán Pétursson og Guðný Harpa Hilty Henrysdóttir

Samfélagsfræði – Katrín Kristín Friðjónsdóttir

Stærðfræði – Jón Hálfán Pétursson og Guðný Harpa Hilty Henrysdóttir

Sund – Árni Heiðar Ívarsson

Textílmennnt – Friða Rúnarsdóttir

Tæknimennnt – Bjarnveig Jakobsdóttir (fyrir áramót) og Harpa Sjöfn Friðfinnsdóttir (eftir áramót)

Upplýsingatækni – Guðný Harpa Hilty Henrysdóttir

Eftirtalin fög voru kennd: Íslenska 5 stundir á viku, stærðfræði 5, samfélagsfræði 3, náttúrufræði 3, enska 4, lífsleikni 1, íþróttir 2, sund 2, danska 3. Þetta ár voru nemendur í 8. bekk einnig í list- og verkgræinum sem kenndar voru í hringekjuformi, 4 kennslustundir á viku í fjórum níu vikna tímabilum. Greinarnar sem voru kenndar svona voru: Heimilisfræði, textílmennnt, tæknimennnt og upplýsingatækni. Nemendur fóru einnig í hinar ýmsu valgreinar og ýmsir kennarar sinntu þeirri kennslu.

Kennsluhættir

Í upphafi skólaárs var árgangnum skipt í mismunandi hópa eftir mismunandi fögum og höfðum við til umráða stofur 213 og 216. Í febrúar ákváðum við að festa hópa á stofur þannig að hver nemandi væri alltaf í sömu stofunni. Í mars og apríl var kennslan að mestu leyti fjarkennsla vegna Covid-19 og komu þá spjaldtölvurnar sem nemendur hafa til afnota að góðum notum. Í fjarkennslunni notuðumst við mest við Google Classroom til að koma verkefnum og upplýsingum til nemenda og Google Meets til að hitta nemendur daglega á fjarfundum. Einnig notuðum við Chat by Google Hangouts ef nemendur þurftu að spjalla við okkur um verkefni eða annað.

Stærðfræði

Námsgögn: Skali 1a og 1b, Almenn stærðfræði I.

Námstilhögun: Kennt í tveimur hópum, stundum þremur á móti sundi auk fjarkennslufunda.

Námsmat: Kaflapróf og verkefni

Kennarar: Berglind Árnadóttir, Guðný Harpa Hilty Henrysdóttir og Jón Hálfán Pétursson

Íslenska

Námsgögn: Kveikjur lesbók og verkefnabók, Smásagnasmáræði, Laxdæla, Gunnlaugssaga ormstungu, Finnur I og ýmsar lestrarbækur.

Námstilhögun: Áhersla var lögð á lestur, orðaforða, bókmenntir, málfræði og ritun. Nemendur unnu mikið til hópverkefni en þó einnig einstaklingsvinnu.

Námsmat: Lesfimipróf og fjölbreytt verkefni.

Kennarar: Berglind Árnadóttir, Guðný Harpa Hilty Henrysdóttir og Katrín Kristín Friðjónsdóttir

Samfélagsfræði

Á haustönn var unnið með bókina *Um víða veröld – jörðin* þar sem m.a. var farið yfir uppbyggingu jarðar, náttúru, gróður og loftslag, höfin, auðlindir og fleira. Tekin voru tvö kaflapróf en annars var símat á verkefnum nemenda (einstaklings og hópaverkefni) úr hverjum kafla fyrir sig. Einnig var unnið með verkefni úr Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Kennari: Katrín Kristín Friðjónsdóttir

Náttúrufræði

Námsgögn: Lífheimurinn, Eðlisfræði 1 og Mannslíkaminn

Lífheimurinn: Farið yfir hvern kafla á glærum og sjálfspróf unnin. Kaflapróf í lok hvers kafla, hópverkefni og ritgerð.

Eðlisfræði: Farið yfir fyrsta kaflann með glærum og sjálfspróf unnin. Gerðum tilraunir með ljósaperur, rafhlöður og víra, nemendur unnu einnig verkefni heima um rafmagnstöfluna.

Mannlíkaminn: Okkur þótti ekki boðlegt að kenna eðlisfræði í fjarkennslu svo við förum í **fyrstu 4 kaflana í mannlíkamanum og munum ljúka henni í 9.bekk.**

Námsmat í Eðlisfræði og Mannlíkamanum byggist á verkefnaskilum og þátttöku.

Kennarar: Guðný Harpa Hilty Henrysdóttir og Jón Hálfaldán Pétursson

Enska

4 kennslustundir á viku

Kennarar: Harpa Henrysdóttir og Katrín Kristín Friðjónsdóttir

Námsefni: Aðaláhersla var lögð á að vinna í Spotlight 8 lesbók og vinnubók. Einnig voru nokkrir nemendur með léttara námsefni, Let's Go og ABC málfræðihefti. Allir nemendur unnu lesskilningsverkefni af skólavefnum. Auk þess notuðum við ýmislegt annað efni.

Einnig lásu allir nemendur enskar bækur að eigin vali og líka saman í hóp, svo sem The secret garden, Monkey's Paw, The Canterville Ghost og The Elephant Man.

Við horfðum á myndirnar Christmas Carol, Billy Elliot og Remember the Titans. Ipadinn var notaður í ritun og glærugerð. Einnig sem uppflettirit, bæði sem orðabók og heimildaöflun.

Að lokum unnu þau valverkefni um náttúrufræðilegt eða sögulegt efni. Símat.

Danska

Dönskukennari í 8. bekk var Kristín Ólafsdóttir.

Þrjár kennslustundir á viku.

Námsgögn: Smart lesbók og vinnubók kláruð og Tak lesbók og vinnubók. Hringekja.

Nemendur horfðu á myndina Af banen auk þáttanna Skyldig á dr.dk

Samantekt: Nemendur unnu með Smart les og vinnubók og Tak lesbók og vinnubók A 1.kafli. Hringekja, stöðvavinna fjölbreytt verkefni unnin á 9 stöðvum, vinna á hverri stöð tekur eina kennslustund.

Útiverkefni: m.a. Lýsingar og nafnorðaganga.

Kristín Ólafsdóttir

Heimilisfræði

Kennt í hringekjuformi í lotum á móti Upplýsingatækni, Textílmennt og Tæknimennt, 4 kennslustundir á viku í 9 vikur.

Textílmennt

Kennt í hringekjuformi í lotum á móti Heimilisfræði, Upplýsingatækni og Tæknimennt, 4 kennslustundir á viku í 9 vikur.

Tæknimennt

Kennt í hringekjuformi í lotum á móti Heimilisfræði, Textílmennt og Upplýsingatækni, 4 kennslustundir á viku í 9 vikur.

Upplýsingatækni

Kennt í hringekjuformi í lotum á móti Heimilisfræði, Textílmennt og Tæknimennt, 4 kennslustundir á viku í 9 vikur.

Námsefni: Verkefni í Excel fyrir miðstig eftir Jóhönnu Geirsdóttur (www.jge-excel.weebly.com), Skali 1B og ýmis verkefni frá kennara. Áhersla var lögð á að nemendur

gætu unnið á Excel og notað forritið til að leysa tölfræðiverkefni 8.bekkjar. Einnig farið í virðingu og öryggi í samskiptum á netinu.

Námsmat: Vinna yfir veturinn metin til lokaekinnunnar.

Lífsleikni

Áhersla var lögð á almenn samskipti, styrkleika og veikleika, sjálfsmynd nemenda, jákvæðni, umburðarlyndi og virðingu. Haldnir voru bekkjafundir. Nemendur lærðu spilavist.

Kennari: Guðný Harpa Hilty Henrysdóttir og Katrín Kristín Friðjónsdóttir

Sund

Nemendum var skipt í tvo hópa í sundi. Farið var yfir alla þætti aðalnámskrár og námsefni 8. og 9.bekkjar en bekkurinn var 2x í sundi á viku.

Kennari: Árni Heiðar Ívarsson

Íþróttir

Útiíþróttir út septembermánuð og í maímánuði.

Námsmat: Ástundun og virkni.

Kennarar: Árni Heiðar Ívarsson

Viðburðir og vettvangsferðir

22. ágúst	Skólasetning
13. september	Fjallganga
18. september	Norræna skólahlaupið
2. október	Foreldraviðtöl
10. október	Íþróttahátíð í Bolungarvík
18. - 21. október	Vetrarfrí
5. nóvember	Bíósýning í Ísafjarðarbíó – Billy Elliot
3. desember	Stefan Gunther heimsókn vegna sagn frá öðrum löndum
13. desember	vinabekkjarrhittingur
19. desember	Heimsókn frá Lögreglunni – viðring og samskipti á netinu
19. desember	Skreytingadagur
20. desember	Litlu jólin
29. janúar	Foreldraviðtöl
4. febrúar	Eiríkur Örn Norðdahl í heimsókn vegna bókmenntahátíðar
5. febrúar	Jóna Símónía Bjarnardóttir í heimsókn vegna bókmenntahátíðar
6. febrúar	Nína Ivanova í heimsókn vegna bókmenntahátíðar
7. febrúar	Sæbjörg Freyja Gísladóttir í heimsókn vegna bókmenntahátíðar
10. febrúar	Fjölur Ásbjörnsson í heimsókn vegna bókmenntahátíðar
11. febrúar	Ína Guðrún Gísladóttir í heimsókn vegna bókmenntahátíðar
12. febrúar	Gylfi Ólafsson í heimsókn vegna bókmenntahátíðar
12. febrúar	Heimsókn á Bæjarbókasafnið vegna bókmenntahátíðar
13. febrúar	Þemadagur – heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna
14 - 17. febrúar	Vetrarfrí
23. febrúar	Leiksýning Gísli Súrsson,, Kómedíuleikhúsið
27. febrúar	Nokkrir nemendur tóku þátt í Pangea stærðfræðikeppninni
17.mars	Breytt skólahald vegna Covid-19
2. apríl – 4. maí	Skólalokun vegna Covid-19
19. maí	Hjólaferð í Tunguskóg
28.maí	Brennó í boði UMFÍ

29. maí	Frágangsdagur og samfélagsverkefni að eigin vali
2. júní	Skólaferð á Hrafnseyri
3. júní	Íþróttadagur
4. júní	Vorverkadagur
5. júní	Útígaleði
9. júní	Skólaslit

Guðný Harpa Hilty Henrysdóttir og Katrín Kristín Friðjónsdóttir



9.bekkur

Nemendur árgangsins voru 35 við upphaf skólaárs en 32 við skólalok, 10 strákar og 22 stelpur.

Umsjónarkennarar voru Jón Hálfaldán Pétursson og Katrín Sif Kristbjörnsdóttir.

Kennarar árgangsins eftir námsgreinum

Danska – Erna Sigrún Jónsdóttir og Kristín Ólafsdóttir

Enska – Bergljót Halldórsdóttir og Katrín Sif Kristbjörnsdóttir

Íslenska – Guðlaugur Viðar Valdimarsson og Katrín Sif Kristbjörnsdóttir

Íslenska sem annað mál – Helga Björt Möller

Íþróttir – Árni Heiðar Ívarsson og Nemanja Knezevic

Lífsleikni – Jón Hálfaldán Pétursson og Katrín Sif Kristbjörnsdóttir

Náttúrufræði – Jón Hálfaldán Pétursson og Katrín Sif Kristbjörnsdóttir

Samfélagsfræði – Guðlaugur Viðar Valdimarsson og Katrín Kristín Friðjónsdóttir

Stærðfræði – Jón Hálfaldán Pétursson og Katrín Sif Kristbjörnsdóttir

Sund – Jón Hálfaldán Pétursson

Eftirtalin fög voru kennd: Íslenska 6 stundir á viku, stærðfræði 6, samfélagsfræði 3, náttúrufræði 3, enska 4, lífsleikni 1, íþróttir 2, sund 1 og danska 4 stundir. Nemendur fóru einnig í hinar ýmsu valgreinar og ýmsir kennarar sinntu þeirri kennslu.

Kennsluhættir

Kennsla fór fram í tveimur stofum, þ.e. 211 og 212. Einnig höfðu nokkrir nemendur aðgang að námsveri í stærðfræði, íslensku og íslensku sem annað mál. Nemendur fengu afnot af spjaldtölvum sem voru notaðar í verkefnavinnum og til upplýsingaöflunar í vetur líkt og fyrri ár. Í kjölfar heimsfaraldurs vegna Covid-19 urðu kennsluhættir með talsvert breyttu sniði seinni hluta skólaársins. Í upphafi samkomubanns mætti 9. bekkur tvisvar til þrisvar í viku í skólann í

2 klst. í senn og sinntu þess utan heimanámi. Kennslan færðist síðan alfarið heim þegar skólanum var lokað. Notast var við Google Classroom, Google Sheets og Google Meet á meðan á fjarkennslunni stóð. Umsjónarkennarar hittu nemendur daglega á fjarfundi kl. 10 á meðan á skólalokun stóð.

Stærðfræði

Námsgögn: Skali 2A og 2B, Almenn stærðfræði I.

Námstillhögun: Kennt í sitthvorri stofunni.

Námsmat: Kaflapróf og verkefni.

Kennarar: Jón Hálfðán Pétursson og Katrín Sif Kristbjörnsdóttir.

Íslenska

Námsgögn: Neistar lesbók og verkefnabók, Málið í mark – sagnorð, Strákurinn í röndóttu náttfötunum, Laxdæla og ýmsar lestrarbækur að eigin vali.

Kennarar: Guðlaugur Viðar Valdimarsson og Katrín Sif Kristbjörnsdóttir.

Á haustönn var kennslubókin Neistar. Valdar blaðsíður úr köflum 2, 3 og 4 voru lesnar og valin verkefni unnin. Jafnhliða voru verkefni í Málið í mark - sagnorð unnin. Könnun í málfræði var tekin. Ennfremur lásu nemendur bækur að eigin vali og skiluðu lestrarverkefnum. Ennfremur unnu nemendur að viðbótarverkefnum í tengslum við málnotkun og ritun.

Á vorönn var hafist handa við að samlesna bókina Strákurinn í röndóttu náttfötunum. Nemendur unnu lokaverkefni úr bókinni. Lestur á Laxdælu hófst áður en kennsla var skert og skólanum lokað að lokum í um tvær vikur. Nemendur lásu og unnu verkefni við alla kafla bókarinnar og voru skil góð fyrir og eftir að skólanum var lokað. Þegar eðlilegt skólastarf hófst var það verkefni nemenda að skrifa heimildaritgerð. Áhersla var lögð á rétt vinnubrögð og faglega vinnu og voru skil nemenda góð.

Íslenska, sérkennsla

Kennari: Laufey Eypórsdóttir, sérkennari

Árgangurinn fékk 4 kennslustundir á viku í sérkennslu þar sem unnið var með lestrarþjálfun og framsögn. Sérkennari og umsjónarkennarar endurskoðuðu oft yfir veturinn hverjar áherslurnar þurftu að vera út frá því sem var í gangi þá stundina. Nemendur komu til að æfa lestur á einstaklingsgrundvelli og var unnið með lesfimi, framsögn, lesskilning, samantekt, forspá, orðaforða, spáð í sjónarhorn persónanna og persónugerðina. Hver nemandi vann út frá einstaklingsþörfum sínum. Sérkennari tók allan árganginn í lesfimiþróf og skráði niðurstöður á mms.is. Þeir nemendur sem komu út með lægsta lesfimi fengu forgang í lestrarþjálfun. Aðrir fengu færri tíma og gjarnan stutta leiðsögn um atriði sem þurftu að skerpa á. Nemendurnir tjáðu ánægju sína með tímana og voru jafnan viljugir að koma til sérkennarans.

Samfélagsfræði

Kennarar: Guðlaugur Viðar Valdimarsson og Katrín Kristín Friðjónsdóttir

Á haustönn var landafræði og valdir kaflar úr bókinni Um víða veröld - heimsálfur lesnir og verkefni unnin, aðallega úr lesbókinni. Byrjað var á kaflanum Maður og náttúra og meðal annars skoðaður mannfjöldi og mannfjöldapróun á jörðinni, ennfremur voru mannréttindi skoðuð. Nemendur völdu sér land (í hópverkefni) í S-Ameríku, Afríku, Evrópu og Asíu og báru þau saman í ljósi meðal annars mannfjölda, barnadauða, lífslíkum, læsi, fátækt og auðlindum. Síðan voru kaflarnir um N-Ameríku og S-Ameríku lesnir og verkefni í kennslubókinni unnin. Hópverkefni var unnið um N-Ameríku þar sem nemendur gátu valið á milli fjölbreyttra viðfangsefna í tengslum við álfuna - sögu, náttúru, borgir, einstaklinga eða byggingar og minnismerki. Að lokum var kaflinn um Asíu lesinn. Og valin verkefni unnin.

Á vorönn var saga og valdir kaflar úr bókinni Frá kreppu til hernáms lesnir og verkefni unnin. Byrjað var á kaflanum Titanic-samfélag í smækkaðri mynd. Um og eftir miðjan mars tók við skert kennsla vegna Covid-19 og fengu nemendur verkefni til þess að vinna heimavið, sami háttur var hafður á þegar skólanum var lokað í um tvær vikur. Kaflinn Fyrsta nútímastyrjöldin, var lesinn og verkefni unnin að mestu í skertri kennslu. Þegar skólanum var lokað lásu nemendur kaflann Allt vald til foringjans og unnu verkefni sem unnin voru upp úr kaflanum. Skil á verkefnum voru góð. Þegar eðlilegt skólastarf hófst að nýju var lokakafla bókunnar lesinn, Stríðið sem kom við alla. Próf var í maí úr völdum köflum. Nemendur fengu lista yfir 26 spurningar og þeim sagt að 13 af þeim kæmi á prófinu.

Náttúrufræði

Námsgögn: Efnisheimurinn og Mannslíkaminn.

Efnisheimurinn: Farið yfir hvern kafla á glærum og verkefni unnin. Kaflapróf í lok hvers kafla.

Mannslíkaminn: Farið yfir 1.-5. kafla á glærum og sjálfspróf unnin. Kaflapróf í lok 1., 2. og 4. kafla. Heimildaritgerð í tengslum við 3. kafla.

Námsmat: Kaflapróf og heimildaritgerð.

Kennarar: Jón Hálfán Pétursson og Katrín Sif Kristbjörnsdóttir.

Enska

4 kennslustundir á viku

Kennarar: Bergljót Halldórsdóttir og Katrín Kristbjörnsdóttir

Námsefni: Spotlight 9 var kennslubók vetrarins. Auk þess voru nokkrir nemendur með léttara námsefni s.s. Portfolio bækur og málfræði ABC.

Við horfðum á Juno, Christmas Vacation og Romeo og Juliet eftir að við höfðum lesið stytta útgáfu af leikritinu.

Ipadinn var notaður í ritun, sem uppflettirit, í stuttmyndagerð og glærugerð.

Samræmt próf í ensku var í mars.

Undir vorið unnum við verkefnið Guided Tour samþætt dönskuvinnu. Var það einstaklingsverkefni heimaverkefni í hópum, bjuggu til ímyndaða ferðaskrifstofu og gerðu myndband með stöðum á Ísafirði og nágrenni.

Netorðabókin Snara var mikið notuð. Nemendur völdu sér frjálslestrarbækur til að lesa þegar tími gafst til og fjögur sagnapróf voru tekin á vorönn. Símat.

Danska

Dönskukennarar í 9. bekk voru, Erna Sigrún Jónsdóttir og Kristín Ólafsdóttir.

Fjórar kennslustundir á viku.

Námsgögn . Dejlige Danmark les- og vinnubók. Tak lesbók og vinnubók A og kafla 1 í vinnubók B.

Áhorf: Horft var á nokkra þætti af The Rain.

Þemaverkefni : Danmerkur þema. Gönguferð um Ísafjörð, samvinnuverkefni dönsku og ensku Hringekjuverkefni þar sem unnin voru fjölbreytt verkefni á 9 stöðvum, áætlaður tími í hvert verkefni var ein kennslustund.

Samvinnuverkefni í dönsku og ensku Gönguferð um Ísafjörð.

Samantekt: Nemendur lásu og unnu Dejlige Danmark lesbók og vinnubók og unnu

þemaverkefni um Danmörku að því loknu. Tak les og vinnubók A og endað á 1. kafla í Tak vinnubók B

Myndaverkefni var unnið sem útiverkefni.

Erna Sigrún Jónsdóttir og Kristín Ólafsdóttir

Lífsleikni

Áhersla var lögð á almenn samskipti, styrkleika og veikleika, sjálfsmynd nemenda, jákvæðni, umburðarlyndi og virðingu. Haldnir voru bekkjafundir.

Kennari: Jón Hálfðán Pétursson og Katrín Sif Kristbjörnsdóttir.

Sund

Nemendum var skipt í tvo hópa í sundi og voru hóparnir í sundi 1x í viku. Vegna Covid-19 var ekki hægt að klára alla prófþætti 10. bekkjar, og því voru nemendur útskrifaðir með lokið/ólokið.

Kennari: Jón Hálfðán Pétursson.

Íþróttir

Útiíþróttir út septembermánuð og í maímánuði.

Námsmat: Ástundun og virkni.

Kennarar: Árni Heiðar Ívarsson og Nemanja Knezevic.

Félagshæfni

Kennari: Laufey Eypórsdóttir, sérkennari

Í þessum tímum var unnið með tilfinningaorðaforða (CAT-kassi), viðhorf (HAM), sjálfsmynd styrkt (Fjársjóðsleitinn), hegðun skilgreind (litahegðun úr CAT-kassa) og unnið með kvíðastjórnun (HAM). Sérkennari og umsjónarkennarar endurskoðuðu oft yfir veturinn hverjar áherslurnar þurftu að vera út frá því sem var í gangi þá stundina. Árgangurinn fékk félagshæfnitíma einu sinni í viku og voru þeir tímar nýttir fyrir vinnu með litlum hópum (4-5 nemendur í hóp) þar sem hver hópur vann út frá einstaklingsþörfum. Nemendurnir tjáðu ánægju sína með tímana, tengdu efni tímana gjarnan við eigin reynslu og báðu gjarnan um að fá fleiri félagshæfnitíma. Þau sögðust flest eiga auðveldara með að ræða eigin tilfinningar í kjölfar tímana.

Viðburðir og vettvangsferðir

22. ágúst	Skólasetning
2. september	Fjallganga upp á Kistufell
5. september	Hautfundur
18. september	Ólympíuhlaup ÍSÍ
2. október	Foreldraviðtöl
10. október	Íþróttahátíðin í Bolungarvík
18.-21. október	Vetrarfrí
29. nóvember	Opinn dagur
18. desember	Nemendur afhenda styrk til fjölskylduhjálpar kirkjunnar
20. desember	Litlu jólin
14.-17. febrúar	Vetrarfrí
29. maí	Hjóla- og gönguferð út í Hnífsdal og fram dalinn
3. júní	Íþróttadagur
4. júní	Vorverkadagur
5. júní	Raggagarður og Melrakkasetrið með 2. bekk

Jón Hálfðán Pétursson og Katrín Sif Kristbjörnsdóttir



10. bekkur

Nemendur í árganginum voru 30 fyrir áramót en 29 eftir áramót. Umsjónarkennarar voru Bergljót Halldórsdóttir og Guðbjörg Halla Magnadóttir.

Eftirtaldir valgreinar voru kenndar: Íslenska sem annað mál, Aðstoð í Dægradvöl, hárgreiðsla, myndmennt, næringarfræði, þrjón og hönnun, skák, Fab-lab, fornam ökunáms, aðstoð við heimanám, heimilisfræði, líkamsrækt og þjálfun, smáskipanám, skák, skólahreysti, trésmíði, tækniráð, franska, ítalska, seinni heimstyrjöldin í kvikmyndum, drekar og dýflissur, enski boltinn.

Nemendur geta einnig fengið tónlistarnám og íþróttþjálfun metið sem valgrein.

Inntak og áherslur

Grunnskólinn á Ísafirði tók þátt í Erasmus+ verkefni ásamt skólum í Búlgaríu, Grikklandi, Hollandi og Svíþjóð. Umfjöllunarefni verkefnisins er Mannréttindayfirlýsing sameinuðu þjóðanna undir Yfirskriftinni „We Live in a Challenging World“. Markmiðið með verkefninu var að nemendur lærðu um sáttmálann og kynntu sér hvernig hann raungerist. Því var lögð var áhersla á samhygð, fordómaleysi og virðingu. Einnig var stuðlað að því að efla hópinn sem heild og stuðla að samstöðu innan árgangsins.

Náttúrufræði

Kennarar: Bryndís Bjarnason og Jóhanna Ása Einarsdóttir

Námsefni: Maður og náttúra, Eðlisfræði 2 og Eðlisfræði 3 (einn kafli, Sólkerfið)

Vetrinum var skipt í tvennt. Að hausti var fjallað um umhverfisfræði, erfðafræði og þróun og eftir áramót var eðlisfræði. Google classroom var mikið notað. Þar voru sett inn verkefni og nemendur skiluðu verkefnum þar.

Í umhverfisfræðinni var mikil áhersla á sjálfbærni, umhverfisvænan lífsmáta og umhverfisvæna orkunýtingu. Þróun mannsins og erfðafræðinni voru gerð góð skil. Nemendur unnu margvísleg verkefni og voru verkefnaskil mjög fjölbreytt.

Í eðlisfræðinni voru gerðar ýmsar tilraunir sem tengdust viðfangsefninu og myndefni var mikið notað. Þegar nám fór allt fram heima vegna lokun skóla var gott að nemendur voru vel þjálfðir í notkun Google classroom þar sem að auðveldaði kennurum og nemendum verkefnavinnu og skil. Nemendur fengu allar glærur í gegnum Nearpod þar sem þeir gátu skoðað þær þegar þeim hentaði. Einnig gátu nemendur fengið aðstoð í gegnum Google chat við heimavinnuna og voru margir sem nýttu sér það.

Námsmat samanstóð af kaflaprófum, hópverkefnum, einstaklingsverkefnum og vinnubók.

Þjóðfélagsfræði

Kennarar: Bergljót Halldórsdóttir og Guðlaugur Viðar Valdimarsson

Á haustönn var áherslan á valda kafla úr kennslubókinni *Á ferð um samfélagið*. Byrjað var á kaflanum *Hvað er samfélag?* og valin verkefni unnin. Síðan var kaflinn *Sinn er síður* lesinn og valin verkefni unnin. Hatusáróður og tjáningarfrelsi var viðfangsefni verkefni sem nemendur unnu að og var þeim ætlað að skilja hugtakið hatursáróður og hvernig hann birtist í samtímanum. Leituðu nemendur að dæmum á netinu og kynntu. Kaflinn *Félagsmótun* var lesinn og þælt áfram í áhrifamætti fjölmiðla. Horft var meðal annars á þætti sem RÚV framleiddi um samskiptamiðla og ungt fólk. Ennfremur voru verkefni unnin í tengslum við mannréttindi í samhengi við þáttöku GÍ í ERASMUS.

Á vorönn var áhersla lögð á sjálfstæða verkefnavinnu nemenda með áherslu á fagleg og skipulögð vinnubrögð. Áhersla var á skapandi framsetningu efnis. Saga og samtími var viðfangsefnið. Nemendum var ætlað að velja sér efni sem annarsvegar tengdist því sem tengdist samtímanum og hinsvegar efni sem tengdist sögunni. Listi var búinn til um möguleg viðfangsefni. Nemendum var einnig gefinn kostur á að koma með hugmyndir að viðfangsefnum. Í fjarnámi vegna skólalokunar voru verkefni unnin sem tengdist meðal annars íslenska velferðarkerfinu. Að endingu kynntu nemendur sér hugsanleg framtíðarstörf og nám þeim tengd.

Enska

Kennarar: Bergljót Halldórsdóttir og Guðbjörg Halla Magnadóttir.

Námsefni: Spotlight 10, auk þess notuðum við ýmislegt annað efni.

Aðaláhersla var á lestur og ritun. Einnig voru nokkrir nemendur með léttara námsefni s.s. Málfræði ABC og Portfolio bækur. Hluti enskukennslunnar fór í Erasmus+ verkefnið og var það samþætt þjóðfélagsfræðinni. Tvö verkefni voru unnin í vetur og farið yfir greinar 6-15 í tengslum við Hollandsför og greinar 22-27 vegna fyrirhugaðrar Búlgaríuför, sem ekki var farin. Nemendur lásu skáldsögur að eigin vali og skiluðu tveimur verkefnum úr þeim. Þau lásu líka bókina Ghost Stories í bekkjarsetti. Níu Sagnapróf voru lögð fyrir í á vorönn. Ipadinn var notaður í ritun sem uppflettirit, bæði sem orðabók og heimildaöflun. Ýmis verkefni voru unnin í spjaldtölvu í tengslum við kaflana bæði munnlegt og skriflegt. Í samkomubanninu unnu nemendur samþætt einstaklingsverkefni í ensku og dönsku, Draumaferðin mín. Netorðabókin Snara var mikið notuð. Horft var á myndina Nightmare before Christmas auk þátta á Netflix, The Norsemen og Derry Girls Símat og lokapróf að vori.

Danska

Dönskukennarar í 10 bekk voru Arna Björk Sæmundsdóttir og Kristín Ólafsdóttir.

Fjórar kennslustundir á viku.

Námsgögn: Íþróttapemahefti. Smil les-og vinnubók. Hringekjuverkefni með fjölbreyttum verkefnum frá kennurum unnum á 9 stöðvum áætlaður tími á hverri stöð ein kennslustund. Sagan Undskyld lesin og unnin verkefni í tengslum við hana, í framhaldi af því var unnið þemaverkefni sem endaði í stuttmyndagerð. Sagnapróf – óreglulegar sagnir samt. 13 próf. Samvinnuverkefni í dönsku og ensku „Draumaferðin.“

Samantekt: Smil lesbók og vinnubók unnin, Hringekju og þemaverkefnið Idræt.

13 sagnapróf (unnið með 5 sagnir í senn) sterkar og óreglulegar sagnir.

Ýmsar danskar kvikmyndir auk þáttanna The rain á dr.dk

Samvinnuverkefni í ensku og dönsku „ Draumaferðin“ nemendur gerðu nákvæma ferðaáætlun fyrir vikuferð eitthvert út í heim.

Arna Björk Sæmundsdóttir og Kristín Ólafsdóttir.

Viðburðir og vettvangsferðir

Skólasetning var 22. ágúst og mættu nemendur í skólann ásamt foreldrum eða forráðamönnum, kennsla hófst svo samkvæmt stundaskrá 23. ágúst.

2.-3. september var farið í haustferð, siglt til Hesteyrar og gengið yfir til Sæbóls í Aðalvík og gist þar eina nótt. Nemendur voru í tjöldum en fullorðnir fengu inni í sumarhúsi. Gangan tók 5-6 tíma. Við komuna í Aðalvíkur var tjaldað og grillað um kvöldið. Auk umsjónarkennara voru með í ferðinni Henry Bæringsson húseigandi og Atli Jakobsson og Harpa Henrysdóttir foreldrar. Veður var alveg einstaklega gott, glampandi sól og heiðskýrt og útsýnið yfir Djúpið gott. Allir skemmtu sér vel og komu glaðir og kátir til baka.

12. september fyrsta ball vetrarins var haldið og gekk það ljómandi vel. Hópurinn var mjög samtaka í undirbúningi og frágangi svo að til fyrirmyndar var.

18. september var Norræna skólahlaupið.

7. – 11.október fóru fimm nemendur úr 10. bekk heimsóttu Delft í Hollandi vegna Erasmus+ verkefnisins. Með í för voru Guðbjörg Halla Magnadóttir umsjónarkennari og Jóna Benediktsdóttir stjórnandi verkefnisins.

2. október voru foreldraviðtöl.

10. október var Íþróttahátíðin í Bolungarvík haldin.

18. og 21. október var vetrarfrí.

31. október var haldið hrekkjavökuball.

8. nóvember var baráttudagur eineltis og í tilefni af honum var haldið nemendaþing um samskipti.

22. nóvember kom Stella Hjaltadóttir námsráðgjafi í MÍ í heimsókn. Hún kynnti skólann fyrir nemendum 10. bekkjar, sagði m.a. frá þeim námsleiðum sem í boði eru, hvaða kröfur eru gerðar til nemenda og fór í grófum dráttum yfir hefðir og venjur hvað félagslíf í MÍ varðar.

29. nóvember var opinn dagur í skólanum þar sem 1. desember var á sunnudegi, foreldrar og aðrir eru hvattir sérstaklega til að kíkja í heimsókn í skólann, þó svo að skólinn sé alltaf opinn og foreldrar velkomnir að koma í heimsókn hvenær sem er.

12. desember héldu 10. bekkingar Jólaball í fjáröflunarskyni.

19. desember var skólastofan og skólinn skreyttur og tóku nokkrir krakkar þátt í undirbúningi fyrir jólaballið.

20. desember voru litlujólin, árgangurinn gerði sér glaðan dag í bekkjarstofu auk þess sem dansað var kringum jólatréð, ásamt fleirum í hvíta anddyrinu.

Dansæfingar fyrir þorablót voru undir stjórn Hlífar Guðmundsdóttur vegna veikinda Evu Friðþjófsdóttur.

24. janúar var Þorrablótíð, sameiginleg skemmtun nemenda foreldra og starfsfólks, haldið. Það tókst vel eins og alltaf. Hver og einn kom með sitt trog á blótið, fyrir sig og sína. Flutt voru skemmtiatriði á vegum foreldra og starfsfólks. Foreldrar stjórnuðu fjöldasöng og sáu um veislustjórn. Að loknu borðhaldi var salurinn rýmdur og dansað af hjartans lyst. Benni Sig. og félagar spiluðu á ballinu. Allir skemmtu sér vel og var það mál manna að þetta þorrablót hefði tekist einstaklega vel eins og alltaf er eftir hvert ball. Dans- og söngæfingar fyrir þorrablótíð höfðu gengið vel og skiluðu sér á ballinu.

29. janúar voru foreldraviðtöl.

14. og 17. febrúar var vetrarfrí.

20. febrúar var Rósaballið haldið.

24. mars var maskaball hjá yngri nemendum og þeir nemendur á unglingastigi sem mættu í búningum í skólann voru velkomnir að taka þátt í grímuböllunum. Þátttaka unglinganna þótti takast einstaklega vel og hvetjandi fyrir þau yngri.

16. mars var starfsdagur kennara, skipulagsdagur vegna samskiptatakmarkana vegna Covid-19.

17. – 31. mars voru takmarkanir á skólasókn nemenda. Nemendur í 10. bekk mættu í skólann á hverjum degi klukkan 13.00 – 15.00 og var þeim skipt í tvo aðskilda hópa.

1. apríl var skólanum lokað og allir sendir heim. Skólahald fór fram í fjarkennslu. Kennarar hittu sína hópa á netfundi á hverjum degi og sendu þeim heimaverkefni í gegnum Google Classroom sem þeir skiluðu svo til baka. Þetta fyrirkomulag hélst alveg til 8. maí. Árshátíð grunnskólans féll niður vegna faraldursins.

4. maí komu nemendur aftur í skólann og var skipulaginu frá því í mars haldið, nema nú mættu nemendur í skólann að morgni, kl. 9.00.

11. maí var skólahald aftur í eðlilegt horf og kennt samkvæmt stundaskrá og nemendahópurinn sameinaður.

26. maí var haldið skyndihjálparnámskeið á vegum Rauðakrossins, leiðbeinendur voru Auður Ólafsdóttir og Kolbrún Fjöla Arnarsdóttir. Námskeiðið fór fram í skólanum.

27. maí heimsótti 10. bekkur Menntaskólann á Ísafirði en opið hús hjá skólanum sem hefur yfirleitt verið í mars féll niður í ár. Þar tóku skólameistari, aðstoðarskólameistari og námsráðgjafi á móti hópnum og sýndu þeim skólann.

29. maí héldu nemendur 10. bekkjar lokaball sitt í sal skólans og sáu sjálfir um tónlistina og tókst það mjög vel.

3. – 5. var vorferðalag árgangsins. Ferðin í ár var farin inn í Heydal. Þar var farið á kajak og í reiðtúr, sundlaugin og pottarnir voru mikið notuð og samverustundir miklar, leikir spil og spjall. Var þessi ferð hin besta þrátt fyrir að ferðalagið hafi ekki orðið eins og til stóð vegna Covid. Nemendur stóðu sig mjög vel og voru sér og sínum til sóma. Fararstjórar voru Elín Björg Þráinsdóttir og Gylfi Sigurðsson auk kennaranna Bergljótar Halldórsdóttur og Guðbjargar Höllu Magnadóttur.

Fjáröflun

Mikil fjáröflun var í gangi allan veturinn. Í upphafi vetrar tók hópur nemenda að sér að skipuleggja vinnuna og halda utan um fjáröflunina. Hittist hópurinn vikulega og fór yfir málin. Meðal þess sem gert var má nefna: Seldar voru peysur með GÍ-merki, vöfflubakstur á foreldradögum, dansleikir, kaffimeðlæti selt á kaffistofu starfsmanna.

Nemendur stóðu sig vel í fjáröfluninni og má segja að böllin hafi slegið í gegn hjá þeim. Allur undirbúningur undir böllin var til fyrirmyndar og auglýsingar fallegar og vel uppsettar sem löðuðu að og voru tekjur af nemendaböllunum því mjög góðar. Því miður var snöggur endi bundin á alla fjáröflun í mars og þess vegna, ásamt og samkomubanni, ekki hægt að fara í þá ferð sem áætluð var í upphafi.

Skólaslit voru þriðjudaginn 7. júní við fallega athöfn í Ísafjarðarkirkju þar sem einungis nemendur í 10. bekk ásamt fjölskyldum tóku þátt í. Tveir fulltrúar nemenda héldu tölu og kvöddu skólann fyrir hönd árgangs 2004.

Bergljót Halldórsdóttir og Guðbjörg Halla Magnadóttir umsjónarkennarar.



4. Stoðþjónusta

Yfir stoðþjónustu skólans er deildarstjóri sérkennslu í 75% stjórnunarhlutfalli, Helga Björt Möller sinnti starfinu þennan veturinn. Deildarstjóri sérkennslu er með yfirsýn um úthlutun sérkennslu í skólanum, heldur utan um stoðteymi skólans, er kennurum ráðgefandi og er ásamt skólastjóra tengiliður við skólaþjónustu, félagsþjónustu og barnavernd í málefnum barna sem þurfa á slíkri þjónustu að halda.

Stoðþjónustunni var sinnt á fjölbreyttan hátt í skólanum. Í yngri bekkjum var lögð áhersla á að sinna stuðningi inni í bekk t.d. þegar stuðningsfulltrúar aðstoða nemendur með leiðsögn kennara. Sérkennarar og þroskajálfar vinna líka með yngri börnum, ýmist inni í bekk en þó oftast í litlum rýmum, einslega eða í litlum hópum. Eins var boðið upp á íslensku sem annað mál á yngsta stigi fyrir börn sem voru nýflutt til Íslands og fór sú vinna fram í litlum hópum utan bekkjarstofu. Á miðstigi fór sérkennslan fram bæði inni í bekk en líka utan bekkja, sem og kennsla í íslensku sem öðru máli og það sama gildi um unglingastig.

Í byrjun skólaárs var enn verið að vinna að lagfæringum á skólahúsnæðinu vegna myglu og því var námsverið nýtt sem bekkjarstofa sem og fleiri rými skólans sem hafa nýst fyrir sérkennslu og íslensku sem annað mál. Því var stoðþjónustan meira og minna inni í bekkjum, frammi á göngum og svo í nokkrum minni rýmum sem hægt var að nota. Þetta hafði áhrif á árangur og einbeitingu nemenda. Um mánaðarmótin september/október var lokið við viðgerðir vegna myglu og öll rými skólans nýtt eins og áður. Þá varð strax rýmra um sérkennsluna og námsverið fór aftur að nýtast sem námsver.

Yfir veturinn störfuðu 2 þroskaþjálfar í tveimur fullum stöðugildum og 7 sérkennarar í samtals rúmlega 5 stöðugildum. 2 kennarar komu að sérkennslu þess utan í örlitlu mæli. Fastir tímar í stundatöflu sérkennara og þroskaþjálfra voru 182,5 á viku. Stuðningsfulltrúar sinntu stuðningi í 390 klukkustundir á viku yfir skólaárið. Í stoðteymið bættist við 1 nýr sérkennari og vann hann með yngri börn skólans í sérkennslu og íslensku sem annað mál.

Fundir stoðteymis (sérkennara og þroskaþjálfra skólans) voru haldnir í 8 skipti yfir veturinn og voru þeir yfirleitt á dagskrá á þriðjudögum þegar teymis skólans funduðu. Stoðteymisfundir fóru fram í námsveri skólans.

Auk formlegra sérkennslutíma sérkennara og þroskaþjálfra var einnig boðið upp á sérkennslu í heimilisfræði með það að markmiði að létta álagi af nemendum í bóklegum greinum og efla félagsþroska þeirra. 8 kennslustundir á viku fóru í slíka vinnu. Þrír nemendur fóru í vinnustaðatengt starfsnám ýmist einn dag í viku eða 2 tíma á viku. Samstarf um vinnustaðatengt starfsnám var við mötuneytið í MÍ, Nettó, Vesturafl, mötuneytið í GÍ og Bílasmiðju SGB. Ýmist fóru nemendur einir í starfsnámið eða fengu stuðning frá stuðningsfulltrúa.

46 börn voru í reglulegum, einkatímum hjá þroskaþjálfum skólans yfir veturinn. Allt frá því að hitta þroskaþjálfra einu sinni í viku upp í fimm skipti á viku. Í einstaka tilfellum var tveimur eða þremur börnum boðið saman í tímana. Megináhersla í tímunum var að þjálfra félagsfærni og samskipti, þó var nokkuð um grunnfærni þjálfun t.d. í talnaskilningi, lestri eða tjáningu. Tímar þroskaþjálfra voru oftast í stofu þroskaþjálfra en þó einnig í öðrum rýmum. Þroskaþjálfri kom einnig inn í bekk og fylgdist með skipulagi í kringum nokkra af sínum nemendum og var í samstarfi við kennara varðandi áherslur í námi og starfi.

Skólasálfræðingarnir Björg Norðfjörð og Sólveig Norðfjörð komu í skólann í 7 lotur í vetur (yfirleitt 2 daga í senn) og Dagný Annasdóttir talmeinafræðingur kom 6 skipti og hitti börn úr skólanum í þjálfun.

Gögn vegna athugana og greininga bárust frá sérfræðingum vegna 71 nemenda. Þar af 24 skýrslur frá sálfræðingum á vegum skólaþjónustu Ísafjarðarbæjar auk greinargerðum vegna ráðgjafa, 2 skýrslur komu frá Greiningarstöð eða Þroska- og hegðunarstöð, 4 frá utanaðkomandi sálfræðingum, 12 skýrslur með SIS mati, og 10 skýrslur frá talmeinafræðingi. 12 logos greiningar voru gerðar á nemendum skólans utan logos skimunar sem gerð er í 3. bekk.

Við lok skólaárs eru 6 vísanir til sálfræðings sem ekki tókst að hefja athugun á og 5 vísanir til talmeinafræðings sem ekki er byrjað að vinna að og verða þær í forgangi næsta haust. En yfir veturinn var engin ný beiðni til talmeinafræðings sem komst í athugun. 3 mál sem hafa þegar verið í vinnslu sálfræðinga munu halda áfram næsta vetur og 3 beiðnir til sálfræðings bíða þess að fara fyrir nemendaverndarráð strax næsta haust.

Nemendaverndarráð skólans sem samanstendur af stjórnendum skóla, skólahjúkrunarfræðingi, náms- og starfsráðgjafa, fulltrúa skólaskrifstofu og fulltrúa barnaverndar fundað mánaðarlega yfir veturinn varðandi málefni barna og fara vísanir til talmeinafræðings og sálfræðings í gegnum nemendaverndarráð.

Talsvert samstarf var við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða í gegnum svokallað Barnageðteymi sem sinnir þjónustu við börn með geðraskanir og við félagsþjónustu Ísafjarðarbæjar vegna barna með fjölþættan vanda. Skólahjúkrunarfræðingur Helena Hrund Jónsdóttir var tengiliður við Barnageðteymið. Helga Björt deildarstjóri sérkennslu situr í barnageðteymi fyrir hönd stjórnenda skólans.

Elísabet Lorange, listmeðferðarfræðingur kom í skólann tvær vikur yfir veturinn og vann með ákveðnum bekkjum varðandi samskipti og líðan.

Samstarf var við Félagsþjónustu Ísafjarðarbæjar um móttöku og skólagöngu nemanda sem dvaldi tímabundið á Ísafirði og kom í skólann í 3 vikur að hausti og 4 vikur að vori.

Stoðteymi skólans sem samanstendur af sérkennurum, þroskaþjálfum og öðrum sem bera ábyrgð á sérkennslu fundaði mánaðarlega yfir veturinn. Á hverjum fundi var yfir ýmis mál tengd sérkennslu og stuðningi. Starfsmenn deildu upplýsingum um kennsluaðferðir, námsgögn og símenntun.

Námsver

Í upphafi skólaárs var námsverið enn nýtt sem bekkjarkennslustofa en strax í október 2019 losnaði um og hægt var að nýta námsverið til sérkennslu og íslensku sem annars máls. Þegar samkomubann gekk yfir og takmarkanir voru settar á skólahald var námsverið aftur nýtt sem bekkjarkennslustofa en það var frá mars og fram í maí 2020. Þegar námsverið var nýtt fyrir sérkennslu var starfið þar með svipuðum hætti þetta skólaárið eins og árið þar á undan. 5 sérkennarar kenndu hluta af sinni kennslu þar. Námsverið var vel nýtt í kennslustundum og var skráð kennsla þar í 37 kennslustundir á viku og eins kom fyrir að stuðningsfulltrúar færu þangað með nemendur. Nemendur af öllum stigum skólans komu í námverið en þó mest af unglingastigi.

Föst nýting námsvers þegar það var ekki nýtt sem bekkjarstofa:

Íslenska sem annað mál í 10. bekk, 4 kst. á viku, kennari Helga Björt

Íslenska sem annað mál í 9. bekk, 2 kst. á viku, kennari Helga Björt

Íslenska sem annað mál í 7. og 8. bekk, 5 kst. á viku, kennari Magnúsína

Íslenska sem annað mál í 8. bekk, 3 kst. á viku, kennari Kristín Oddsdóttir

Íslenska sem annað mál í 4., 5. og 6. bekk, 4 kst. á viku, kennari Iwona

Íslenska sem annað mál í 1. og 2. bekk, 5 kst. á viku, kennari Maja

Sérkennsla í 7. bekk, stærðfræði og íslenska, 13 kst. á viku, kennari Iwona

Tími hjá þroskaþjálf, 1 kst. í viku, Sóley

Íslenska sem annað mál

Kennsla í íslensku sem öðru máli var fjölbreytt og yfirgripsmikil þetta skólaárið á má segja að vægi hennar sé alltaf að aukast í skólanum þar sem reglulega koma inn nemendur sem eru nýfluttir til Íslands og eru að byrja að læra íslensku.

Boðið var upp á nám í íslensku sem annað mál sem valkost í stað dönsku í 9.-10. bekk ef nemendur áttu annað móðurmál en íslensku eða höfðu dvalið lengi í Danmörku. Nokkrir nemendur nýttu sér þann valkost eða fjórir í 10. bekk og einn í 9. bekk.

Fimm nemendur sem voru að flytja frá öðrum löndum hófu nám í skólanum í haust og einn yfir veturinn. Þeir auk annarra nemenda sem hafa flust til Íslands á síðustu árum fengu sérstaka kennslu í íslensku sem öðru máli. Auk þess var kennd íslenska sem annað mál í 9. og 10. bekk með áherslu á akademískan orðaforða og var það í boði fyrir tvítyngda nemendur sem hafa búið lengi á Íslandi en vantar dýpri orðaforða í íslensku.

Fjölbreyttar leiðir voru notaðar í kennslu íslensku sem annars máls svið skólann. Vegna þess hve bakgrunnur nemenda sem leggja stund á þá námsgrein er ólíkur var kennslan mjög

einstaklingsmiðuð. Námsmarkmiðin voru allt frá því að kenna latneska stafrófið og hljóðalestur íslensks máls, byrjunarorðaförða og þjálfun í að geta tjáð sig í einföldum setningum í að þekkja íslensk orðatiltæki, skilja tvíræðni og flókin íslensk orð.

Mikil áhersla er lögð á tjáningu og leikni í notkun íslenskunnar og voru notaðar fjölbreyttar aðferðir í kennslu íslensku sem annars máls. Lego based theory, sögugrunn, Talking Partners aðferðin, ýmsar bækur frá MMS og fleira var notað við kennsluna. Á unglingastigi var mikil áhersla lögð á stuðning við orðaförða í samfélagsfræði, unnið með lesskilning og skilgreiningar hugtaka, unnið var að gerð hlaðvarps þáttar og fleira. Á yngra og miðstigi var meiri áhersla lögð á talað mál, grunnorðaförða og setningagerð.

Pólska

Boðið var upp á fjarnám í pólsku fyrir nemendur 10. bekk sem eiga pólsku að móðurmáli. Fjarnámið er á vegum Tungumálavers sem staðsett er í Laugarlækjarskóla í Reykjavík. 7 nemendur nýtt sér það og sinntu náminu utan skóla. Þeir fengu aðhald og stuðning frá kennurum í íslensku sem annað mál og tóku próf í pólsku tvisvar yfir veturinn á skólatíma. Þetta er síðasta árið sem boðið er upp á þetta fjarnám þar sem framvegis er það eingöngu í boði fyrir nemendur búsetta á höfuðborgarsvæðinu. Er það miður.

Covid 19

Skólinn lokaði alveg í 3 vikur í samkomubanni og fór öll kennsla fram í fjarkennslu. Á því tímabili höfðu sérkennarar og þroskaþjálfar það hlutverk að hlúa að og hafa samband við þá nemendur sem þurftu sérstakt aðhald af einhverjum ástæðum. Bæði vegna námslegra frávika og takmarkaðs skilnings á íslensku. Sérkennarar og þroskaþjálfar settu sig í samband við þess nemendur og fjölskyldur þeirra í gegnum tölvupóst, síma eða með öðrum leiðum og gaf það oft góða raun. Einhverjir komu námsefni til skila inn á heimilin með ýmsum hætti.

Stoðteymið fundaði reglulega í gegnum fjarfundarbúnað meðan á samkomubanninu stóð, ýmist vikulega eða oftar.

Helga Björt Möller

Pólska

Kennari: Marzena Głodkowska

Kennt var á mánudögum og fimmtudögum í tveimur hópum, annars vegar á yngsta stigi og hins vegar á miðstigi og fékk hvor hópur 1 kennslustund einu sinni í viku. Kennt var í húsnaði Grunnskólans á Ísafirði. Nemendur unnu mörg fjölbreytt verkefni. Mikil áhersla var lögð á skrift, lestur, lesskilning, framsögu og stafsetningu.

Námsmat byggði á verkefnahefti nemenda, lokaprófi, mætingu og á virkni í kennslustundum.

Sérkennsla og ÍSAT

Sérkennsla

1.bekkur

Kennari: María Friðgerður Lárusdóttir

Námsefni: Líttlestrarbækur, lestrarbókin mín, ýmis orðaspjöld og spil, stærðfræðiljósrit og sproti.

Námstilhögun: Árgangurinn var með 9 tíma á viku sem var skipt jafnt á milli hópanna. Krakkarnir þurftu aðallega hjálp með lestur og lásu þau ýmist í lestrarbókum eða í heftinu lestrarbókin mín þar sem þau unnu einnig verkefni. Hjálpað var til í stærðfræði þar sem þurfti.

Allir voru teknir í stafakönnun í byrjun vetrar og svo þeir sem þurftu aftur um miðjan vetur og í lok vetrar.

Sérkennsla

2.bekkur

Kennari: María Friðgerður Lárusdóttir

Námsefni: Léttlestrarbækur, K-PALS, ýmis lestrarspil, Legó, Orðagull, Alias málörvunarspil og ýmis ljósrit af vefnum Fjölbreyttar kennsluaðferðir fyrir fjöruga krakka.

Námstilhögun: Árgangurinn var með 12 kennslustundir sem var skipt jafnt á milli 9 nemenda. Nemendur komu ýmist einir í lestur eða tveir til þrír í hóp í K-Pals og spil. Unnið var með lestur 4x í viku og málörvun eða sögugerð 1x í viku.

Sérkennsla- ÍSAT

1.-3. bekkur

Kennari: María Friðgerður Lárusdóttir

Námsefni: Íslenska fyrir mig, matur, skólinn, líkaminn, litirnir, tölur, spilið Gefa og taka, Bitsboard, Orðagull, Lestur er leikur, Við lesum, ýmis ljósrit.

Námstilhögun: Nemendur fengu 5 tíma í viku. Hópurinn samanstóð af þremur nemendum sem allir voru nýkomnir til Íslands og enginn talaði íslensku. Þau komu öll frá sitthvorum landinu. Þau komu saman í hóp til sérkennara og unnu verkefni. Unnið var í lesskilning 1-2X í viku og að læra orð/setningar og vinna verkefni eða spila 3-4X í viku.

Sérkennsla

4. bekkur

Kennari: Magnúsína Laufey Harðardóttir

Námsefni: Léttlestrarbækur, K-PALS, ýmis stafaspjöld, orðaspjöld og orðalistar, Leggðu við hlustir, Lestrarspilið, Ég á... hver á..., Sprotabækurnar, ýmis hjálpargögn í stærðfræði, CAT-kassinn, Legósett, Talking partners, ásamt ýmsu efni frá kennara.

Námstilhögun: Árgangurinn var með 11 kennslustundir á viku sem skiptust á milli stærðfræði, lesturs, málörvunar og félagsfærni. Fjöldi kennslustunda fyrir hvert fag var mismunandi yfir veturinn. Einnig var það breytilegt yfir veturinn hvaða krakkar voru í þessum tímum.

Í stærðfræði unnum við í litlum hópum sama efni og verið var að vinna með í árganginum. Einn nemandi var þó með sérefni. Einnig voru nokkrir tímar þar sem unnið var með þrautir og við æfðum okkur í að tala um stærðfræði.

Í lestri var ýmist unnið í litlum hópum eða einstaklingslega. Hóparnir unnu með K-PALS ásamt ýmsu öðru efni til að efla stafabekkingu, hljóðkerfisfærni og lestur. Nokkrir krakkar komu einstaklingslega að lesa eins oft og hægt var.

Hluta af vetri voru myndaðir tveir hópar sem unnu með málörvun í töluðu máli, þar var unnið með aðferðum Lego based therapy. Undir lok vetrar var svo myndaður einn málörvunarhópur þar sem unnið var með námsefnið Talking partners.

Einn nemandi var hluta af vetri í Félagsfærniþjálfun ásamt því að vinna með úthald til verkefnavinnu.

Sérkennsla - ÍSAT

Kennari: Magnúsína Laufey Harðardóttir

Námsefni: Verkefnamappan Tölum saman, Orðagull, Orðasjóður – Námsefni til málörvunar, vinnuheftin Ég vil læra íslensku, ýmsar lestrarbækur og lestrarvinnubækur, Orðaprenna vikunnar, Fallorðaspilið, Stafaspilastokkur, sagnorðaspilið, Junior Alias, Jeepers peepers, Íslenskuspilið, ýmsa spilastokka til málörvunar, Samhljóðar í himingimnum, efni frá kennara sótt af ýmsum vefsíðum.

Námstilhögun: Unnið var í litlum hóp sem tók breytingum yfir veturinn. Mismunandi var hvort viðkomandi var með þrjár kennslustundir á viku eða fimm. Unnið var sérstaklega með ýmis orð og orðhópa, spiluð voru alls kyns málörvunarspil. Í tímunum var mikið talað og ef upp kom umræðuefni um hvað sem er var það gripið á lofti. Þegar skorti íslensk orð í umræðum var gripið til þess að gúggla myndir til að finna rétta orðið og ef allt var komið í þrot var google translate notað. Einnig var mikið lesið og unnin verkefni upp úr textanum.

Sérkennsla - ÍSAT

4. bekkur

2 nemendur, 5 kennslustundir á viku.

Kennari: Iwona Maria Samson

Mikil áhersla var lögð á orðaforða, lestur, lesskilnings og skrift. . Unnið var í námsveri og í aukastofu.

Námsefni:

- Námsefni frá sérkennara.
- Tölum saman – málörvunarkerfi fyrir tvítyngd börn.
- Náms- leiki, til dæmis Lærum og leikum með hljóðin, Georgs leikir, Leikur að orðum.
- Ýmis verkefni frá <https://paxel123.com/is/>
- Léttlestrarbækur.
- Náms-spil, þjálfunarforrit eins og til dæmis Kahoot og Quizlet,
- Efni á RÚV.is

Sérkennsla

5. bekkur

9 nemendur, 5 kennslustundir á viku.

Kennari: Iwona Maria Samson

Tímafjöldi var 5 kennslustundir á viku í stærðfræði, þrír nemendur með aðlagð efni.

Vinna gekk vel og góð samvinna var við umsjónarkennara. Unnið var í með litla hóp í aukastofu eða inni í bekk.

Námsefni:

Stika 1a og 1b.

Aðlagð námsefni.

Námsmat: Nemendur tóku próf úr því námsefni sem þau hafa lokið.

Sérkennsla - ÍSAT

5. bekkur

1 nemandi, 5 kennslustundir á viku.

Kennari: Iwona Maria Samson.

Mikil áhersla var lögð á orðaforða, lestur, lesskilnings og skrift. . Unnið var í námsveri og í aukastofu.

Námsefni:

- Námsefni frá sérkennara.
- Tölum saman – málörvunarkerfi fyrir tvítyngd börn.
- Náms- leiki, til dæmis Lærum og leikum með hljóðin, Georgs leikir, Leikur að orðum.

- Ýmis verkefni frá <https://paxel123.com/is/>
- Léttlestrarbækur.
- Náms-spil, þjálfunarforrit eins og til dæmis Kahoot og Quizlet,
- Efni á RÚV.is

Sérkennsla

6. bekkur

Sérkennari: Berglind Árnadóttir

Námsgreinar: íslenska og stærðfræði

Kennslustundafjöldi: 5 tímar í íslensku og 6 tímar í stærðfræði á viku

Nemendafjöldi: 12 í íslensku og 7 í stærðfræði

Tímabil: allt skólaárið fyrir utan samkomubannið vegna Covið 19 sem var frá 16. mars til 11. maí. Stærðfræðihópurinn byrjaði ekki fyrr en 9. október vegna mygluaðgerða en fyrir þann tíma var nemendum sinnt inni í bekk

Staðsetning: stofa 105, lítið rými á móti 6. bekkjarstofunum og inni í bekk

Námsefni í íslensku: lestrarbækur og heimatilbúið námsefni frá kennara

Námsefni í stærðfræði: Stika 2a og 2b nemendabækur og æfingahefti og heimatilbúið aukaefni frá kennara

Námsmat í íslensku: allir nemendur árgangsins fóru í námsmat á sama tíma. Nemendur tóku þrjú lesfímipróf yfir veturinn og Orðarún að hausti og vori. Stafsetning var inn í íslenskumati

Námsmat í stærðfræði: allir nemendur árgangsins fóru í námsmat á sama tíma. Nemendur tóku kannanir eftir hvern kafla, þær sömu og aðrir tóku eða sem tóku mið af þeirra námsmarkmiðum

Námstilhögun í íslensku: nemendur lásu á hverjum degi fyrir sérkennara í skólanum. Orðaforðavinna, málfræði og stafsetning var tekin samhliða lestrinum ýmist munnlega, skriflega eða bæði. Íslenskukennslan var í formi einkaþjálfunar

Námstilhögun í stærðfræði: nemendur stærðfræðihópsins fylgdu öllum nemendum í árganginum í námsefni, efnisatriðum og könnunum. Þeir fengu áætlun C sem var þannig að þeir þurftu einungis að vinna valin dæmi og aukaefni frá kennara eftir því hvað hentaði hverjum og einum nemanda.

Sérkennsla – ÍSAT

6. bekkur

1 nemandi, 5 kennslustundir á viku.

Mikil áhersla var lögð á orðaforða, lestur, lesskilnings og skrift. . Unnið var í námsveri og í aukastofu.

Námsefni:

Námsefni frá sérkennara.

Tölum saman – málörvunarkerfi fyrir tvítýngd börn.

Náms- leiki, til dæmis Lærum og leikum með hljóðin, Georgs leikir, Leikur að orðum.

Ýmis verkefni frá <https://paxel123.com/is/>

Léttlestrarbækur.

Náms-spil, þjálfunarforrit eins og til dæmis Kahoot og Quizlet,

Efni á RÚV.is

Það var lesið, spurt og spjallað. Mikil áhersla var lögð á lestur og lesskilnings. Mest var unnið með orðaforða sem tengist daglegu lífi nemenda með áherslu á að auka sjálfstraust til að tjá sig á íslensku.

Nemendurnir voru mjög áhugasamir og sýndu mikinn áhuga á námsefni og verkefnum. Þau vildu alltaf koma í ÍSAT – tíma en tóku litlum framförum.

Námsmat: Vinna yfir veturinn og lokapróf (lesskilningur) metin til lokaeyðunnar.

Sérkennsla

7. bekkur

16 nemendur, 11 kennslustundir á viku.

Kennari: Iwona Maria Samson

Tímafjöldi var 5 kennslustundir á viku og 13 nemendur sem þörfuðust sérstakrar aðstoðar í stærðfræði. Höfuðáhersla var lögð á að nemendur fylgi námsáætlunum árgangsins nema einn nemandi var með aðlagð efni í stærðfræði. Unnið var í með litla hópa í námsveri eða inni í bekk.

Tímafjöldi var 6 kennslustundi á viku í lestri, 10 nemendur sem voru undir lágmarks viðmiðum árgangsins í lestrarhraða.

Vinna gekk mjög vel og mjög góð samvinna var við umsjónarkennara.

Námsefni:

Lestrarbækur

Aðlagð námsefni í stærðfræði frá sérkennara

Stíka 3a og 3b og ítarefni frá kennurum

Námsmat: Nemendur tóku sama próf og árgangurinn, nema nemandi með aðlagð efni í stærðfræði sem tók próf úr því námsefni sem hann hefur lokið.

Sérkennsla

8. bekkur

Sérkennari: Berglind Árnadóttir

Námsgreinar: íslenska og stærðfræði

Kennslustundafjöldi: 2 kennslustundir á viku fóru í fjögurra nemenda stráka- og stelpuhóp í íslenska út fyrir bókina. 3 kennslustundir fóru í stærðfræði inni í bekk og 3 kennslustundir í fjögurra nemenda hópa, þar sem hver nemandi fékk 2 kennslustundir á viku í fámennum hópi

Tímabil: allt skólaárið fyrir utan samkomubannið vegna Covid 19 sem var frá 16. mars til 11. maí. Kynjaskiptu hóparnir í íslensku út fyrir bókina byrjuðu ekki fyrr en 9. október vegna mygluadgerða, fram að þeim tíma var nemendum sinnt inni í bekk

Staðsetning: stofa 105 og inni í bekk

Nemendafjöldi: 8 í íslensku og 9 í stærðfræði

Námsefni í íslensku: Árstíðir, Óð hala ringla, Gælur fælur og þvælur, Grannmeti og átvextir, stuttur lestextar, heimatilbúið námsefni og ýmis málörvunarspil

Námsefni í stærðfræði: Skali 1A og 1B nemendabækur og æfingahefti, Almenn stærðfræði fyrir grunnskóla I og heimatilbúið námsefni tengt efniatriðum sem farið var í

Námsmat í íslensku: allir nemendur árgangsins fóru í námsmat á sama tíma. Nemendur tóku þrjú lesfímipróf yfir veturinn og stafsetning var inn í íslenskumati

Námsmat í stærðfræði: allir nemendur árgangsins fóru í námsmat á sama tíma. Nemendur tóku kannanir eftir hvern kafla sem tóku mið af þeirra námsmarkmiðum eða þær sömu og aðrir nemendur tóku

Námstilhögun í íslensku: í íslensku út fyrir bókina voru ekki notaðar hefðbundnar námsbækur heldur heimatilbúið námsefni, ljóða- og sögubækur, málörvunarspil og úrvinnslan var að mestu munnleg. Áhersla var á að auka orðaforða nemenda með lestri, hlustun, spjalli og spilamennsku, einnig að auka færni í málfræði. Í orðaforðavinnu var unnið með yfirheiti orða, orð sem hægt er að lesa áfram og afturábak, margræð orð, nýyrði, farið í orðaleiki og búnar til orðasúpur. Farið var í kynningu á höfundinum Þórarni Eldjárn, fjallað um verk hans, unnið með ljóð hans

og m.a. farið í hugtökin persónugervingar og líkingar. Farið var í munnlega endursögn á stuttum lestextum og spjallað um sögur úr bókinni Árstíðir eftir Karítas Hrundar Pálsdóttur

Námstilhögun í stærðfræði: hver nemandi fékk útprentaða áætlun í stærðfræði fyrir hvern kafla en áætlunin var þannig að í henni voru einungis valin dæmi til að vinna, þar sem ekki var kafað eins djúpt í hvert efnisatriði, einnig var þar aukaefni frá kennara. Árganginum var fylgt hvað varðaði efnisatriði stærðfræðinnar en sumir fengu einnig mikið léttara efni til að glíma við

Sérkennsla

9. bekkur

Sérkennari: Berglind Árnadóttir

Námsgrein: stærðfræði

Kennslustundafjöldi: 4 kennslustundir inni í bekk og 1 kennslustund í einkakennslu á viku

Tímabil: allt skólaárið fyrir utan samkomubannið vegna Covið 19 sem var frá 16. mars til 11. maí

Staðsetning: stofa 105 og inni í bekk

Nemendafjöldi: 6

Námsefni: Skali 2A og 2B nemendabækur og æfingahefti, Almenn stærðfræði fyrir grunnskóla I og heimatilbúið námsefni tengt efnisatriðum sem farið var í

Námsmat: allir nemendur árgangsins fóru í námsmat á sama tíma. Nemendur tóku kannanir eftir hvern kafla sem tóku mið af þeirra námsmarkmiðum eða þær sömu og aðrir nemendur tóku

Námstilhögun: hver nemandi fékk útprentaða áætlun í stærðfræði fyrir hvern kafla en áætlunin var þannig að í henni voru einungis valin dæmi til að vinna, þar sem ekki var kafað eins djúpt í hvert efnisatriði og fyrirmæli stundum útfærð að getu nemenda, einnig var þar aukaefni frá kennara eða léttara efni sem birtist nemendum á Google Classroom eða að nemendur fengu ljósrit. Árganginum var fylgt hvað varðaði efnisatriði stærðfræðinnar en sumir fengu einnig mikið léttara efni til að glíma við

Sérkennsla

10. bekkur

7 nemendur, 5 kennslustundir á viku.

Kennari: Iwona Maria Samson

Tímafjöldi var 2 kennslustundir á viku í stærðfræði, tveir nemendur með aðlagð námsefni frá sérkennara og stærðfræði kennara. Nemendurnir voru áhugasamir, sýndu áhuga á námsefni og góð samvinna var við umsjónarkennara og við kennara í stærðfræði. Unnið var í námsveri eða inni í bekk.

Tímafjöldi var 3 kennslustundir á viku í lestri, 6 nemendur sem voru undir lágmarks viðmiðum árgangsins í lestrarhraða. Unnið var í námsveri.

Námsefni:

Aðalagað námsefni í stærðfræði frá sérkennara og stærðfræði kennara.

Lestarbækur.

Námsmat: Nemendur tóku próf úr því efni sem þau hafa lokið.

Þroskapijálfar

Nemendurnir:

Í vetur hafa 42 nemendur komið til þroskapijálfa í einstaklingstíma eða verið tvö eða þrjú saman, um skemmri eða lengri tíma. Hver tími er 40 mínútur. Fjöldi nemenda hefur verið breytilegur í vetur. Að meðaltali var fjöldinn þessi:

Fimm sinnum í viku	=	1 nemandi
Tvisvar sinnum í viku	=	13 nemendur
Einu sinni í viku	=	28 nemendur
Yngsta sig	=	26 nemendur
Miðstig	=	8 nemendur
Unglingastig	=	8 nemendur
Strákar	=	28
Stelpur	=	14

Að auki er einn nemandi í 3. bekk sem hefur komið þegar tímar hafa fallið niður, samtals 6 tímar á þessu skólaári.

Þroskaþjálfar komu að málum 19 nemenda með því að halda utan um teymi þeim tengd. Í vetur voru það 46 fundir. Þarna er nokkur skörun því að ekki komu allir þessir 19 í tíma hjá þroskaþjálfum og þroskaþjálfar sátu ekki í teyimum allra þeirra 42 nemenda sem komu í tíma.

Þroskaþjálfar hafa einnig setið fundi vegna annarra nemenda.

Áhersluatriði þroskaþjálfra eru félagsfærni, vinafærni, hlutbundin stærðfræði og almennur skilningur á umhverfinu og almenn þekking. Meðal námeftnis er: 101 leið til kenna félagsfærni, Fjárjóðsleitin, Verum vinir, Hvað get ég gert bækurnar, Ráð fyrir kvíðna krakka, CAT kassinn, félagsfærnisögur, Klípusögur, K-Pals, Talking Partners, Orðagull, Leggðu við hlustir, Hugrún (heimspeki efni), Bitsboard í iPad, landakort, ýmis spil og hlutir í nánasta umhverfi.

*Sóley Veturliðadóttir
Birgitta Rós Björnsdóttir*

Náms- og starfsráðgjöf

Skólaárið 2019 til 2020 var starfandi náms- og starfsráðgjafi við grunnskólann í 60% starfshlutfalli. Í upphafi skólaárs voru tekin stutt viðtöl við nemendur í 9. og 10. bekk. Rætt var um áhuga á framhaldsnámi, líðan í skólanum og óútkljáð vandamál, ef einhver, sem upp hafa komið á skólagöngunni. Yfir veturinn voru síðan tekin viðtöl við nemendur á öllum skólastigum vegna hegðunarvanda, vanlíðunar, lítilla framfara í námi eða samskiptaörðugleika. Viðtöl við kennara fóru nær öll óformlega fram á þeirra vinnusvæði eða þar sem næði fékkst til að ræða einslega saman. Rætt var við foreldra eða þeim sendur tölvupóstur með upplýsingum þegar tilefni þótti til. Önnur störf. Náms- og starfsráðgjafi sat nemendaverndarráðsfunði og fundi Heilbrigðisstofnunar Ísafjarðarbæjar með Barna- og unglingageðdeild, auk þess að vera hluti af innra mats teymi grunnskólans. Námsráðgjafi hélt utan um tengslakannanir sem gerðar voru innan allra bekkjardeilda frá 1. upp í 10. bekk og eineltismál skólans og hefur unnið önnur þau störf sem til hafa fallið og stuðla að betri skólagöngu barna í grunnskólanum.

Inga Bára Þórðardóttir, náms- og starfsráðgjafi

5. Sérgreinar

Heimilisfræði

1.bekkur

Í vetur voru nemendur í 1. bekk 22. Þeim var skipt upp í 2hópa og fékk hvor hópur 2 kennslustundir á viku hálfan veturinn. Stuðst var við kennslubókina Gott og gaman en einnig

var notað annað eldra efni við kennsluna. Helstu þættir sem farið var inn á voru almenn heimilisstörf, hvernig börnin geta hjálpað til á heimilum, hvernig við eigum að ganga snyrtilega um og einnig persónulegt hreinlæti. Kynnt voru helstu áhöld, fæðuhringurinn skoðaður og rétt heilmikið um mun á hollum og óhollum mat. Í framhaldi af því var fjallað um tannheilsu og afleiðingar lélegs mataræðis. Nemendur fengu að æfa sig í notkun hnífa og nokkurra einfaldra áhalda. Þau fengu einnig svölítið að kynnst bakstri. Helstu markmið sem unnið var út frá voru að nemendur myndu kynnst einföldum áhöldum í eldhúsi og tileinka sér gildi hollrar næringar. Einnig að nemendur tileinkuðu sér jákvæða hegðun í sambandi við umhverfið og lærðu jákvæð samskipti við borðhald. Ekkert formlegt námsmat.

2.bekkur

Í vetur voru 47 nemendur í 2. bekk. Þeim var skipt upp í 4 hópa í hringekju. Nemendur fengu 2 samfelldar kennslustundir tvisvar í viku á tímabilinu. Bókin Heimilisfræði 2 var notuð í vetur. Megin áherslur í kennslunni voru svipaðar og í 1. bekk en verkleg kennsla þó mikið aukin. Mikil áhersla var lögð á hreinlæti. Nemendur lærðu að vaska upp og ganga frá og fengu heilmikla þjálfun í því. Farið var betur í fæðuhringinn og nemendur fengu að spreita sig á ýmsum einföldum réttum. Helstu markmið kennslunnar voru þjálfun í samvinnu og samskiptum, vinnubrögðum, meðferð áhalda, áhersla á hollustu og heilbrigði og umhverfisfræðsla. Nemendur fengu lokaekunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg markmið.

3.bekkur

Í vetur voru 43 nemendur í 3. bekk. Þeim var skipt upp í 4 hópa í hringekju. Nemendur fengu 2 samfelldar kennslustundir tvisvar í viku á tímabilinu. Bókin Heimilisfræði 3 var notuð í vetur. Helstu markmið kennslunnar voru þau að nemendur þjálfuðust í samvinnu, samskiptum, sjálfstæðum vinnubrögðum, notkun eldhúsáhalda og leikni í heimilisstörfum. Lögð var áhersla á tengsl hollustu og heilbrigðis, mikilvægi hreinlætis og komið var inn á þætti sem falla undir umhverfisvernd. Nemendur fengu lokaekunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg markmið.

4. bekkur

Í vetur voru 43 nemendur í 4. bekk. Þeim var skipt upp í 4 hópa í hringekju. Nemendur fengu tvær samfelldar kennslustundir tvisvar í viku á tímabilinu. Bókin Heimilisfræði 4 var notuð í vetur. Helstu markmið kennslunnar voru þau að nemendur fengju áframhaldandi þjálfun í meðferð áhalda og tækja. Í lok tímabilsins áttu þau að geta matreitt einfalda rétti og bakað eftir einföldum uppskriftum. Nemendur fengu kynningu og nokkra þjálfun í sambandi við helstu hugtök í næringarfræði og tengsl hollustu og heilbrigðis. Þeir áttu að tileinka sér þekkingu varðandi slysaættu á heimilum og helsu bjargir í þeim efnum. Komið var inn á mikilvægi hreinlætis og lögð áhersla á snyrtimennsku jafnt í eldhúsinu sem persónulegt hreinlæti. Umhverfismálum var gert nokkuð hátt undir höfði, flokkun og þess háttar. Nemendur fengu lokaekunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg markmið.

5. bekkur

Í vetur voru 31 nemendur í 5. bekk. Þeim var skipt upp í 3 hópa í hringekju. Nemendur fengu 2 samfelldar, verklegar kennslustundir einu sinni í viku en auk þess eina kennslustund sem nær alltaf var bókleg. Bókin Gott og gagnlegt 1 var notuð við kennsluna. Helstu markmið kennslunnar voru þau að auka leikni nemenda í meðferð áhalda í eldhúsi og þjálfu þau markvisst í matreiðslu, bakstri og góðum vinnubrögðum. Nemendur fengu fræðslu um hvernig varast mætti þær hættur sem geta verið á heimilum. Lögð var áhersla á fræðslu um hollustu og

heilbrigði auk umræðunnar um nauðsyn hreinlætis við matreiðslustörf. Þó nokkur áhersla var lögð á umhverfisvernd og endurvinnslu. Einnig að halda vinnusvæðum, áhöldum og tækjum hreinum, temja sér góða borðsiði og taka þátt í ánægjulegum samskiptum við borðhald. Nemendur fengu lokaekinn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg markmið.

6.bekkur

Í vetur voru 42 nemendur í 6.bekk. Þeim var skipt upp í 4 hópa í hringekju. Nemendur fengu tvær samfelldar kennslustundir tvisvar í viku á tímabilinu. Bókin Gott og gagnlegt 2 var notuð við kennsluna. Helstu markmið kennslunnar voru þau að auka þekkingu á helstu næringarefnum og hlutverkum þeirra. Einnig var áhersla á að nemendur gerðu sér grein fyrir því að rétt fæðuval og góðar matarvenjur hafa mikla þýðingu fyrir góða heilsu. Unnið var með markmið um jákvætt viðhorf til umhverfisverndar. Nemendum voru kynntar helstu þvottaleiðbeiningar á fatnaði, einnig almennt um hreinlæti - að halda vinnusvæðum, áhöldum og tækjum hreinum, temja sér góða borðsiði og taka þátt í ánægjulegum samskiptum við borðhald. Nemendur fengu lokaekinn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg markmið.

7.bekkur

Í vetur voru 32 nemendur í 7.bekk. Þeim var skipt upp í 4 hópa í hringekju. Nemendur fengu 1x2 og 1x1 kennslustundir á viku á tímabilinu. Bókin Gott og gagnlegt 3 var notuð við kennsluna.

Helstu markmið kennslunnar í 7.bekk voru þau að nemendur gerðu sér grein fyrir því að hæfileg næring er ein meginforsenda fyrir andlegu og líkamlegu heilbrigði. Einnig að nemendur gætu matreitt og framreitt einfaldar máltíðir eftir greinargóðum uppskriftum og leiðbeiningum. Áhersla var á góð vinnubrögð og góðar vinnustellingar. Áfram var unnið með umhverfismennt. Nemendur fengu lokaekinn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori.

8.bekkur

Í vetur voru 39 nemendur í 8.bekk. Þeim var skipt upp í 4 hópa í hringekju. Nemendur fengu 2x2 kennslustundir á viku á tímabilinu. Kennslan var að stórum hluta verkleg en einnig var bókleg kennsla að hluta. Bóklegi þátturinn sneri einkum að heilbrigði og velferð í víðu samhengi. Einnig voru góðar umræður og fræðsla í sambandi við sjálfbæra þróun og þá einkum hvað við sem einstaklingar getum gert. Verklega kennslan miðaði að því að gera nemendur sem mest sjálfstæða og sjálfbjarga í sambandi við matreiðslu og bakstur. Lögð var áhersla á snyrtimennsku og gott skipulag. Nemendur fengu lokaekinn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg markmið.

5.-6. og 7.bekkur – val á miðstigi, hræringur

Í vetur voru 47 nemendur í hræringi í heimilisfræði. Valið kallast Matur og menning. Nemendur bökuðu og matreiddu rétti frá ýmsum löndum og fræddust lítillega um legu landanna, matarmenningu þeirra o.fl. Ekkert fómlegt námsmat var í hræringi.

9.og 10. bekkur - val á unglingastigi

Í vetur voru nemendur í heimilisfræðivali á unglingastigi 48 en þar af voru 13 sem komu frá nágrannaskólunum hér í Ísafjarðarbæ. Nemendum var skipt niður í 4 hópa, 2 hópar fyrir áramót og 2 eftir áramót. Hver hópur mætti einu sinni í viku í áttatíu mínútur.

Verklega kennsla var í öllum tímum en auk markmiða um hollustu og heilbrigða lífshætti voru önnur markmið eins og þau að nemendur yrðu sjálfbjarga þegar kæmi að bakstri og matreiðslu,

kynnu að þrifa í kringum sig og fengju tækifæri til þess að þjálfa eigin sköpunarhæfni. Samkvæmt hefðinni bökuðu hausthópar piparkökuhús en því miður féll hið árlega verkefni vorhópanna niður, en það hefur undanfarin ár verið að útbúa köku skreytta með sykurmassa, sem þau hafa síðan tekið með sér heim.

Sérkennsla á unglingastigi – heimilisfræði.

Í vetur voru 9 nemendur í sérkennslu í heimilisfræði á unglingastigi. Nemendur voru valdir í hópinn af ýmsum ástæðum en allir áttu það sameiginlegt að standa að einhverju leiti höllum fæti í námi. Þetta voru 4 nemendur úr 10. bekk, 2 nemendur úr 9. bekk og 3 úr 8. bekk. (Sjá nánar í vorskýrslu um sérkennslu í heimilisfræði).

*Erna Sigrún Jónsdóttir
Guðlaug Jónsdóttir
Sigurrós Eva Friðbjófsdóttir*



Dans

1. bekkur

Í vetur voru 24 nemendur í 1. bekk. Þeim var skipt í fjóra hópa sem voru einu sinni í viku hálf tónlistarskólaárið. Nemendur lærðu almennar dansreglur, að bjóða upp, taka upp hald, grunnspor í dansi, hliðar saman hliðar, hæll, tá, fram og aftur, barnadansa, tvo latin dansa, línudans, leik- og tiskudansa. Farið var í hlustun á takt í tónlist.

Helstu

markmið voru að nemendur gætu hreyft sig frjálsslega við mismunandi tónlist og kæmu fram við hvort annað af virðingu. Eg mæli með að nemendur fái heilt skólaár í dansi.

2. bekkur

Í vetur voru 47 nemendur í 2. bekk. Þau skiptust í þrjá hópa sem voru einu sinni í viku allt skólaárið. Ríftaðir voru upp dansar, hald og almennar kurteisisreglur frá fyrra skólaári. Einnig var farið betur í hlustun á tónlist og kennt hvaða tónlist er notuð við mismunandi dansa. Nemendum var kennt að tengja saman spor í dansi, bætt við danssporum í þeim samkvæmisdönsum sem nemendur höfðu þegar lært, og kenndir aðrir samkvæmisdansa ásamt línudansi og tískudansi, leikdönsum og farið var í Just dance. Helstu markmið voru að nemendur gætu hreyft sig frjálsslega við mismunandi tónlist og að nemendur kæmu fram við hvort annað af virðingu.

3. bekkur

Í vetur voru 45 nemendur í 3. bekk. Þau skiptust í tvo hópa sem voru einu sinni í viku allt skólaárið. Farið var yfir dansa frá fyrra skólaári. Nemendur lærðu tvo samkvæmisdansa og tískudansa. Einnig var haldið áfram með hlustun á takt í tónlistinni og æfingar gerðar, áhersla var lögð á sköpun og nemendur fóru líka í Just dance. Helstu markmið voru að nemendur gætu hreyft sig frjálsslega við mismunandi tónlist og kynnist hvernig er hægt að nýta sér mismunandi hreyfingar og stíla í sköpun. Einnig var lögð áhersla á að nemendur komi fram við hvort annað af virðingu.

4. bekkur

Í vetur voru 44 nemendur voru í 4. bekk. Þeim var skipt í tvo hópa sem voru einu sinni í viku allt skólaárið. Farið var yfir dansana frá fyrra skólaári og haldið áfram að bæta við sporum. Að auki lærðu nemendur hip hop dans, að nýta sér netið (Youtube) við kennslu í dansi og að sækja sér hugmyndir af netinu. Áhersla var lögð á sköpun og nemendum var skipt upp í hópa sem unnu saman. Nemendur unnu að verkefni sem fólst í því að skapa dans fyrir leikskólanemendur og kenna þeim síðan. Verkefnið gekk vel og leikskólanemendur voru mjög ánægðir með framtakið. Reiknað er með að þetta verkefni sé komið til að vera fyrir 4. bekk. Helstu markmið voru að nemendur gætu hreyft sig frjálsslega við mismunandi tónlist, gætu sett saman stutta dansa og kæmu fram við hvort annað af virðingu.

5. 6 og 7. bekkur

Í vetur voru 17 nemendur í 5. - 7. bekk. Þeim var skipt upp í 2 hópa sem voru einu sinni í viku, 9 vikur í senn, svokallaður hræringur.

Nemendur lærðu Hip hop, Street og tískudansa.

Nemendur lærðu hvernig hægt er að nota hreyfingar úr daglegu lífi til að búa til dansa og einnig hvernig er hægt að segja sögu með dansi.

8 -10. bekkur -val

Í vetur voru 9 nemendur í vali. Kennt var einu sinni í viku allt skólaárið.

Kennt var dans úr bíómyndinni Step up revolution, hip hop, street dansar og sköpun.

10. bekkur

Nemendur í 10. bekk fengu 10 tíma uppríftun í gömlu dönsunum og fleiri sporum og dönsunum var bætt við. Foreldrum 10. bekkjar stóð til boða örnámskeið til að rífta upp dansana. Námskeiðið endaði svo með Þorablóti þar sem nemendur dönsuðu við hvort annað og sína gesti. Hlíf Guðmundsdóttir sá um danskennsluna í vetur.

Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir

Íþróttir

Íþróttir 1.-4. bekkur

Kennslan var með hefðbundnu móti, útileikfimi að hausti, innileikfimi frá október til maí og útileikfimi að vori. Kennslan gekk vel, var fjölbreytt og engin teljandi vandræði urðu. Sparkvöllur við lóð grunnskólans var mikið notaður við útikennslu. Á hverju ári fara nemendur 1. bekkjar í hreyfiproskapróf. Í því prófi er ýmislegt tekið fyrir m.a að hoppa, kasta, raða eldspýtum og grípa prik.

Viðfangsefni vetrarins voru fjölbreytt: Boltaleikir, leikir, fimleikar, frjálsar íþróttir, badminton, blak, samvinnuleikir, hugtakaleikir, þol og styrktaræfingar ásamt öðru sem tilgreint er í aðalnámsskrá grunnskóla.

1.-4. bekkur tekur þátt í Norræna skólahlaupinu sem er í september ár hvert. Í maí var haldinn íþrótt og leikjadagur á Torfnesi frá 9:00 – 11:30 og heppnaðist hann vel. Kennarar: Atli Freyr Rúnarsson, Árni Heiðar Ívarsson, Guðný Stefanía Stefánsdóttir og Pétur Már Sigurðsson

Íþróttir 5.-10. bekkur

Kennslan var með hefðbundnu móti, útileikfimi að hausti, innileikfimi frá október til maí og útileikfimi að vori. Aðstaða til íþróttakennslu er mjög góð bæði til úti- og innikennslu á Torfnesi. Farið var yfir fjölbreytt svið í viðfangsefnum vetrarins boltaleiki, fimleika, frjálsar, samvinnuleiki auk þess sem meiri áhersla er lögð á þol- og styrktaræfingar hjá þessum aldurshóp. Þennan vetur var boðið upp á val tímabil sem gekk mjög vel. Einnig var boðið upp á kynningar frá íþróttafélögum innan HSV eins og körfubolta, blak og glímu. 10 bekkur var með 3 íþróttatíma þennan vetur þar sem þau hafa lokið 10 sundstigi. Námsmat fer fram með símati auk prófa í þolgreinum og virkni.

Á hverju skólaári eru ýmsir viðburðir sem eru fastir liðir og má þar nefna Norræna skólahlaupið sem haldið er í september og Íþróttahátíðin í Bolungarvík þar sem keppt er í hinum ýmsu greinum. Í ár var skólunum blandað í lið og heppnaðist það mjög vel. Haldinn var leikjadagur á Torfnesi fyrir 5.-9. bekk þar sem nemendur prófa fjölbreyttar íþróttagreinar eins og boðhlaup og bogfimi. Gekk þessi dagur mjög vel og var mikil virkni hjá öllum stigum. Til stóð að senda lið til keppni í skólahreysti en vegna takmarkana kórónaveirunnar þá féll undankeppnin niður og var ákveðið í samráði nemendur og foreldra að senda ekki lið til keppni með stuttum fyrirvara í lok maí.

Kennarar: Atli Freyr Rúnarsson, Árni Heiðar Ívarsson, Pétur Már Sigurðsson og Nemanja Knezevic.

Sund 1.-4. bekkur:

Unnið var með grunnþætti helstu undaðferða, bringusund, skriðsund, baksund, handa og fótatök æfð, leikir, köfun, grunnþættir björgunar, flot, stunga og annað tilkallandi. Mun meiri áhersla er á tækni og ánægju heldur en hraða og keppni. Töluverðar framfarir nást í sundkennslu á þessum árum og því mikilvægt að börnin mæti vel og ekki sé mikið að falla niður kennsla, því einungis er um að ræða einn tíma á viku. Því var miður að krakkarnir misstu talsvert úr kennslu vegna ástandins. Lögð er áhersla á öruggt og gott umhverfi þar sem öryggi og gleði barnsins er í fyrirrúmi.

Froskalappir eru mjög þýðingamikið kennslutæki hjá þessum aldurshóp og var staðan á þeim góð þetta árið. Tekin var ákvörðun að sundkennsla sé til 1.júní en þá hefst sumaropnun fyrir almenning.

Kennarar: Atli Freyr Rúnarsson, Árni Heiðar Ívarsson og Pétur Már Sigurðsson.

Sund 5.-9. bekkur:

Áframhaldandi kennsla með grunnþætti sundkennslunnar, en gerðar meiri kröfur eftir því sem ofar dregur. Áfram lögð áhersla á öryggi barna og unglinga og verið að höfða til þess að þau fari í sund í frítíma sínum og hafi ánægju af því að vera í vatni. Tímatökur og aðrir færniþættir sem tilgreindir eru í aðalnámsskrá hafðir til hliðsjónar við námsmat. 5. og 9. bekkur fara í fatasund á hverju vori og er mikil spenna fyrir þá tíma. Þá gefst þeim tækifæri til að synda í niðþungum fötum.

Kennarar: Atli Freyr Rúnarsson, Árni Heiðar Ívarsson og Jón Hálfaldán Pétursson.

Í vetur var boðið upp á val í frjálsum íþróttum og skólahreysti í hræringi. Krakkarnir fengu kynningu á grunninum í frjálsum íþróttum og eftir því sem leið á var farið í flóknari æfingar. Gekk það mjög vel og krakkarnir áhugasamir. Kennt var tvöfaldan tíma í hverri viku í 9 vikur í senn. Kennari Guðný Stefánía Stefánsdóttir.



Textílmennt

3. bekkur

Nemendur í 3. bekk saumðu krumma í útlínur á kartoni þar sem þeir voru búnir að gata. Fylltu svo inn í með öðrum litum. Einnig gerðu nemendur draumafangara úr pappadiskum, garni og perlum. Aukaverkefni voru síðan lyklakippur og ýmislegt föndur. Vel gekk að vinna þessi verkefni.

4. bekkur

Nemendur í 4. bekk drógu upp mynd á léreft og lituðu. Settu svo nafnið sitt og bekkinn líka og úr þessu varð handavinnupoki sem nemendur munu nota næstu árin undir handavinnuna sína í textílmennt. Einnig lærðu nemendur að fitja upp og lærðu að prjóna garðapryjón. Svo voru prjónuð föt á bangsa úr flísefni sem nemendur saumuðu síðan eftir að hafa æft sig að sauma

eftir línunum í blöð fyrst. Sumir gerðu fleiri en eina flík á bangsann. Ekki náðu allir að læra að prjóna.

5. bekkur

5. bekkingar prjóna orm þar sem þeir nota þekkingu síðasta vetrar þar sem þeir lærðu að prjóna garðapryjón, en nú bætist einnig við brugðin lykkja (hjá þeim sem réðu við það). Þetta verkefni gekk vel hjá langflestum. Næsta verkefni var saumuð flíshúfa sem allir voru hæstánægðir með. Þriðja verkefnið var svo bútaumspúði með flettisaum.

6. bekkur

Nemendur í 6. bekk sauma út í mjög grófan java þar sem notuð voru útsaumssporin: augnsaumur, fléttusaumur og krosssaumur. Þegar því er lokið sauma nemendur útsaumsstykkið á gallaefni sem er nýtt úr gömlum gallabuxum. Einnig læra nemendur að hekla og hanna eigið verkefni og voru ýmsar hugmyndir; hekla buddu, utan um síma, spilastokk eða það sem þeim datt í hug. Ekki náðu allir að læra að hekla.

7. bekkur

7. bekkingar sauma frjálstan útsaum í filtefni og búa svo til myndaramma úr því. Næsta verkefni eru náttbuxur og síðasta verkefnið er að stensla nafnið sitt á stuttermabol sem nemendur fá hjá kennara. Nafnið eru nemendur búnir að vinna í tölvum í tölvuveri og hefur verið samvinna þar milli textílmenntakennara og tölvukennara. Aukaverkefni var snyrtibudda/pennaveski með crazyquilt aðferð.

8. bekkur

Nemendur fengu val um 3 verkefni; draumafangari, púðaver með mynstri sem nemendur hanna sjálfir og stimpla/mála á og svo naglamynd.

8. – 10. bekkur fatasaumur

Nemendur völdu verkefni í samráði við kennara. Þar má nefna; leggings, bolir, kjólar, buxur ofl.

8.-10. bekkur prjónaval

Nemendur völdu prjónaverkefni í samráði við kennara, flestir prjónuðu eða hekluðu borðtuskur. Þó voru einhverjir nemendur sem prjónuðu ungbarnahúfu, púðaver og lopasokka.

Samantekt

Heilt yfir gengu verkefnin vel í öllum árgöngum, en að sjálfsgöðu setti Covid-19 strik í reikninginn og munu sumir nemendur klára sín verkefni næsta vetur.

Tæknimennt

3.bekkur

Í vetur voru nemendur í 3. Bekk 43. Þeim var skipt upp í 4 hópa í hringekju. Hver hópur fékk 4 kennslustundir á viku á tímabilinu, 2 samfelldar kennslustundir 2 sinnum í viku. Námsgögn voru þau tæki og töl sem henta nemendum í 3.bekk og höfðum til umráða í smíðastofunni. Stuðst var við efni af vefnum og ýmsar bækur hafðar til hliðsjónar við gerð námsefnis. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum, en þegar nemendur kláruðu þau verkefni fengu þeir að vinna frjáls aukaverkefni. Verkefnin sem unnin voru vinabandafléttari, loftknúinn bíll og pennastativ. Einnig fengu nemendur að nýta afgangsefni í frjáls verkefni með það að

markmiði að skapa og æfa sig í notkun ýmissa verkfæra. Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur fengu lokaekinn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori.

4.bekkur

Í vetur voru 31 nemendur í 5. bekk. Þeim var skipt upp í 3 hópa í hringekju. Hver hópur fékk 3 kennslustundir á viku á tímabilinu, 2 samfelldar kennslustundir og eina staka á tímabilinu. Námsgögn voru þau töl og tæki sem henta nemendum í 5. bekk og höfðum til umráða í smíðastofunni. Stuðst var við efni af vefnum og ýmsar bækur hafðar til hliðsjónar við gerð námsefnis. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum, en þegar nemendur kláruðu þau verkefni fengu þeir að vinna frjáls aukaverkefni. Verkefnin sem unnin voru voru andlitsmynd, tímaritabox og frjálst verkefni með það að markmiði að læra og æfa að skipuleggja sig í vinnu. Einnig fengu nemendur að nýta afgangsefni í frjáls verkefni með það að markmiði að skapa og æfa sig í notkun ýmissa verkfæra. Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur fengu lokaekinn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori.

5.bekkur

Í vetur voru 42 nemendur í 6.bekki. Þeim var skipt upp í 4 hópa í hringekju. Hver hópur fékk 4 kennslustundir á viku á tímabilinu, 2 samfelldar kennslustundir og 2 sinnum í viku. Námsgögn voru þau töl og tæki sem henta nemendum í 6. bekk og höfðum til umráða í smíðastofunni. Stuðst var við efni af vefnum og ýmsar bækur hafðar til hliðsjónar við gerð námsefnis. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum, en þegar nemendur kláruðu þau verkefni fengu þeir að vinna frjáls aukaverkefni. Verkefnin sem unnin voru voru andlitsmynd, seriulampi og frjálst verkefni með það að markmiði að læra og æfa að skipuleggja sig í vinnu. Einnig fengu nemendur að nýta afgangsefni í frjáls verkefni með það að markmiði að skapa og æfa sig í notkun ýmissa verkfæra. Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur fengu lokaekinn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori.

6.bekkur

Í vetur voru 31 nemendur í 7.bekki. Þeim var skipt upp í 3 hópa í hringekju. Hver hópur fékk 3 kennslustundir á viku á tímabilinu, 2 samfelldar kennslustundir og eina staka á tímabilinu. Námsgögn voru þau töl og tæki sem henta nemendum í 7. bekk og höfðum til umráða í smíðastofunni. Stuðst var við efni af vefnum og ýmsar bækur hafðar til hliðsjónar við gerð námsefnis. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum, en þegar nemendur kláruðu þau verkefni fengu þeir að vinna frjáls aukaverkefni. Verkefnin sem unnin voru voru andlitsmynd, kistill og frjálst verkefni með það að markmiði að læra og æfa að skipuleggja sig í vinnu. Einnig fengu nemendur að nýta afgangsefni í frjáls verkefni með það að markmiði að skapa og æfa sig í notkun ýmissa verkfæra. Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur fengu lokaekinn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori.

7.bekkur

Í vetur voru 39 nemendur í 8.bekki. Þeim var skipt upp í 4 hópa í hringekju. Hver hópur fékk 4 kennslustundir á viku á tímabilinu, 2 samfelldar kennslustundir og 2 sinnum í viku. Námsgögn voru þau töl og tæki sem henta nemendum í 8. bekk og höfðum til umráða í smíðastofunni. Stuðst var við efni af vefnum og ýmsar bækur hafðar til hliðsjónar við gerð námsefnis. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum, en þegar nemendur kláruðu þau verkefni fengu þeir að vinna frjáls aukaverkefni. Verkefnin sem unnin voru voru andlitsmynd, bók og

frjálst verkefni með það að markmiði að læra og æfa að skipuleggja sig í vinnu. Einnig fengu nemendur að nýta afgangsefni í frjáls verkefni með það að markmiði að skapa og æfa sig í notkun ýmissa verkfæra. Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur fengu lokaekinn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori.

Val unglingastig

Í vetur voru nemendur í trésmíðavali á unglingastigi 24. Þeim var skipt niður í 2 hópa. 12 nemendur fyrir áramót og 12 nemendur eftir áramót. Hver hópur mætti einu sinni í viku í áttatíu mínútur. Námsgögn voru þau töl og tæki sem henta nemendum á unglingastigi og höfðum til umráða í smíðastofunni. Stuðst var við efni af vefnum og ýmsar bækur hafðar til hliðsjónar við gerð námsefnis. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum. Verkefnin sem unnin voru voru lampi, hannaðar af hverjum nemanda fyrir sig og frjálst verkefni með það að markmiði að læra og æfa að skipuleggja sig í vinnu. Einnig fengu nemendur að nýta afgangsefni í frjáls verkefni með það að markmiði að skapa og æfa sig í notkun ýmissa verkfæra. Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur fengu lokaekinn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori.

*Bjarnveig Sigurborg Jakobsdóttir
Harpa Sjöfn Friðfinnsdóttir*

Ýmsar valgreinar

Fablab

Ársskýrsla vegna FabLab kennslu á unglingastigi og miðstigi veturinn 2019-20

Kennarar: Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir og Laufey Eypórsdóttir

FabLab var kennt sem valfag á mið- og unglingastigi. Skráðir voru 43 nemendur á miðstigi sem skiptust í fjóra hópa og á unglingastigi voru 19 nemendur sem skiptust í tvo hópa.

Eva undirbjó kennslu vetrarins fyrir miðstig og Laufey fyrir unglingastig í samstarfi við Þórarinn Breiðfjörð verkefnastjóra FabLab og samvinnan við Þórarinn gekk vel. Samstarfsfundir voru fáir vegna tímaskorts.

FabLab smíðjan er stafræn smíðja sem gerir fólki kleift að skapa hluti í tölvu og framleiða þá í vélunum sem eru á staðnum. Við nýttum vínyskera, laser og þrívíddaprentara, en kennararnir þurfa að fá miklu meiri tíma til að læra á stóru útsögunarvélina og rafeindafræsarann. Nemendur fá fræðslu um hugsanleg áhrif smíðjunnar á samfélagið okkar og hugsjónirnar á bakvið slíka smíðju. Farið er yfir hlutverk okkar í smíðjunni og þá ríku þörf að við hjálpumst að, sýnum þolinmæði, reynum að finna út úr hlutunum sjálf og kennum hvort öðru það sem við lærum, ásamt því að koma fram við fólkið og umhverfið af virðingu. Það gekk þokkalega og nemendur stóðu sig almennt vel í þessum tímum. Þau þurftu oft að bíða lengi eftir aðstoð og það er greinilega þörf fyrir að hafa annaðhvort tvo kennara í þessum tímum eða fækka í hópunum svo það séu að hámarki 8 nemendur í hópnum. Kennararnir tóku þá ákvörðun að nýta hluta af sínum undirbúningstíma til að mæta með hvor annarri í tímana til að aðstoða þegar tækifæri gafst. Nemendur voru flestir þakklátir fyrir að hafa fengið tækifæri til að læra á FabLab, mættu tímanlega í kennslustundirnar og vildu helst ekki fara í lok tímans. Eins urðu þau mjög svekkt ef tími féll niður. FabLab kennslan féll niður á Covid tímabilinu og þeir hópar sem áttu að vera á þeim tíma misstu af næstum allri sinni kennslu þar.

Sumir vildu mæta í FabLab á almenningstímum og kennarar hvöttu þau eindregið til að fá foreldrana með sér á almenningstíma, sem sumir gerðu! Það tekur talsverðan tíma að læra á tækin, nemendur voru mjög áhugasamir en þrátt fyrir það eiga þau erfitt með að tileinka sér vinnubrögðin.

Nemendur lærðu á Inkscape forritið og vínyskera til að gera límmiða. Í laser unnu nemendur í plexígler, stein, MDF, tré og pappa þar sem mynd var röstuð eða teikning skorin út. Ekki gafst tækifæri til að kenna notkun ljós díóða sem nemendur hefðu tengt við batterí og lært svolítið í rafmagnsfræði. Áætlað er að vinna þannig verkefni næst vetur. Nemendur lærðu aðeins um nýsköpun og þróun hugmynda. Á unglingastigi voru unnin verkefni unnin í vínyskera, laser og þrívídd. Nemendur höfðu frjáls efnistöð og nýttu hönnunarferli til að ákveða og útfæra hugmyndir sínar.

Í ár fengum við heimsókn frá starfsnemum frá Finnlandi og nemendum frá Lýðskólanum á Flateyri sem aðstoðuðu við kennsluna annað slagið og kynntu FabLab verkefni sín.

Efniskostnaði var haldið í algeru lágmarki en nemendur fengu að prenta í vínýl, MDF og þrívídd (plast), sem skapar kostnað.



Slökun og hugleiðsla

8.-10. bekkur

Kennari: Katrín Sif Kristbjörnsdóttir

Fjöldi nemenda: 12, þar af 10 stelpur og 2 strákar

Nemendur fengu 2 kennslustundir á viku á vorönn. Kennslan fólst í teygju- og liðkunaræfingum, öndunaræfingum, leiddum slökunaræfingum, rólegri slökunartónlist, Mandala teikningum og göngutúrum. Vegna samkomubanns og skólalokunar vegna Covid-19 misstum við marga tíma í slökun og hugleiðslu. Námsmat byggði á ástundun

Næringarfræði

8. - 10. bekkur

Kennari: Katrín Sif Kristbjörnsdóttir

Námsefni: Ráðleggingar um mataræði frá Embætti landlæknis og glærur frá kennara
Fjöldi nemenda: 20, þar af 14 stelpur og 6 strákar

Nemendur fengu 2 kennslustundir á viku á haustönn. Farið var yfir ýmis grunnatriði í næringarfræði, svo sem orkuefnin, vítamín og steinefni, sykur og koffín, umbúðalestur og næringu í íþróttum. Gerð var verkleg skynmatsæfing. Nemendur gerðu skrifleg verkefni sem tengdust námsefni hvers tíma. Í desember þreyttu nemendur lokapróf úr öllu námsefni áfangans.

Katrín Sif Kristbjörnsdóttir

Tæknilegó

Kennari: Jón Hálfaldán Pétursson

Tæknilegó var kennt í hræringi fyrir 5.-7.bekk og var skipt á fjögur tímabil yfir skólaárið. 6-14 nemendur sátu kennslustundir á hverju tímabili þ.e. 8-9 vikur hvert tímabil. Covid-19 setti strik í reikninginn þar sem að hópar í lotu 3 og 4 fengu ekki eins margar kennslustundir og hópar í lotum 1 og 2.

Aðalviðfangsefnin voru:

- að vekja eða auka áhuga nemenda á vísindum og tækni.
- að þjálfast í grunnforritun
- að þjálfast í vinnu rannsóknarverkefna
- að þjálfast nemendur í samvinnu
- smíði á vélmenni úr tölvustýrðu Lego
- forritun vélmennisins

Jón Hálfaldán Pétursson

Tækniráð

Kennari: Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir

Í tækniráði voru 14 nemendur þar af 10 drengir og 4 stúlkur. Nemendur fengu eina kennslustund í viku. Verkefnin voru mismunandi, þau lærðu að gera upp snúrur, þrifa ljós, hengja, tengja og stilla ljós, nota ljósaborð og uppfæra það. Farið var í hvað þarf að hafa í huga þegar lýstar eru leiksýningar annars vegar og böll hins vegar. Þau lærðu að tengja saman hátalara og bassabox við mixer. Í tækniráði fer fram mikil jafningjafræðsla.

Tækniráð sá um 5. böll í vetur, ásamt 1. des leikriti, litlu jólin, lýsingu og hljóð á þorablóti venja er að sjá um árshátíðina, sem féll niður vegna aðstæðna. Varðandi tækjabúnað: Á næsta ári þarf að fylgjast með tækjum og snúrum vegna viðhalds, þar sem þau eru komin til ára sinna.

Það þarf að endurnýja sviðið og tjöldin framan á sviðinu. Tækjalisti er inni á sameign.

Ekki mæli ég með að upptaka á árshátíðaratriðum sé í höndum þeirra sem sjá um tæknivinnu og árshátíð í heild sinni.

Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir

D&D (Drekar og dýflissur)

Kennari: Laufey Eypórsdóttir

D&D var kennt sem valfag á unglingastigi tvær kennslustundir í viku alla haustönnina. Nemendur voru 12 og skiptust í tvo spilahópa.

Margir af þeim nemendum sem skráðu sig í fagið standa höllum fæti í félagslegum samskiptum og lýstu þau ánægju sinni með að hafa kynnst nemendum sem hafa lík áhugasvið. Þau reyndu að koma af stað spilahóp utan skóla en gekk það erfiðlega. Þau vildu flest halda áfram í D&D tímum næsta vetur og reyna aftur að koma spilahóp á laggirnar. Gaman væri að fá aðila sem hafa spilað þetta í tómstundum sínum til að koma og spjalla við hópinn næsta vetur.

Þar sem þetta valfag var kennt í fyrsta sinn í vetur, tók sinn tíma að útbúa gögn og aðlaga efni að hæfni nemenda svo undirbúningstími varð talsvert meiri en þegar valfag er kennt mörg ár í röð. Enn er eftir að vinna talsvert mikið í að útfæra valfagið þegar það verður kennt næst og mætti taka tillit til þess varðandi undirbúningstíma. Efniskostnaði var haldið í algeru lágmarki. Laufey útbjó einfaldað efni til að byrja með og nýtti tilbúin ævintýri og gögn úr spílakössum sem voru fengnir að láni. Það væri betra að kaupa tvo kassa með byrjendasettum og fleiri verplasett sem væru í eigu skólans.

Laufey Eypórsdóttir



Ítalska

8.-10. bekkur

Kennari: Katrín Sif Kristbjörnsdóttir

Námsefni: Kennsluhefti útbúið af kennara, ýmis smáforrit og myndefni

Fjöldi nemenda: 10, þar af 8 stelpur og 2 strákar

Nemendur fengu 2 kennslustundir á viku á haustönn. Farið var yfir ýmis grunnatriði í ítölsku, svo sem ítalska stafrófið, framburðarreglur, einfaldar setningar, orðaforða og málfræði. Námsmat byggði á verkefnahefti nemenda, lokaprófi og ástundun.

Næringarfræði

8.-10. bekkur

Kennari: Katrín Sif Kristbjörnsdóttir

Námsefni: Ráðleggingar um mataræði frá Embætti landlæknis og glærur frá kennara

Fjöldi nemenda: 10, þar af 3 stelpur og 7 strákar

Nemendur fengu 2 kennslustundir á viku á vorönn. Farið var yfir ýmis grunnatriði í næringarfræði, svo sem orkuefni, vítamín og steinefni, sykurlaust og koffín, umbúðalestur og næringu í íþróttum. Vegna samkomubanns og skólalokunar vegna Covid-19 misstum við marga næringarfræðitíma. Ákveðið var því að sleppa lokaprófi og einblína frekar á að fara yfir námsefni vetrarins. Námsmat byggði því á verkefnum nemenda og ástundun.

6. Fagteymi

Íslenskuteymi

Teymið var skipað: Auði Yngvadóttir, Árnýju Herbertsdóttir, Jóni Heimi Hreinssyni, Marzenu Glodkowska og Völu Friðriksdóttur. Fundað var á þriðjudögum þegar teymisfundir voru.

Alþjóðlegur dagur læsis var 8. september. Lestarlota var í skólanum á svipuðum tíma. Hugmyndir voru sendar á kennara og þeim gert að útfæra sína lestrarlotu. Byrjendalæsi hélt áfram á yngsta stigi. Magnúsína Laufey Harðardóttir er með umsjón yfir byrjendalæsi.

Lesfímipróf voru lögð fyrir alla nemendur skólans í september, janúar og maí. Þeir nemendur sem höfðu ekki náð viðmiðum Menntamálastofnunar voru einnig prófaðir í nóvember og mars. Niðurstöðum er skilað inn á vef skólagáttar og er miðað við viðmið Menntamálastofnunar fyrir hvern árgang fyrir sig. Herdís Hübner er með umsjón og er tengiliður skólans við Menntamálastofnun vegna þessara prófa.

Lesskilningsprófin Orðarún af vef Mentor voru lögð fyrir í 3.-8. bekk einu sinni að hausti og einu sinni að vori.

Fjögur framsagnarpróf, fyrir 4. – 7. bekk, eiga að rúlla í fyrirlögn, til þess að ekki þurfi að fara í vinnu á hverju vori með að finna efni í próf og setja upp. Þessi próf eru inni á sameign.

Stóra upplestrarkeppnin og Litla upplestrarkeppnin voru settar í Hömrum 18. nóvember á degi íslenskrar tungu af skólastjóra.

Stóra upplestrarkeppnin

Framkvæmd:

Fagstjórar í íslensku sáu um að útvega dómara í bekkjarkeppnina og umsjónarkennarar 7. bekkjar prenta út blöð fyrir dómarana.

Bekkkjarkeppnin var haldin í febrúar og dómarar voru: Árný Herbertsdóttir og Guðbjörg Halla Magnadóttir.

Skólakeppnin var haldin í byrjun mars, Jón Heimir Hreinsson og Herdís Hübner voru dómarar fyrir hönd skólans.

Lokakeppnin fór fram í Hömrum um miðjan mars. Skóla - og fjölskyldusvið sá um undirbúning.

Litla upplestrarkeppnin var ekki haldin að þessu sinni vegna COVID 19 og lokunar skólans.

Snillingakeppnin var ekki haldin að þessu sinni vegna COVID 19 og lokunar skólans.

Læsisstefna Ísafjarðarbæjar var yfirfarin enda þarf hún alltaf að vera í endurskoðun.

Það hefur verið í gangi sú vinna að safna upplýsingum um hvaða námsefni væri kennt í hverjum árgangi en lokun skólans vegna COVID 19 setti strik í reikninginn og vinnan mun halda áfram og skýrsla verður aðgengileg inn á sameign til að nýir kennarar hafi einhvern gagnabanka sem þeir geta gengið í þegar þeir hefja störf við skólann.

Íslenskuteymið hefur áhuga á að skólinn geri sér stefnu í skrift. Á yngsta stigi er verið að kenna skrift og hver og einn bekkjarkennari velur hvaða leið skuli farin. Í íslenskuteyminu eru kennarar af yngsta stigi, auk eins af miðstigi og þeir hafa áhuga á að samræma þessa skriftarvinnu þannig að allir nemendur vinni samræmt í skrift, frá upphafi skólanámsins til enda. Ítaliúskrift er kennd en þó með mismunandi áherslum. Sumir kennarar kenna gömlu Skrift 1-9 bækurnar á meðan aðrir nota Ítaliúskriftarbækur. Þetta er hvoru tveggja Ítaliúskrift en Skrift 1-9 er með skriftarkróka en í Ítaliúskrift er tengt strax. Við tókum saman nokkra þætti um Ítaliúskrift sem ýta undir kennslu í þeim bókum en það er ekki þar með sagt að hinar nýtist ekki því þetta er sama skriftin með örlitlum áherslumun.

Ítaliúskrift er:

- Skemmtilegri í vinnu
- Skriftarhreyfingin er æfð á margvíslegan máta
- Krothefti útbúin

- Heimavinnuhefti,
- Sama skrift með smá áherslumun
- Tengiskrift byrjar strax og verður nemendum tamari
- Auðvelt að nota Skrift 1-9 í framhaldi eða með Ítalíuskrift
- Kenna skrift í stuttum lotum, u.þ.b. 20 mín. í senn en helst daglega

Tillaga okkar væri að byrja að kenna Ítalíuskrift eftir að nemendur ljúka við Lestrarlandið, oftast væri miðað við eftir áramót í 1. bekk. Heimavinnuhefti færi samt ekki heim fyrr en eftir að innlögn stafa er lokið og lokið væri við sögubækurnar. Eftir að heimavinnuhefti lýkur fara Ítalíuskriftarbækurnar að fara heim en þannig að ef nemandi væri með 1a í skólanum þá byrjaði hann á 2b í skólanum og 1b færi heim. Heimavinnan ætti ekki að vera mikil og ekki heil blaðsíða í einu. Þessar bækur ættu að duga í skrift á yngsta stigi en ef kennarar þurfa fleiri bækur má alltaf nota Skrift 1- 9 og velja við hæfi hvers og eins nemanda. Eins er hægt að benda á bækur sem heita Góður-betri-bestur og eru fyrir örvhenta.

Rætt var um að það þyrfti að gera einhvers konar gátlista um það hvað hver árgangur ætti að kunna í íslensku við lok skólaárs. Myndi það gera starf íslenskukennara þægilegra við námsmat í lok árs ef þeir gætu gengið að upplýsingum vísuð um kröfur; hvort sem sá gátlisti yrði unnin upp úr viðmiðum skólans eða með hliðsjón af námsefni nema hvoru tveggja væri.

Mikið var rætt um hlutverk teymisins, sérstaklega þar sem mjög margt af því sem flokkast undir íslenskukennslu í skólanum er í umsjón annarra. Það væri gott að geta sest niður með skólastjórnendum við upphaf næsta skólaárs til að setja niður drög að því hvert hlutverk teymisins ætti að vera. En allir í teyminu eru sammála um að full þörf er á því að hafa „íslenskuteymi“ (eða ábyrga aðila fyrir þeim þáttum sem fara fram í íslenskunni) starfandi í skólanum á hverju skólaári. eymið misskildi aðkomu sína að vinnu í námsskránni í íslensku og COVID 19 lokunin setti líka strik í reikninginn þar. Til að þessi vinna geti orðið markviss þurfa að vera kennarar af öllum stigum í þessu teymi.

*Auður Yngvadóttir
 Árný Herbertsdóttir
 Jón Heimir Hreinsson
 Marzena Glodkowska
 Vala Friðriksdóttir*

Tungumálateymi

Teymið fór yfir Aðalnámskrá grunnskóla og bárum saman við skólanámskrár G.Í. sem varðar erlend tungumál. Við sjáum ekki ástæðu til að hafa sér námskrá fyrir Grunnskólann og leggjum við til að stuðst verði við hæfniviðmið og lykilhæfni Aðalnámskrár grunnskóla í öllum bekkjum þar sem kennsla erlendra tungumála fer fram.

Nokkur munur er á fjölda kennslustunda í ensku og dönsku og hallar á dönskuna. Þar sem dönskukunnátta nemenda er í flestum tilvikum lakari fyrir en enskukunnátta þá er í raun ekki hægt að komast lengra en að ná markmiðum annars stigs samkvæmt Aðalnámskrá þó markmið Aðalnámskrár geri ráð fyrir að þau standi jafnfætis enskunni.

Einnig skoðuðum við námsefni í ensku og dönsku. Námsefnið í dönsku er í nokkuð góðu ásigkomulagi og uppfært reglulega, en námsefni í ensku er orðið nokkuð úrelt og þyrfti að uppfæra, en það skrifast á Menntamálstofnun. Rætt var um ráð til úrbóta og niðurstaðan var sú að best væri að vinna verkefni sem samræmdust áhugasviði og styrkleika nemenda og einnig

nokkur stór hópverkefni sem hægt væri að samþætta í ensku og dönsku. Til að þetta komist til framkvæmda þyrfti að gera ráð fyrir samstarfi og mynda samfellu í starfi þeirra er koma að tungumálakennslu í Grunnskólanum á Ísafirði.

Arna Björk Sæmundsdóttir, Bergljót Halldórsdóttir, Kristín Ólafsdóttir og Smári Rafn Teitsson

Vinaliðateymi

Markmið þessa teymis er að halda utan um vinaliðaverkefnið sem Grunnskólinn á Ísafirði er þátttakandi í. Fastir fundir eru einu sinni í mánuði en á tveggja vikna fresti er fundað með nemendum. Einnig hafa verið óformlegir fundir á skólatíma þegar þess þarf. Mætingin á fundina mætti vera betri. Fjárfest var í nýju dóti í vetur m.a. stórum bláum bolta, vestum og skotboltum. Eitthvað er þó farið að minka á dótinu aftur og mætti m.a. panta nýtt víkingakubba sett og fleiri skotbolta.

Nýr verkefnastjóri er tekin við Vinaliðaverkefninu og kom hún vestur tvisvar sinnum á þessu skólaári. Þar fór hún yfir hlutverk vinaliða, ásamt fræðslu, leikjum og hugmyndafræði verkefnisins með nemendum.

Vinaliðaverkefnið er metið með skólastjórnendum eftir hvert ár og það metið hvort tilgangi verkefnisins sé náð.

Meðlimir vinaliðateymis 2019-2020 Atli Freyr Rúnarsson, Árni Heiðar Ívarsson

Upplýsingatækni

Kennarar í upplýsingateyminu eru: Erna Sigrún Jónsdóttir, Guðbjörg Halla Magnadóttir og Jón Hálfán Pétursson

Teymið kom saman fimm sinnum skólaárið 2019-2020 þar sem að farið var yfir og rædd tækni- og upplýsingamál skólans.

Fundargerðir vetrarins:

10.09 2019

Fórum yfir markmið og endurskoðun á skólanámskrá, afhent miðstigskenndu til umsagnar.

15.10.2019

Útbjuggum könnun á notkun tölvuvers og iPada hjá kennurum skólans. Einnig spurt um kerfi í notkun og markmiðssetningu. Sent kennurum í pósti.

28.11 2019

Faglegur fimmtudagur – kynning á smáforritum.

Kennurum í grunnskólum Ísafjarðarbæjar og Bolungarvíkur boðin þátttaka. Kynnt var notkun á smáforritunum Thatquiz, Seesaw og Padlet. Mjög góð þátttaka. Erna Sigrún hitti seinna kennara frá grunnskólanum á Suðureyri og kynnti þeim smáforritið Seesaw.

03.03 2020

Farið yfir niðurstöður könnunar á notkun tölvuvers og Ipad hjá kennurum skólans.

Upp kom hugmynd um að vera með „Smáforrit mánaðarins“ og fyrsta appið verður kynnt 5.mars 2020. Vinnustofa verður í framhaldinu 19.mars 2020.

19.05 2020

Viðraðar hugmyndir sem teymið gæti tekið að sér næsta skólaár. M.a. að teymið marki framtíðarsýn fyrir skólann í upplýsinga- og tæknimálum.

Teymið hvetji sem flesta kennara skólans til að taka þátt í UTÍS online sem fram fer næsta haust.

Teymið er mjög spennt fyrir því að kynna sér BreakOut, og jafnvel í framhaldinu að skólinn festi kaup á slíku.

Teymið ásamt kennurum útbúi skjal um það hvað hver árgangur eigi að kunna, nota eða þekkja. Þ.e.a.s í tengslum við Ipada, forrit til notkunar í Ipada og borðtölvum.

Náttúru- og stærðfræðiteymi

Í upphafi voru þetta tvö teymi, annars vegar náttúrugreinar og hins vegar stærðfræði, bæði voru fámenn og því voru þau sameinuð. Haldnir voru 6 fundir á þriðjudögum eftir hádegi.

Teymið skipuðu Bryndís Bjarnason, Guðný Harpa Henrysdóttir, Helga Aðalsteinsdóttir, Jóhanna Ása Einarsdóttir, Katrín Björnsdóttir og Katrín Sif Kristbjörnsdóttir.

Byrjað var á að fara yfir hæfnimarkmið Aðalnámskrár í stærðfræði og þegar þeirri vinnu lauk var farið yfir náttúrufræðina. Ætlunin var að fara í stefnumótun í raungreinum þegar þessari vinnu væri lokið en vegna heimsfaraldurs gafst ekki tími til þess

Uppbyggingarteymi

Teymið hittist fimm sinnum í vetur og í því áttu sæti; Ástrún Jakobsdóttir, Bjarnveig Jakobsdóttir/Harpa Sjöfn Friðfinnsdóttir, Fríða Rúnarsdóttir, Guðlaug Jónsdóttir, Guðný Stefánía Stefánsdóttir, Kristín Berglind Oddsdóttir, Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir og Sveinfríður Olga Veturliðadóttir.

Á fyrsta fundi var rætt um hvert við viljum stefna með uppbyggingarstefnuna í skólanum. Meðlimir voru sammála því að við ættum að halda áfram og til þess að það gæti orðið þyrfti að gera vinnuna sýnilegri og hafa fræðslu fyrir starfsmenn.

Byrjað var á handbók fyrir starfsmenn þar sem til stendur að safna saman á einn stað öllum þeim verkefnum sem á að gera með hverjum árgangi, og ýmsa fræðslu til starfsmanna. Haldið verður áfram með hana næsta vetur.

Í tilefni nemendapings í 6.10. bekk á degi gegn einelti þann 8. nóvember, stóð teymið fyrir því að árgangar í 1.-5. bekk höfðu nemendaping yngri barna og útkoman varð þarfahringur fyrir hvern árgang.

Teymið er sammála um að nauðsynlegt sé að hafa uppbyggingarteymi til að geta haldið áfram að vinna með uppbyggingarstefnuna.

7. Ýmsar skýrslur

Bókasafn Grunnskólans á Ísafirði

Starfsemi bókasafnsins veturinn 2019-2020 var með hefðbundnu sniði, ef hægt er að tala um hefðbundið á þessum tímum.

Safnkosturinn er allur skráður í tölvukerfið Gegni. Útlán bóka fer einnig í gegnum þetta kerfi.

Á haustin og vorin eru ákveðnir álagstímar á bókasafninu, þegar afgreiðsla og skil bóka/námsbóka stendur yfir.

Allar námsbækur og gögn frá Menntamálastofnun koma á bókasafnið til frágangs og undirbúnings fyrir notkun. Nemendur í 7.-10. bekkjar fá námsbækur afhentar á bókasafninu. Í vetur ákváðum við að gera tilraun með það, að skrá ekki einstaka námsbók á hvern nemanda, heldur lána bókabunka óskráðan inn í skólastofur. Forvitnilegt verður að sjá hvort skil á námsbókum verða betri/verri en áður. Talning á námsbókum fer alltaf fram á skólasafninu á hverju vori.

Skil á lestrarbókum og námsbókum mættu vera betri og eru alltaf þónokkrar bækur sem þarf að afskrifa, vegna þess að þær skila sér ekki frá nemendum.

Það þyrfti að gera átak í því að gera nemendur ábyrgari fyrir því að skila því sem þau fá að láni. Mikil heimilda- og verkefnavinna fer alltaf fram á bókasafni og er það gert í samstarfi við kennara í hverri grein eða árgangi fyrir sig.

Frístund hjá nemendum í 1.-4. bekk hefur verið á skólabókasafninu, nú sjötta árið í röð og tekist vel. 3.-4. bekkur er frá 11-11.40 og 1.-2. bekkur frá 12-12.40. Hingað koma að hámarki 10 nemendur til að lesa, spila, teikna, spjalla og gera verkefni. Þetta lífgar mikið upp á starfið á bókasafninu.

Mikið og gott samstarf hefur alltaf verið við Bæjarbókasafnið. Nemendur hafa reyndar farið mun minna í heimsóknir á Bæjarbókasafnið þennan veturinn, vegna covid-19 faraldursins, heldur en áður. Einnig hafa kennarar fengið töluvert af bókum í millisafnaláni frá safninu.

Bókasafnsfræðingur sér um innkaup á bókum til safnsins. Fjármagn til bókakaupa var stórbætt á þessu almanaksári og vonandi að það horfi til betri tíma með bókakaup. Barna- og unglingabækur hafa verið að hækka í verði og því dýrara að búa safnið bókakosti til yndislestrar fyrir nemendur.

Bókagjafir hafa verið þónokkrar frá hinum ýmsu velunnurum skólabókasafnsins í bæjarfélaginu. Ég vil sérstaklega nefna 50 þúsund króna peningagjöf frá Kvenfélaginu Hvöt, sem við fengum nú á vormánuðum Kunnum við þeim hinar bestu þakkir fyrir. Það er gott að vita af því að fólk hugsar hlýtt til okkar, þegar við þurfum á því að halda.

Aðföng:

Veturinn 2019-2020 voru keyptir eða gefnir titlar alls 412.

Þar af voru gefnir titlar og titlar fyrir úthlutunarkvóta frá Menntamálastofnun 151.

Þannig að þeir titlar sem skólasafnið keypti fyrir eigið fjármagn voru 261.

Afskrifaðir titlar voru 145 (mikil tiltekt átti sér stað í útlánum, þ.e. afskriftir á bókum sem ekki hafa skilað sér frá nemendum og starfsfólki).

(Inni í þessum tölum eru; skáldsögur, fræðibækur)

Opnunartími:

Safnið er opið mánudaga-föstudaga frá kl. 8-15. þ.e. 35 tímar á viku.

Starfsfólk í vetur:

Carolon Ursula Kraus bókavörður

Kolbrún Guðjónsdóttir bókavörður

Rannveig Halldórsdóttir bókasafnsfræðingur

Rannveig Halldórsdóttir



Nemendaverndarráð

Haldnir voru 9 fundir um málefni 22 barna eða um 6 % nemenda. Fundina sátu að jafnaði frá skólanum skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjórar og námsráðgjafi. Einnig sátu fundina fulltrúi barnaverndar, skóla- og tómstundasviðs og skólahjúkrunarfræðingur. Til viðbótar voru fundir með barnageðteymi þar sem fjallað var um málefni barna með sérstaklega erfið frávík. Þá fundi sátu fulltrúar heilsugæslu, skólahjúkrunarfræðingur, námsráðgjafi og deildarstjóri sérkennslu.

Beiðnir um sérfræðiþjónustu sem fóru fyrir nemendaverndarráð fyrir skólaárið voru 31. 26 þeirra voru til sálfræðinga og fimm til talmeinafræðings.

Nemendaverndarráð er einnig líka starfandi sem eineltisteymi og komu fimm tilkynningar um einelti. Umsjónarkennarar unnu eineltismálin með sínum nemendum og kláruðu þau.

Elisabet Lorange kom og var með sjálfstyrkingarnámskeið í 8. bekk í september. Hún fór inn í kennslustundir hjá 1.-3. bekk og var svo með ráðgjöf fyrir kennara og starfsfólk dægradvalar í kjölfarið. Einnig hitti hún foreldra sömu barna. Í lok febrúar kom hún svo og fór í 10. bekk.

Skólaráð

Skólaráð var stofnað við GÍ í október 2009. Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Fulltrúar í skólaráði eru skipaðir í tvö ár í senn, tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi annars starfsfólks, tveir fulltrúar foreldra, tveir fulltrúar nemenda og skólastjóri. Fulltrúar sl. vetur voru Kristín Oddsdóttir kennari, Guðný Stefania Stefánsdóttir kennari, Violetta Maria Duda stuðningsfulltrúi, Dagný Finnbjörnsdóttir foreldri, Petra Hólmgímsdóttir foreldri, Hörður Christian Newman nemandi, Sigrún Aðalheiður Jóhannsdóttir nemandi, Guðmundur Kristjánsson fulltrúi úr nærsamfélaginu og Sveinfríður Olga Veturliðadóttir skólastjóri. Ráðið fundaði fjórum sinnum yfir veturinn og voru helstu verkefni að fara yfir skólanámskrá, starfsáætlun og skóladagatal. Einnig voru kynnt fyrir ráðinu önnur verkefni í skólanum svo sem sjálfráttstækið Gæðagreinar, drög að reglum um skólasókn ofl.

Fjárhagsáætlun skólans

Fjárhagsáætlun grunnskóla Ísafjarðarbæjar er hluti af fjárhagsáætlun bæjarins. Framsetningin er samkvæmt fyrirmynd um reikningsskil sveitarfélaga nr. 790/2001. Áætlun þessi er svokölluð rammaáætlun þar sem tekjum og gjöldum er skipt í bundna og óbundna liði. Heimilt er að breyta upphæðum óbundinna liða þannig að ef einn útgjaldaliður hækkar verður annar að lækka á móti til að kostnaður samtals hækki ekki umfram viðmiðunarmörk áætlunarinnar. Fjárhagsár skólans er almanaksárið eins og í öllum almennum rekstri.

Endurskoðuð áætlun fyrir árið 2018 var 696.551.525 kr. Þegar upp er staðið var staðan í árslok 702.206.431 eða 5.654.906 kr. yfir áætlun. Þessi mismunur er aðallega vegna launa og launatengdra þátta.

Eftirfarandi verkefni og búnað þarf að hafa í huga við næstu fjárhagsáætlunargerð:

Endurnýjun á nemendahúsgögnum, 3-4 kennslustofur á ári.

Kaupa þarf 2-3 skjávarpa á ári þar sem þeir ganga úr sér.

Einnig 2-3 tölvur fyrir starfsmenn.
Gera ráð fyrir ípada í einn árgang, endurnýjun á ípöðum á yngsta stigi og endurnýjun á nokkrum ípöðum fyrir kennara.
Kaffistofa starfsmanna þarfnast gagngerrar endurnýjunar.
Endurnýja þarf skrifborðsstóla í vinnuherbergi.
Hjólagrindur vantar við skólann.
Pússa og lakka þarf gólfið á sviðinu.
Ný tjöld vantar í salinn.
Kaupa tvær harmonikkuhurðir.
Bóna skólann – af fagmanni
Pappírstætari

Starfsmarkmið 2019-2020

1. Að styrkja samstarf heimila og skóla

Leiðir: Leitast verður við að upplýsingar til heimila berist á markvissan og samræmdan hátt þannig að auðvelt sé fyrir foreldra að nálgast þær. Lögð verður áhersla á að bjóða foreldrum á uppskeruhátíðir í skólanum þar sem nemendur kynna verkefni sín fyrir foreldrum. Kennarar skipuleggja heimsóknir foreldra í kennslustundir.

Mat: Gæðagreinar 2.5 og 2.7 verða lagðir fyrir starfsmenn og að hluta til fyrir foreldra.

Samantekt: Gæðagreinar 2.5 og 2.7 voru lagðir fyrir starfsmenn eingöngu en sérútbúin könnun var lögð fyrir foreldra. Í gæðagreinunum kemur fram að við náum ekki að virkja foreldra nógu vel til þátttöku í námi barna sinna og einnig er lítil endurgjöf samstarfsaðila til skólans. Í foreldrakönnuninni kemur fram að foreldrar sjálfir meta þátttöku fjölskyldna í skólastarfinu ekki nægilega góða.

2. Að styðja við kennara við að mæta þörfum fjölbreytts nemendahóps

Leiðir: Gert er ráð fyrir að allir kennarar taki þátt í námskeiði í ágúst um kennslu í fjölmennningarlegu samfélagi. Kennarar sem kenna íslensku sem annað mál miðla námsefni til og að þeir nýti þau úrræði og efni sem til eru.

Mat: Fundir tvisvar yfir árið með öllum kennurum þar sem farið er yfir hvernig gengur og hvaða bjargar eru.

Samantekt: Námskeiðið um kennslu í fjölmennningarlegu samfélagi var haldið í ágúst en það stóð ekki undir væntingum. Það var engin viðbót við það sem við höfum verið að gera. Stoðteymi skólans, sem skipað er sérkennurum og þroskaþjálfum, fundaði reglulega yfir veturinn. Á þeim fundum var farið yfir stöðu nemenda og upplýsingum miðlað um þá nemendur sem víkja hvað mest frá námskrá.

3. Að endurskoða og uppfæra skólanámskrá skólans.

Leiðir: Fagteymi kennara verða sett á fót með það að markmiði að lesa saman og uppfæra skólanámskránnar. Stefnt er að því að ljúka endurskoðuninni fyrir áramót.

Mat: Uppfærð skólanámskrá á heimasíðu skólans.

Samantekt: Vinnunni er ekki lokið í öllum greinum og hafði Covid-19 áhrif á þá vinnu þar sem margir teymisfundir féllu niður. Þetta verður unnið áfram á næsta skólaári og verður vonandi lokið um áramót.

4. Að bæta samskipti nemenda sín á milli og við starfsfólk.

Leiðir: Nemendabíng verður haldið á degi eineltis 8. nóvember í 5.-10. bekk.. Á þinginu verða samskipti innan skólans tekin fyrir t.d. samskipti nemenda sín á milli og samskipti nemenda og starfsfólks.

Mat: Niðurstöður þingsins.

Samantekt: Nemendaþingið var haldið á tilsettum degi. Á þinginu var unnið með skilgreiningar á hvað eru góð samskipti og hvað eru ekki góð samskipti og af hverju þau skipta máli. Einnig ræddu nemendur hvað þeir geta gert til að bæta samskiptin og hvað starfsmennirnir geta gert. Þingið gekk mjög vel og niðurstöðurnar kynntar fyrir starfsfólki og nemendum og unnið með niðurstöðurnar í bekkjunum.

5. Að skipuleggja matseðla í mötuneyti skólans með hliðsjón af ráðleggingum landlæknisembættis og jafnframt taka upp nýtt skráningarkerfi.

Leiðir: Matráður, í samstarfi við næringarfræðing, endurskoðar matseðlana. Hægt verði að sjá næringarinnihald og samsetningu máltíða á síðu skólans. Einnig verði athugað með nýtt skráningarkerfi.

Mat: Niðurstöður Skólapúlsins.

Samantekt: Næringarfræðingur og matráður lögðu drög að matseðlum vetrarins með hliðsjón af ráðleggingum landlæknisembættis. Nýtt skráningarkerfi var ekki tekið upp og er það í skoðun hjá fjármálastjóra bæjarins. Í opnum svörum nemenda í Skólapúlsinum má sjá að nokkurar óánægju gætir hjá nemendum með matinn en það eru líka nokkur ánægja með matinn. Í könnun skólans hjá foreldrum kemur einnig fram nokkur óánægja með mötuneytið og í opnum svörum má sjá að óánægjan snýr að hljóðvist og gæslu að mestu leyti.

Samræmd próf

Samræmd könnunarpróf í 7. bekk fóru fram 26. og 27. september í 4. bekk og 19. og 20. september í 7. bekk. Prófin voru rafræn og var prófað í tvennu lagi, annar bekkurinn í einu. Nokkrir nemendur með stuðningsúrræði voru í öðrum stofum. Þetta fyrirkomulag gafst vel og próftakan gekk vel í báðum þessum árgöngum. Samræmd próf í 9. bekk fóru fram 10. 11. og 12. mars og gekk fyrirlögn prófanna vel. Heildarniðurstöður árganganna eru eftirfarandi:

Normaldreifðar einkunnir þar sem landsmeðaltal er 30, 4. bekkur

	GÍ	Landið
Stærðfræði	27,4	30
Íslenska	26,0	30

Normaldreifðar einkunnir þar sem landsmeðaltal er 30 7. bekkur

	GÍ	Landið
Stærðfræði	27,7	30
Íslenska	28,7	30

Normaldreifðar einkunnir þar sem landsmeðaltal er 30 9. bekkur

	GÍ	Landið
Stærðfræði	29,1	30
Íslenska	28,1	30
Enska	29,3	30



Það má geta þess að árangurinn í 9. bekk í stærðfræði er sá besti frá árinu 2013, í íslensku frá árinu 2014 og í ensku frá 2009. Árangurinn í íslensku í 4. bekk er ekki eins og við hefðum kosið en kemur ekki á óvart þar sem þetta er árangurinn sem lenti hvað verst í myglunni, þeim

var kennt í einum hóp á bókasafninu í nokkra mánuði og það var ekki fyrr en í september að árgangurinn var kominn í sínar stofur. Við sáum það strax í fyrravor að t.d. hafði lestrarhraði minnkað í árganginum.

Forföll nemenda

Samkvæmt því sem skráð hefur verið í mentor hefur ástundum nemenda við skólann verið sem hér segir skólaárið 2019-2020.

Nemendur hafa komið 1871 sinnum of seint eða 5 skipti að meðaltali á hvern nemanda. Fjarvistir úr kennslustundum hafa verið 1426 eða að meðaltali 4 fjarvistir á hvern nemanda. Leyfis dagar hafa verið 2111 eða að meðaltali 6 dagar á hvern nemanda og veikindadagar 2116 eða 6 dagar á hvern nemanda. Bæði leyfi og veikindi eru umtalsvert færri en árið áður og má gera ráð fyrir að það sé vegna Covid-19. Fjarvistir eldri nemenda eru mun meiri en þeirra yngri eins og sjá má á eftirfarandi myndum.



Forföll starfsfólks

Samkvæmt skráningum er fjarvera starfsmanna eftirfarandi skólaárið 2019-2020.

	Dagar	Hlutfall pr. starfsmann
Veikindi starfsmanna	638	9,1
Langtímaveikindi (+30 dagar)	255	
Veikindi barna starfsmanna	120	1,7
Persónuleg leyfi	441	6,3
Námsleyfi	52	0,7
Önnur störf fyrir skólann (án nemenda)	12	
Samtals:	1518	21,7
Samtals að frádregnum langtímaveikindum:	1263	18,0

Kennslustundir sem felldar voru niður vegna fjarveru kennara voru 2921. Forfallakennsla var veitt í 2700 þeirra tíma eða 92% tilvika.

Samstarf Grunnskólans og leikskólanna

Samstarf Grunnskólans og leikskólanna er í nokkuð föstum skorðum. Að öllu jöfnu koma nemendur í væntanlegum 1. bekk koma í þrjár skólaheimsóknir. Í vor setti Covid-19 strik í reikninginn og komu nemendur aðeins í tvær formlegar heimsóknir, fyrst með kennurunum sínum að skoða skólann og í seinni heimsókninni komu þeir með foreldrum sínum og hittu verðandi kennara sína. Þeir hafa unnu með þeim ákveðin verkefni. 7. bekkingar og verðandi 1. bekkingar áttu svo skemmtilegan dag saman í lok skólaársins. Leikskólanemendurnir á Tanga hafa borðað í mötuneyti skólans eftir að Tangi opnaði í kjallara Tónlistarskólans.

Á vorin eru skilafundir þar sem aðilar leikskólans skila upplýsingum varðandi nemendur og gengi þeirra til grunnskólans.

Starfsmannasamtöl

Starfsmannasamtöl eru vettvangur fyrir skoðanaskipti og eiga að bæta tengsl starfsmanns og yfirmanns. Tilgangur með starfsmannasamtölum er að gefa stjórnendum og starfsmönnum tækifæri til að ræða starfið og gagnkvæmar væntingar. Að starfsmaður verði betur búinn undir að takast á við framtíðarverkefni. Að huga að þroska starfsmanns og þróun viðfangsefna hans til lengri tíma. Að meta þörf á fræðslu.

Allir starfsmenn skólans eiga rétt á slíku viðtali og geta óskað eftir að koma í viðtal til ákveðins stjórnanda að öðru leyti skipta stjórnendur með sér verkum.

Aðkeypt þjónusta

Skólinn fær sérfræðiþjónustu af Skóla- og tómstundasviði Ísafjarðarbæjar varðandi greiningar og stuðning við nemendur og starfsfólk. Einnig keypti skólinn þjónustu Tungumálavers

Laugalækjarskóla fyrir nemendur sem læra annað tungumál en dönsku. Túlkaþjónusta er keypt af Fjölmennningarsetri og einnig þarf stundum að kaupa þjónustu iðnaðarmanna vegna ýmissa smáverkefna.

Skrifstofa Grunnskólans á Ísafirði

Ritari á skrifstofu skólans er einn, Hafdís Jónsdóttir í 100 % starfi. Skrifstofan er opin alla daga frá 7:45 til 15:45.

Helstu verkefni á skrifstofunni hafa verið símsvörun, móttaka og upplýsingagjöf bæði til nemenda, foreldra, samstarfsmanna og gesta. Ritari skráir forföll nemenda og sér um skráningar í mötuneyti skólans. Einnig sér hann um skjalavörslu samkvæmt persónuverndarlögum. Ritari hefur einnig umsjón með skrifstofuvörum skólans, s.s. ritföngum og pappír sem og innkaupum á þeim sem, einnig sér hann um innkaup á ritföngum nemenda.

8. Samvinna og tengsl við aðila utan skólans

Grunnskólinn á Ísafirði hefur átt gott samstarf við ýmsa aðila utan skólans. Þeir voru helstir í vetur:

Barna og unglingageðdeild Landspítala (BUGL): Nemendum með alvarleg hegðunar-vandkvæði eða tilfinningalega erfiðleika er vísað á BUGL til greiningar og/eða meðferðar.

Björgunarfélag Ísafjarðar: Nemendur í 8.-10. bekk fá þátttöku sína metna sem val.

Bæjarbókasafnið: Bekkir fóru í heimsókn yfir allan veturinn og fóru á jólasýningu. Nemendur kynntu sér sumarlestur bókasafnsins og skráðu sig mörg til leiks.

Dægradvöl: Nemendur í 1.-3. bekk geta sótt dægradvölinu eftir að skóla lýkur. Íþrótt- og tómstundafulltrúi hefur umsjón með rekstrinum.

Elfar Logi Hannesson: Sýndi leiksýninguna um Iðunni og eplin fyrir yngsta stigið.

Fablab: Kennsla fer fram í valgreinum bæði á mið- og unglingastigi.

Fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf: Er eigandi alls húsnæðis og sér um viðhald og endurnýjun á því.

Ferðapjónusta fatlaðra: Sér um akstur fyrir fatlaða nemendur skólans.

Félagsmiðstöðin Djúpið: Er rekin af íþrótt- og tómstundaráði bæjarins. Félagsmiðstöðin er opin nemendum unglingastigs á skólatíma, síðdegis og nokkur kvöld í viku. Mikið samstarf er við félagsmiðstöðina, t.d. Samfés söngvakeppnin, 1. des hátíðin og ýmislegt annað félagsstarf nemenda. Nemendaráð skólans starfar í tengslum við félagsmiðstöðina og skipuleggur starf hennar í samstarfi við forstöðumann.

Foreldrafélag G.Í.: Sá um hrekkjavökuball skólans.

Golfklúbbur Ísafjarðar: tók á móti 7. bekk og kenndi þeim undirstöðuatriðin í golfi í maí.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins (GRR): Börn með alvarlega námserfiðleika og þroskafrávik fá í flestum tilvikum greiningu á GRR. Aðilar frá GRR voru með fræðsluerindi fyrir starfsfólk.

Grunnskólar Ísafjarðarbæjar: Samstarf milli grunnskóla í Ísafjarðarbæ er með ýmsum hætti. Sameiginleg námskeið fyrir kennara og starfsfólk skólanna hafa verið haldin. Skólastjórnendur fundu um það bil einu sinni í mánuði ásamt sviðsstjóra skóla-og tómstundasviðs.

Grunnskóli Bolungarvíkur hélt íþróttahátíð þar sem nemendur víða af Vestfjörðum öttu kappi.

Háskóli Íslands - menntavísindasvið: Skólinn tekur árlega á móti kennaranemum í æfingakennslu.

Háskólinn á Akureyri: Samstarf vegna byrjendalæsis og kennaranema.

Heilbrigðisstofnun Ísafjarðarbæjar: Heilsugæsla skólans er á vegum heilbrigðisstofnunar og er hjúkrunarfræðingur í hlutastarfi við skólann alla daga vikunnar.

Hólar í Dýrafirði: tóku á móti 3.bekk í sveitaferð.

HSV: Samstarfsaðili vegna frístundar – íþróttaskólinn.

Hversdagssafnið: 7.bekkur setti upp sýningu í tengslum við gamalt dót.

Höfundarmiðstöð RSÍ: Býður upp á dagskrá Skáld í skólum. Í ár komu Vilhelm Antonsson og Linda Ólafsdóttir og fóru með nemendur í ævintýraleiðangur um undraheima bókmenntanna.

Ísfirðingafélagið í Reykjavík: Hefur í mörg ár veitt útskriftarnema peningaverðlaun fyrir lofsverða ástundun og virka þátttöku í félagsstarfi.

Ísafjarðarkirkja: Kirkjan hefur tekið á móti þeim bekkjum(árgöngum) sem þess óska og kynnt fyrir þeim starfið í kirkjunni. Skólaslit GÍ fara einnig ávallt fram í kirkjunni.

Íslandsbanki: Tók á móti nemendum í 10. bekk og fræddi þá um fjármál.

Kiwanis klúbburinn á Ísafirði: Færir 1. bekkjum reiðhjólahláma.

Kvenfélagið Hlíf: Veitir nemendum í 10. bekk viðurkenningar fyrir verk- og listgreinar.

Landsbanki: Tók á móti nemendum í 10. bekk og fræddi þá um fjármál.

List fyrir alla: Bauð 3.-5. bekk upp á tónverkið Djákninn frá Myrká.

Listaskóli Rögnvaldar: Nám við skólann fæst metið sem val í 9. og 10. bekk.

Leikskólarnir Eyrarskjól, Sólborg og Eyrarsól: Grunnskólinn og leikskólarnir hafa með sér samstarf sem miðar að því að viðhalda góðum tengslum og samvinnu á milli skólastiganna. Nemendur 1.bekkja fara í heimsóknir á leikskólana og elstu nemendur leikskólanna koma í skólaheimsóknir á vorin

Lögreglan: Var með fræðlu fyrir nemendur á miðstigi.

Melrakkasetrið í Súðavík: Tóku á móti 2. bekk og 9. bekk að vori

Menntaskólinn á Ísafirði: MÍ býður 10. bekkjum í námskynningu.

Náttúrustofa Vestfjarða, Bolungarvík: 2. og 5. bekkur hafa farið mörg undanfarin ár í safnið og unnið verkefni.

Rauði kross Íslands bauð nemendum 6.-7. bekkjar upp á námskeiðið Börn og umhverfi sem valgrein í hræringi.

Rótarý – klúbbur Vestfjarða: Veitir nemendum í 8.-10. bekk viðurkenningar fyrir ástundun og framfarir.

RÚV: Nemendur 7.bekkjara tóku þátt í Krakkasvarinu og nemendur í 5. bekk

Safn Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri: Tekur á móti 8. bekk á hverju ári.

Sjóferðir Hafsteins og Kiddýjar fluttu nemendur og fararstjóra á Hesteyri vegna haustferðar 10. bekkja.

Skíðasvæði Ísafjarðarbæja: Gott samstarf er á milli skíðasvæðisins og skólans vegna skíðaferða nemenda.

Skógræktarfélag Ísafjarðar: Nemendur í 6. bekk hafa gróðursett plöntur í vorferð og sett niður um 150 plöntur frá Yrkjusjóði.

Skólabúðirnar að Reykjum Hrutafirði: Nemendur í 7. bekk hafa farið í mörg undanfarin haust í skólabúðirnar.

Skóla- og tómstundasvið: Hefur rekstrarlegt og faglegt eftirlit með starfsemi skóla Ísafjarðarbæja. Skóladeild veitir eftirfarandi sérfræðipjónustu; einstaklingsþjónusta - greining og úrræði. T.d. sálfræðileg og kennslufræðileg greining námsvandamála og greining samskipta og hegðunarvandamála. Sérkennsluráðgjöf og aðstoð við áætlanagerð. Handleiðsla og ráðgjöf til starfsfólks skóla og foreldra.

Slökkvilið Ísafjarðarbæja: Slökkviliðsmenn heimsækja 3. bekkinga og eru með eldvarnafræðslu. Samstarf vegna rýmingaræfinga og starfskynninga. Sér um eldvarnareftirlit í skólanum. 4. bekkur fékk að fara með á rúntinn á slökkvibílum.

Tónlistarskóli Ísafjarðar: Grunnskólinn fær mjög oft aðgang að Hömrum, sal tónlistarskólans. Dagur íslenskrar tungu er haldinn 16. nóvember þar sem allir nemendur koma saman í hópum. Lokakeppni stóru upplestrarkeppninnar í 7. bekk er haldinn í Hömrum.

VáVest: Stýrihópur um vímuefnaforvarnir. Skipulagði sjálfstyrkingarfræðslu frá foreldrahúsi.

Þjóðminjasafn Íslands: Leikjakista í láni fyrir 2.bekk.

Vestfirskar ævintýraferðir: Sjá um áætlunarakstur og skólaakstur, ásamt akstri í ýmsar ferðir á vegum skólans.

Auk þess hafa mörg fyrirtæki í Ísafjarðarbæ tekið á móti nemendum í 10. bekk í starfskynningu og þökkum við fyrir það.

Lýkur hér þessari yfirferð yfir helstu atriði skólastarfsins veturinn 2019-2020 Svona samantekt getur aldrei verið tæmandi en er vonandi góð heimild um skólastarfið í heild sinni.

Sveinfríður Olga Veturliðadóttir, skólastjóri